

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild

„I said up my job yesterday“

*Samræmast viðhorf Íslendinga til eigin
enskufærni raunveruleikanum?*

Ritgerð til MA-prófs í íslenskri málfræði

Max Naylor

Kt.: 210790-4119

Leiðbeinendur: Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson

júní 2017

Ágrip

Staða ensku á Íslandi hefur styrkst til muna undanfarin ár og sumir hafa fært rök fyrir því að Íslendingar séu að verða tvítyngd þjóð. Þessi ályktun byggist á mati margra Íslendinga á eigin enskufærni, en fyrri rannsóknir hafa sýnt að margir ofmeta færni sína í ensku.

Í þessari ritgerð er mat Íslendinga á eigin enskufærni kannað og tilraunir gerðar til að setja þetta sjálfsmat í samhengi við raunveruleikann með því að prófa enskufærni þátttakenda í sömu könnun. Þátttakendur voru prófaðir á skilningi og yfirfærslu úr íslensku yfir á ensku í formi eyðufyllingarprófs.

Forkönnun var framkvæmd á málhöfum með ensku að móðurmáli til að meta gildi prófefnis. Niðurstöður forkönnunarinnar verða jafnframt notaðar til að gera samanburð á enskufærni Íslendinga og færni innfæddra enskumælandi málhafa. Einnig verður kannað hvort félagslegar breytur eins og kyn og aldur skipti máli fyrir mat á eigin enskufærni. Því hefur verið haldið fram að karlmenn séu líklegri til að ofmeta kunnáttu sína í ýmsum fögum. Auk þess hefur verið sýnt fram á í fyrri rannsóknum að yngri einstaklingar eru líklegri til að ofmeta enskufærni sína en þeir sem eldri eru því þeir hafa ekki enn fengið nægileg tækifæri til að æfa virka enskukunnáttu á mismunandi notkunarsviðum.

Í ljós kom að karlar voru líklegri en konur til að gefa enskufærni sinni einkunn á jaðrinum (þ.e. 9 eða 10) þótt hlutfall karla og kvenna sem mátu enskufærni sína sem 8 eða hærri („mjög góð enskufærni“) á kvarða frá 1 upp í 10 hafi verið svipað. Ekki var marktækur munur milli kynja hvað varðar árangur í prófhlutum könnunarinnar og hlutfall þeirra sem töldu sig vera með mjög góða enskufærni var svipað. Þegar á aldur var litið kom í ljós að þeir sem eru undir 35 ára aldri voru líklegri til að ofmeta enskufærni sína en myndin var töluvert blandaðri þegar þátttakendum var skipt upp eftir menntunarstigi. Háskólagengnir þátttakendur bjuggu yfir raunhæfara sjálfsmati á enskufærni en óháskólagengnir í skilningsprófinu en mynstrið var öfugt í yfirfærsluprófinu.

Formáli

Þessi ritgerð er hluti af öndvegisverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem styrkt er af Rannsóknasjóði Íslands. Höfundur fékk þriggja mánaða styrk til verkefnisins.

Efnisyfirlit

Töfluskrá	6
Inngangur	7
1 Um stöðu ensku og íslensku á Íslandi og fyrri rannsóknir	8
1.1 Erlent mál eða annað mál?	8
1.1.1 Samanburður við ensku í öðrum löndum	9
1.2 Enskufærni Íslendinga í norrænu samhengi	11
1.3 Ógnir við íslensku	12
1.3.1 Tölvunotkun Íslendinga	12
1.3.2 Fjölmiðlar á ensku	15
1.3.3 Enska í háskólum	16
1.3.4 Ferðaþjónusta	17
1.4 Að meta stöðu íslensku í dag	20
1.5 Fyrri rannsóknir á enskufærni Íslendinga og viðhorfum til ensku	23
1.5.1 Rannsóknir á íslenskum nemendum	23
1.5.2 Rannsóknir á ensku í viðskiptum	29
1.5.3 Ályktanir	30
1.6 Rannsóknarspurningar	31
2 Könnun	34
2.1 Forrannsóknir	34
2.1.1 Forkönnun	34
2.1.2 Spjallþráður á Reddit	36
2.2 Aðferð	39
2.3 Uppbygging könnunarinnar	41
2.4 Setningar	43
2.4.1 Skilningshluti	43
2.4.2 Yfirfærsluhluti	45
2.5 Þátttakendur	48
3 Niðurstöður	50
3.1 Viðhorf til eigin enskukunnáttu	50
3.2 Skilningur	52
3.2.1 Samanburður við innfædda enskumælandi málhafa	54
3.3 Yfirfærsla	56
3.3.1 Samanburður við innfædda enskumælandi málhafa	58
3.4 Samband milli færnimats og raunfærni	60

3.4.1	Áhrif kyns	63
3.4.2	Áhrif aldurs	64
3.4.2	Áhrif menntunarstigs	65
3.5	Aðrar niðurstöður	66
3.5.1	Um félagslegan þrýsting	67
3.5.2	Um skilning á mismunandi tegundum ensku	67
3.5.3	Búseta í enskumælandi landi	69
4	Umræða	70
	Lokaorð	75
	Heimildaskrá	77
	Viðauki I: Ítarlegri niðurstöður	83
	Viðauki II: Könnunarspurningar	85
	Viðauki III: Forkönnun fyrir innfædda enskumælandi málhafa	94

Töfluskrá

1	Tíu mest heimsóttu vefsíður á Íslandi	13
2	Niðurstöður úr skilningshluta forkönnunar	36
3	Niðurstöður úr yfirfærsluhluta forkönnunar	36
4	Aldursdreifing þátttakenda í aðalkönnun	48
5	Sjálfsmat þátttakenda í aðalkönnun á eigin færni í ensku	50
6	Niðurstöður úr skilningshluta aðalkönnunar	52
7	Samanburður á niðurstöðum skilningshluta úr aðalkönnun og forkönnun	54
8	Niðurstöður úr yfirfærsluhluta aðalkönnunar	57
9	Samanburður á niðurstöðum yfirfærsluhluta úr aðalkönnun og forkönnun	58
10	Færni í ensku og fjöldi réttra svara	61
11	Niðurstöður úr prófhlutum og sjálfsmat	62
12	Niðurstöður úr prófhlutum og sjálfsmat eftir kyni	63
13	Niðurstöður úr prófhlutum og sjálfsmat eftir aldri	64
14	Niðurstöður úr prófhlutum og sjálfsmat eftir menntunarstigi (≥ 25 ára)	65
15	Niðurstöður fyrir setningar með falskri yfirfærslu eftir menntunarstigi	66

Inngangur

Meginmarkmið þessarar meistararitgerðar er að safna gögnum um hvernig Íslendingar meta sína eigin færni í ensku og kanna að hversu miklu leyti það mat samræmist raunfærni þeirra í ensku. Ritgerðin skiptist í fjóra kafla ásamt inngangi, lokaorðum, heimildaskrá og þremur viðaukum.

Fyrsti kafli fjallar um stöðu íslensku og ensku á Íslandi í dag og setur hana í norrænt og alþjóðlegt samhengi. Hinar ýmsu ógnir við íslensku verða einnig til umræðu í sama kafla, svo sem tölvunotkun Íslendinga og aukinn straumur ferðamanna til landsins. Síðast í fyrsta kaflanum eru rannsóknarspurningar kynntar. Þær miða að því að kanna hvort Íslendingar ofmeti enskukunnáttu sína og hvort félagslegar breytur, eins og kyn, aldur og menntunarstig málhafa, hafi áhrif á mat þeirra. Einnig verður samband milli góðs sjálfsmats og raunverulegrar enskukunnáttu skoðað. Auk þess verður umfang yfirfærslu úr íslensku skoðað og kannað hvort hún sé mismikil eftir aldri og menntunarstigi málhafa. Annar kafli fjallar um rannsóknaraðferðina, forkönnunina og niðurstöður hennar, uppbyggingu könnunarinnar og setningarnar sem voru prófaðar. Einnig verða lykiloggn um þátttakendur kynnt. Í þriðja kaflanum eru niðurstöður aðalkönnunarinnar kynntar. Fyrst verða skoðuð viðhorf og þá niðurstöður úr skilnings- og yfirfærsluprófum. Tengsl milli sjálfsmats og raunfærni verða skoðuð ítarlega. Umræða um niðurstöðurnar fer fram í fjórða kaflanum og ritgerðinni lýkur svo með samantekt og lokaorðum. Ítarleg gögn úr könnuninni eru sýnd í fyrsta viðaukanum. Skoða má forkönnunina og aðalkönnunina í heild sinni í seinni tveimur viðaukunum.

1 Um stöðu ensku og íslensku á Íslandi og fyrri rannsóknir

Staða ensku á Íslandi hefur verið til umræðu í fjölmiðlum og fræðigreinum í auknum mæli á undanförunum árum. Umræðan hefur að mestu leyti snúist um það að enska sækir á á kostnað íslensku, sérstaklega hjá yngri kynslóðum. Ástæður slíkrar þróunar eru bæði margar og flóknar en meðal helstu áhrifavalda má nefna ríkjandi stöðu ensku sem samskiptamáls milli þjóða í menntun og viðskiptum (Birna Arnbjörnsdóttir 2011), yfirráð ensku í ýmis konar fjölmiðlum sem Íslendingar skoða, hvort sem um bækur, kvikmyndir, sjónvarpsþætti eða vefsíður er að ræða (Birna Arnbjörnsdóttir 2007:54) og notkun ensku í snjalltækjum, svo sem sínum og spjaldtölvum (Eiríkur Rögnvaldsson 2016). Þá má nefna að blómstrandi ferðamannaíðnaður á Íslandi, þar sem samskipti fara í miklum mæli fram á ensku, kann einnig að hafa áhrif (Eiríkur Rögnvaldsson 2016:23).

1.1 Erlent mál eða annað mál?

Vert er að rifja upp hugtökin *erlent mál* og *annað mál* þegar staða ensku á Íslandi er til skoðunar. Erlent mál er tungumál sem er kennt í landi þar sem það er ekki notað í daglegum samskiptum. Annað mál er hins vegar mál sem er notað til samskipta, oft í daglegu lífi, þótt það sé ekki móðurmál þeirra sem það nota og hafi ekki endilega bein landfræðileg, söguleg eða menningarsöguleg tengsl við landið þar sem það er notað. Munurinn á erlendu máli og öðru máli felst líka í *tegund* (e. *type*) og *umfang* (e. *amount*) áreitis frá málinu sem er til umræðu (Birna Arnbjörnsdóttir 2007:54).¹

Opinberlega er enska skilgreind sem erlent mál á Íslandi og hefur sú skilgreining einkennt mennta- og málstefnu ríkisins. Birna Arnbjörnsdóttir (2007:75) hefur þó fært rök fyrir því að enska sé nær því að vera annað mál á Íslandi en erlent mál— röksemdarfærsla sem var ítrekuð í fræðigrein hennar og Hafdísar Ingvarsdóttur (2014:181) um notkun ensku í Háskóla Íslands. Nánar verður fjallað um rannsóknir Birnu og fleiri í kafla 1.5.

¹ Í þessari ritgerð eru orðin *erlent mál* og *annað mál* notuð í sömu merkingu og ensku orðin „foreign language“ og „second language“. Þessi greinarmunur er ekki alltaf gerður á íslensku en er mikilvægur efni þessarar ritgerðar, þannig að hér á að túlka íslensku orðin á sama hátt og þau ensku. Nokkurt fordæmi er fyrir að nota íslensku orðin á þennan hátt, sbr. t.d. Birnu Arnbjörnsdóttur (2008:19).

Íslendingar jafnt sem aðrir Norðurlandabúar hafa samkvæmt yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda „góða kunnáttu í ensku á alþjóðavísu“ (*Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda*:53). Í sama skjali kemur fram að kennsluefni í vísindum eigi að vera aðgengilegt bæði á ensku og heimamáli þess lands sem kennsluefnið er gefið út í. Samt sem áður er 90% af því kennsluefni sem er notað á háskólastigi á Íslandi á ensku (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010:3). Enska er enn kennd sem erlent mál á framhaldsskólastigi þótt talsvert mikið námsefni sé á ensku þar en þegar nemendur koma á háskólastig virðist gert ráð fyrir að enska sé nær því að vera annað mál en erlent mál þar sem megnið af námsefninu er á ensku í flestum fræðigreinum.


Enska er auk þess yfirleitt notuð í samskiptum við ferðamenn, erlenda gesti og innflytjendur sem hafa ekki tileinkað sér íslensku og notkun netmiðla á ensku er orðin daglegt brauð hjá mörgum Íslendingum. Munurinn á erlendu máli og öðru máli á Íslandi sést vel þegar enska er borin saman við dönsku, sem er ekki notuð daglega af meirihluta Íslendinga, þótt hún sé skyldufag í íslenskum skólum. Danska er „það mál sem kenna á til að efla norræna samkennd [Íslendinga]“ (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2012:20–21). Flestir Íslendingar fá hins vegar lítið dönskuáreiti í daglegu lífi. Íslendingar horfa til að mynda hlutfallslega sjaldnar á danskt sjónvarpsefni og kvikmyndir en sambærilegt efni á ensku og það danska sjónvarpsefni sem Íslendingar horfa á er í langflestum tilvikum haft með íslenskum texta. Þó má til dæmis nefna að dönsk matvæli eru seld víða á Íslandi án þess að umbúðir séu þýddar. Þetta litla ílag dugar þó ekki til að halda dönskufærni Íslendinga uppi og kennarar hafa kvartað yfir því að dönskunemendum finnist óeðlilegt að tala dönsku (*ibid.*). Danska nýtur því ekki sömu virðingar og útbreiðslu á Íslandi og enska og þess vegna er hún greinilega erlent mál í þeim skilningi sem hér er lagður í hugtakið.

1.1.1 Samanburður við ensku í öðrum löndum

Eins og sjá má á mynd 1 gerir líkan indverska málvísindamannsins Kachru (1985) ráð fyrir þrenns notkun ensku í löndum heimsins:²

² Íslensku heitin á hringjunum þremur eru byggð á Gerði Guðmundsdóttur og Birnu Arnbjörnsdóttur (2014).

Mynd 1: Hringjalíkan Kachrus



Í innsta hringnum eru lönd þar sem enska er móðurmál yfirgnæfandi meirihluta íbúa. Bandaríkin, Bretland, Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland falla í þennan hóp. Sú enska sem er töluð í þessum löndum er sögð vera staðalgefandi (e. *norm providing*), þ.e. að hún skapi staðalinn sem lönd í ytri hringjunum nota.

Í ytri hringnum eru aðallega lönd sem voru hluti af breska heimsveldinu eða undir áhrifum þess. Í þessum löndum er enska notuð við stjórnáslu og í daglegu lífi meðal einstaklinga af efri stéttum, en staðbundnu málin eru enn móðurmál flestra íbúa. Enska í þessum löndum er staðalmótandi (e. *norm developing*), sem merkir að nýjar enskar mállýskur eru að mótast en þær njóta flestar ekki viðurkenningar eða virðingar allra málhafa, sérstaklega þeirra sem búa í löndum í innsta hringnum. Þessar ensku mállýskur geta haft orðaforða og málfræðireglur sem eru ekki viðurkenndar sem staðalmál en eru notaðar af flestum eða öllum málhöfum í viðkomandi landi.

Í víkkandi hringnum eru lönd þar sem enska er annað mál án þess að njóta opinberrar stöðu. Enska er hins vegar áberandi í lífi margra málnotenda og enskukunnátta þeirra er yfirleitt annað hvort góð eða mjög góð. Í þessum löndum eru nýjar mállýskur ensku ekki að mótast, heldur er enska þar háð þeirri ensku sem er töluð í innri hringjunum tveimur. Öll Norðurlöndin tilheyra víkkandi hringnum, þar á meðal Ísland (Gerður Guðmundsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir 2014:4). Á Íslandi er engin ný mállýska ensku í mótun. Enskukennsla í skólum er miðuð við breska ensku í flestum

tilfellum en Íslendingar verða líka fyrir miklu áreiti af bandarískri ensku. Það er engin stöðluð „íslensk enska“ sem er kennd í skólum. Auk þess hefur enska hvergi opinbera stöðu á Íslandi.³

Íslenska er samkvæmt gildandi íslenskum lögum opinbert tungumál Alþingis og stjórnarsýslu. Kennsla í grunn- og framhaldsskólum skal fara fram á íslensku, auk þess að erlendir læknar verða að geta sýnt fram á lágmarkskunnáttu í íslensku til að öðlast starfsleyfi á Íslandi. Staða íslensku í viðskiptum er líka tryggð upp að vissu marki, enda kveða lög á um að auglýsingar sem höfða til Íslendinga skuli vera á íslensku auk almennra skilmála þjónustuaðila og ábyrgðarskilmála (*Íslenska til alls*:19). Ný lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknafrá árinu 2011 áskilja að íslenska sé „þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi“ (Alþingi 2011). Lögin fela íslenska ríkinu og sveitarfélögum að „varðveita og efla íslenska tungu“ og að „sjá til þess að hún sé notuð“ (*ibid.*). Auk þeirrar opinberu stöðu sem íslenska nýtur er hún notuð á flestum vinnustöðum á Íslandi þótt önnur tungumál, einkum enska, séu notuð í auknum mæli (*Íslenska til alls*:51).⁴ Umfjöllun um ensku á vinnustöðum er að finna í kafla 1.5.2.

1.2 Enskufærni Íslendinga í norrænu samhengi

Enskufærnivísitalan EPI frá menntasamtökunum Education First, sem var fyrst tekin saman árið 2007, raðar þjóðum eftir enskukunnáttu þeirra. Í nýjustu vísitölunni sem kom út árið 2016 lentu norrænar þjóðir í fjórum af fimm efstu sætunum: Danmörk (2), Svíþjóð (3), Noregur (4) og Finnland (5) (EF EPI 2016). Noregur var í fyrsta sæti árið 2012 en féll niður í fimmta sæti árið 2013 (ABC Nyheter 2014). Ísland var ekki með í

³ Stefna ríkisstjórnar um aðlögun innflytjenda (Félagsmálaráðuneytið 2007:4) gerir ráð fyrir að börn innflytjenda eigi að fá tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu í leik-, grunn- og framhaldsskóla „eftir því sem kostur er“. Börn innflytjenda eiga þó ekki rétt á móðurmálskennslu. Líklegt er að enskumælandi börnum gefist kostur á að viðhalda ensku sinni í skólakerfinu þar sem enska er kennd í öllum skólum landsins. Árið 2015 voru 198 leikskólabörn og 240 nemendur á Íslandi með ensku að móðurmáli (Hagstofa Íslands 2017).

⁴ Ritið *Íslenska til alls* er stefnuskjal Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um íslenska málstefnu og stöðu íslensku á Íslandi en það er ekki byggt á fræðilegum rannsóknum.

Þessari könnun þar sem lágmarksfjölda þátttakenda var ekki náð.⁵

Rannsóknir á enskufærni Íslendinga hafa aðallega einblínt á enskufærni nemenda á háskólastigi. Rannsókn Robert Bermans (2010:17) á nemendum í vísindum og verkfræði Háskóla Íslands leiddi í ljós að um það bil fimmtungur nemenda virtist eiga í erfiðleikum með að skilja námsefni á ensku. Rannsóknir Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafdísar Ingvarsdóttur (2010) staðfesta jafnframt þessa niðurstöðu, en 37% ($n=400$) nemenda á háskólastigi sem tóku þátt í könnun þeirra sögðust eiga í erfiðleikum með að nýta sér lesefni á ensku. Tæplega helmingi þátttakenda, eða 44% ($n=476$), fannst kennsluefni á ensku auka vinnuálag í náminu, en einungis 17% ($n=184$) sögðu námsefni á ensku ekki valda sér vandræðum. 65% ($n=703$) þátttakenda í könnuninni töldu enskufærni sína „góða“ eða „mjög góða“. Þó má nefna að könnun Birnu byggðist eingöngu á sjálfsmati þeirra sem tóku þátt og enskufærni þátttakenda var ekki prófuð sérstaklega. Þessar rannsóknir ásamt öðrum eru kynntar ítarlegar í kafla 1.5.

1.3 Ógnir við íslensku

1.3.1 Tölvunotkun Íslendinga

Rannsóknir hafa sýnt fram á að 97% Íslendinga teljast til reglulegra netnotenda, sem er talsvert hærra hlutfall en meðaltal Evrópusambandsins, sem er 75% (Hagstofa Íslands 2015:1). Þetta þýðir að net- og snjallsímavæðing síðustu ára hefur gert það að verkum að á hverjum degi er hinn almenni Íslendingur nánast í stöðugu sambandi við annað málumhverfi í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar.

Umfang tiltekins tungumáls á netinu má mæla á ólíkan hátt. Einn mælikvarði er fjöldi vefsíðna sem er aðgengilegur á því máli. Megnið af því efni sem skoðað er á netinu á heimsvísu er á ensku, eða 51,8% allra síðna.⁶ Markaðshlutdeild íslensku var

⁵ Vísitalan byggist á enskuprófi Education First, sem er öllum opið á netinu. Til þess að tiltekið land sé tekið með í vísitölunni þurfa að minnsta kosti 400 manns að taka prófið, en þessari tölu hefur ekki verið náð á Íslandi svo höfundur viti (EF EPI 2016). Alls eru 72 lönd í vísitölunni.

⁶ Þetta hlutfall nær eingöngu yfir síður sem heimsóttar eru og þar sem vitað er að þær eru á ensku. Síður sem krefjast innskráningar, eins og ákveðnir samfélagsmiðlar, eru ekki taldir með. Notast er við algrím til að finna á hvaða tungumáli tiltekin síða er. Algrímið tekur tillit til HTML-kóða síðunnar, upplýsinga sem geymdar eru í HTTP-haus síðunnar (þar sem hægt er að merkja á hvaða tungumál síða er) og textabúta af síðunni, ásamt gögnum frá öðrum aðilum eins og Alexa (W3Techs 2017b).

aftur á móti eingöngu 0,02% í maí 2017 (W3Techs 2017a).⁷ Þetta er í raun hátt hlutfall miðað við fjölda íslenskumælandi málhafa í heiminum en í samanburði við ensku getur þetta varla talist mikið. Annar mælikvarði á útbreiðslu tiltekins máls á netinu er stærð Wikipedíu fyrir viðkomandi tungumál. Enska útgáfan af Wikipedíu hefur í apríl 2017 að geyma 5,4 milljón greinar á móti þeim 42.414 greinum á íslensku Wikipedíu (Wikimedia 2017). Stærð íslensku Wikipedíu er því 0,78% af stærð ensku útgáfunnar.

Tafla 1 sýnir tíu mest heimsóttu vefsíður á Íslandi (Alexa 2017). Innlendar síður eru skáletraðar. Sjö þeirra vefsíðna sem mest eru heimsóttar á Íslandi eru erlendar vefsíður en þó er ekki hægt að sjá út frá þessari töflu á hvaða tungumáli Íslendingar nota vefsíðurnar (viðmót Google-leitar og YouTube er til dæmis aðgengilegt á íslensku). Mismunandi síður hafa mismunandi hlutföll efnis á íslensku og ensku. Samfélagsmiðlar eru til dæmis frekar blandaðir: líklegt er að flest samskipti á milli Íslendinga fari fram á íslensku en þó eru samfélagsmiðlar notaðir í margt annað en spjall, t.a.m. er algengt að fólk deili sín á milli tenglum að fréttagreinum og myndböndum sem eru á öðrum tungumálum en íslensku.

Tafla 1: Tíu mest heimsóttu vefsíður á Íslandi

Sæti	Síða	Meðaltíma eytt á síðu*	Heimsóknir*
1	google.is	6m 10s	6,01
2	youtube.com	9m 10s	5,30
3	facebook.com	11m 57s	4,58
4	google.com	8m 36s	8,36
5	visir.is	7m 40s	4,45
6	reddit.com	15m 49s	10,30
7	mbl.is	6m 44s	4,49
8	wikipedia.org	4m 22s	3,30
9	twitter.com	6m 29s	3,49
10	ruv.is	5m 22s	3,68
M.tal. f/ íslenskar síður		6m 35s	4,21
M.tal. f/ erlendar síður		8m 56s	5,91

*Á einstakling á dag. m = mínútur, s = sekúndur

⁷ Til samanburðar má nefna markaðshlutdeild Norðurlandamála. Sænska er með 0,5%, danska 0,33% og norska 0,13% (W3Techs 2017a). Þetta þýðir að það eru t.d. um það bil 6,5 sinnum fleiri síður á netinu á norsku en á íslensku.

Eins og sjá má á töflu 1 heimsækir fólk *google.com* oftast en *google.is*: 6,01 heimsóknir á einstakling á dag á *google.is* á móti 8,36 á *google.com*. Íslendingar þó dvelja lengur á efnisveitusíðum eins og *youtube.com* og *reddit.com*. Mikið af því efni sem er að finna á YouTube er á ensku, en Íslendingar eyða að meðaltali 9m 10s á síðunni á dag. Reddit er spjallþráðasíða þar sem fólk getur deilt greinum, myndum og myndböndum eða hreinlega spjallað um hvað sem þeim dettur í hug. Lítið er um efni á íslensku á síðunni fyrir utan í *subredditinu* svokallaða */r/Iceland*, þar sem umræður fara fram bæði á íslensku og ensku. Reddit er sú síða sem er heimsótt oftast af sömu notendum (10,30 sinnum á dag) og þeir eyða mestum tíma þar af öllum síðunum (15m 49s).

Einu íslensku síðurnar sem komast á listann eru fréttasíðurnar *visir.is*, *mbl.is* og *ruv.is*. Íslendingar eyða minni tíma á íslenskum síðum að meðaltali en á erlendum síðum—6m og 35s á móti 8m 56s—og heimsækja þær oftast en íslenskar síður—5,91 sinnum á dag fyrir erlendar síður á móti 4,21 á dag fyrir íslenskar síður. Ber þó að taka fram að staðan er flóknari en þessar tölur gefa til kynna. Eins og fram hefur komið er hægt að nota erlendar síður eins og Google og Facebook með íslensku viðmóti en ekki er ljóst hversu mikið áhrif það hafi á málnotkun (þ.e. hvort fólk sé líklegri til að nota ensku-slettur ef viðmótið er stillt á ensku).⁸

Eiríkur Rögnvaldsson og fleiri (2012) könnuðu stuðning fyrir íslensku í tölvum og snjalltækjum og íslenska máltækni í skýrslu META-NET sem gefin var út á vegum Evrópusambandsins. Í skýrslunni (*ibid.*:29–30) kom í ljós að stuðningur fyrir íslensku (þ.e. tilvist tækja, forrita og málagna á íslensku og aðgengi að slíku) er lítill sem enginn í öllum flokkunum sem skoðaðir voru (talvinnsla, vélþýðingar, textagreining og málföng). Auk þess á eftir að stíga tiltölulega einföld skref eins og að þýða viðmót tölvu- og snjalltækjastýrikerfa yfir á íslensku.

Microsoft Windows og Office-pakkinn hafa verið þýdd yfir á íslensku en innan við fimmtungur íslenskra Windows-notenda notar þau á íslensku (*Morgunblaðið* 2008). Könnun á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins leiddi í ljós að árið 2012

⁸ Hulda Hreiðarsdóttir (2008) kannaði áhrif notkunar stýrikerfis í íslenskri þýðingu á notkun tölvunýyrða skólabarna í BA-ritgerð sinni. Niðurstöður voru þær að aðgangur að íslenskri þýðingu jók sjálfsöryggi nemenda og skilning þeirra á tölvum og að þeir nemendur sem notuðu stýrikerfi á íslensku voru líklegri til að nota íslensk orð til að tala um tölvur. Þetta þarf samt sem áður að rannsaka betur.

voru aðeins 70 af þeim 170 grunnskólum sem tóku þátt með þá stefnu að viðmótið í tölvum skólans skuli vera stillt á íslensku (Eiríkur Rögnvaldsson o.fl. 2012:4). Þessi staðreynd stingur í stúf við málstefnu Alþingis sem samþykkt var árið 2009 sem leggur fram þá stefnumörkun að allar skólatölvur landsins eigi að vera á íslensku innan þriggja ára (*ibid.*). Í skýrslunni kemur fram að ein möguleg útskýring á því að svo fáir noti Windows á íslensku sé sú að margir viti ekki að íslensk þýðing sé til (*ibid.*:5).

Android-stýrikerfið hefur líka verið þýtt yfir á íslensku en engar tölur eru aðgengilegar um hversu margir nota það á íslensku. Opin stýrikerfi á borð við Linux hafa einnig verið þýdd á íslensku af notendum sínum. Apple hefur hvorki þýtt macOS-tölvustýrikerfið sitt á íslensku né iOS-snjalltækjastýrikerfið þótt lyklaborð með sjálfvirkri leiðréttingu hafi verið aðgengilegt í iOS í nokkur ár.

Þrátt fyrir slakan stuðning fyrir íslensku í tölvum og snjalltækjum almennt eru einhver merki um jákvæða þróun. Síðan skýrsla META-NET kom út hefur staðan batnað að einhverju leyti, til dæmis með tilkomu trjábankans IcePaHC sem inniheldur 1.000.000 orð af markaðri íslensku, birtingu orðabókarinnar ISLEX sem var samvinnuverkefni fimm norrænna tungumálastofnana, og íslenskum talgreini og nýjum íslenskum talgervli (Sigrún Helgadóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2013).

Erlendir aðilar hafa einnig sýnt íslensku áhuga að undanfögnu. Nýlega tilkynnti Amazon áætlun um að þróa íslenska útgáfu raddstýrða snjallaðstoðarmannsins Alexu (Linguist List 2017, *Vísir* 2017a) og útlit er fyrir að Netflix ætli að byrja að texta efni sitt á íslensku (*Vísir* 2017b). Einnig tilkynnti Creditinfo nýlega afhendingu á 8 milljón setningum af talaðri og ritaðri íslensku sem verða nýttar við þróun 500 milljón orða textagagnagrunns (Rannís 2015, *Vísir* 2017c). Gagnagrunninn verður hægt að nota til að þróa íslenska talgervla og talgreina. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun er ljóst að mikil vinna er eftir óunnin til að tryggja framtíð íslensku í stafrænum heimi.

1.3.2 Fjölmiðlar á ensku

Fyrir utan enskuáreiti á netinu fá Íslendingar mikið áreiti frá ensku í gegnum sjónvarp og aðra „hefðbundna“ miðla eins og bækur og tímarit. Birna Arnbjörnsdóttir (2011:3) vitnar í BA-ritgerð Sergio Garcia Ortega (2011) þar sem fram kom að 77,6% þeirra

dagskrárliða sem *RÚV* sendir frá sér eru á íslensku, en á einkareknu stöðvunum *Stöð 2* er 76,9% liða á ensku og 100% á *SkjáEinum*. Samkvæmt þessu eru aðeins 27,6% dagskrárliða á Íslandi á íslensku, en ekki koma fram tölur um lengd þáttanna.

Birna vitnar einnig í könnun á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (Andrea Dofradóttir o.fl. 2010) sem sýndi að helmingur af þeim 700 einstaklingum sem tóku þátt lásu bækur á öðrum tungumálum sér til skemmtunar og að 92% þeirra lásu bækur á ensku (*ibid.*:3). 17% allra þátttakenda vildu frekar lesa fjölmiðla á erlendu tungumáli en hlutfallið hækkaði í 43% hjá aldurshópnum 18–29 ára.

1.3.3 *Enska í háskólum*

Enska gegnir mikilvægu hlutverki í háskólum á Íslandi. Notkun ensku er breytileg eftir fræðasviðum en algengt mynstur er að fyrirlestrar eru haldnir á íslensku og námsefni er að miklu eða öllu leyti á ensku. Hlutfallið er þó breytilegt eftir námsgreinum. Í landbúnaðarfræði er til dæmis 100% námsefnis á ensku, en aðeins 50% námsefnis í lögfræði er á ensku (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010:3). Enska er líka mikilvæg utan kennslustofunnar. Margar fræðigreinar eru gefnar út á ensku til að höfða til stærri hóps lesenda víða um heim. Mikilvægt er að fræðimenn í öðrum löndum geti nýtt sér niðurstöður íslenskra rannsókna og öfugt.

Aðeins tveir af þeim sjö háskólum sem eru nú starfandi á Íslandi hafa mótað málstefnu um að nota íslensku en þeir eru Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Málstefna Háskóla Íslands tekur mið af skyldum háskólans til að stuðla að viðgangi íslenskrar tungu og þátttöku hans í alþjóðlegu starfi (Háskóli Íslands 2017). Í málstefnunni kemur fram að talmál og ritmál skólans er íslenska en einnig er lögð áhersla á mikilvægi ensku:

Enska er einnig mjög mikilvæg í starfi Háskólans, vegna erlendra kennara og stúdenta, vegna þjálfunar stúdenta til þátttöku í alþjóðlegu akademísku starfi, og vegna þátttöku skólans í margs kyns alþjóðlegu samstarfi. Því er lögð áhersla á að sem víðtækastar og ítarlegastar upplýsingar um skólann og starfsemi hans séu aðgengilegar á ensku á ytri vef skólans og í Uglu (*ibid.*)

Í stefnunni er farið nánar út í stöðu íslensku í skólanum en þar stendur að íslenska „sé sjálfgefið kennslumál í grunnnámi, nema í tungumálakennslu“. Þar kemur fram að

kennsla á ensku eigi að vera bundin við námsleiðir þar sem sérstök ástæða er til að kenndar séu á ensku en ekki er farið út í hverjar slíkar ástæður eru. Aðaltungumál doktorsritgerða er enska en sækja má um undanþágu til að skrifa þær á íslensku (*ibid.*).

Málstefna Háskólans á Akureyri er svipuð að nokkru leyti, en skólinn

[eigi að gera] þær kröfur til sín og starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun, kennslu og þróun íslenskrar tungu og efla eftir föngum framlag sitt til íslenskrar menningar. (*Íslenska til alls:55*)

Starfsmenn eru jafnframt hvattir til að birta rannsóknir sínar bæði á íslensku og ensku og erlendum starfsmönnum og nemendum eru boðin íslenskunámskeið. Þrátt fyrir málstefnu þessara tveggja háskóla fer námskeiðum sem kennd eru á ensku fjölgandi. Þessi þróun hefur orðið til að mæta þörfum skiptinema sem eru oft við nám í íslenskum háskólum í eitt eða tvö misseri og einnig til að laða erlenda fræðimenn að íslenskum háskólum til að tryggja samkeppnishæfni þeirra á alþjóðlegum vettvangi.

Nánar er fjallað um rannsóknir sem hafa verið gerðar á enskufærni íslenskra háskólanema í kafla 1.5.1.

1.3.4 Ferðaþjónusta

Ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað gríðarlega mikið á undanförunum árum. Þessari fjölgun hefur fylgt mikil uppbygging á innviðum og ferðaþjónustu um landið allt. Áhrif ferðaþjónustunnar á málástandið á Íslandi eru hve mest áberandi þegar á málheiminn (e. *linguistic landscape*) er litið. Málheimur nær yfir allar áþreifanlegar birtingarmyndir máls sem koma fyrir á almannasvæðum, þ.e.a.s. skilti (bæði götuskilti og skilti sett upp af fyrirtækjum) og auglýsingar. Áhrif ferðaþjónustunnar á íslenska málheiminn hafa ekki verið rannsökuð en erlendar rannsóknir hafa leitt nokkur lykilatriði í ljós sem hafa einnig gildi á Íslandi.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að gera greinarmun á opinberum og óopinberum skiltum. Calvet (1990:75) greinir á milli

þess sem stjórnvöldin skrifa (götuheiti, til dæmis, eða umferðarskilti) og þess sem borgarar skrifa (heiti verslana, veggjakrot, auglýsingar, o.s.frv.). Það eru tvær mismunandi leiðir til að *helga sér óðalið*, tvær áritanir á borgarrýmið. (þýtt úr Backhaus 2006:53)

Oft má greina skil á milli opinberrar málstefnu og hegðunar almennings. Backhaus (2006:56–7) framkvæmdi könnun á málheiminum í Tókýó og í ljós kom að meiri fjölbreytni mála var á óopinberum skiltum en á opinberum, þ.e. fleiri tungumál voru notuð. Í Tókýó koma allt að fjögur mál (japanska, enska, kínverska og kóreska) fram á opinberum skiltum en mun fleiri mál á þeim óopinberu. Í öðrum borgum er aðeins eitt mál ráðandi eða leyfilegt. Í Québec til dæmis þarf franska að vera í ríkjandi stöðu (t.d. í stærra lettri eða á undan öðrum málum) á skiltum hvort sem þau eru sett upp af fylkisyfirvöldum eða fyrirtækjum en 75,8% fyrirtækja sem könnuð voru í Montréal virða þessa reglu varðandi yfirráð frönsku (Conseil de la langue française 2000). Engar tölur liggja fyrir um hlutfall skilta á Íslandi, þar sem íslenska er ekki í ríkjandi stöðu eða henni er sleppt, en það mætti færa rök fyrir því að enska sé meira ráðandi á óopinberum skiltum en opinberum enda mörg fyrirtæki í ferðaþjónustugeiranum sem höfða frekar til erlendra ferðamanna en ekki íslenskra.

Annað atriðið sem Backhaus (*ibid.*:60) bendir á er að það að hafa fleiri en eitt tungumál á skiltum veldur óhjákvæmilegu stigveldi (e. *hierarchy*) vegna þess að eitt mál þarf alltaf að koma fyrst. Hann nefnir einnig tilgátu Scollons og Scollons (2003:116–128) að hvernig tungumálum er raðað (e. *code preference*) á skiltum bendir til þess að frumtextinn hafi verið á málinu sem kemur fyrst og að hin málin séu ekkert annað en þýðingar. Áhrif þessa stigveldis á viðhorf til íslensku hafa ekki verið rannsökuð en skiltum sem eru eingöngu á ensku eða þar sem enska er höfð á undan íslensku hefur fjölgað verulega á undanförunum árum. Sem dæmi má nefna að í febrúar 2016 var skiltum skipt út á Keflavíkurflugvelli en á nýju skiltunum kemur enska fyrst, feitiletruð, og íslenska eftir á (*Vísir* 2016). Eftir því sem skiltum þar sem enska er höfð á undan íslensku eða íslensku sleppt fjölgar aukast líkur á því að fólk túlki íslenskan texta (þar sem hann kemur fram) sem þýðingu. Þetta kynni að hafa áhrif á gæði íslenskunnar þar sem orðalag verður enskulegra og enskum stafsetningarreglum er fylgt í meira mæli.⁹ Rannsókn Huebners (2006:48–9) á málheimi Bangkok sýnir að enska hefur áhrif á þá tælensku sem kemur fram á skiltum þar. Merki voru um áhrif á bæði orðaröð og

⁹ Sem dæmi um möguleg ensk áhrif mætti nefna skilti á Keflavíkurflugvelli þar sem bil er sett á milli liða samsettra orða á mörgum skiltum (t.d. *tösku kerrur* í stað *töskukerrur*) og orðalag er stundum mjög enskulegt.

orðaforða. Áhrifin á íslensku gætu verið meiri enda er hún mun skyldari ensku en tælenska en þetta hefur ekki verið rannsakað hérlandis svo höfundur viti.

Í þriðja lagi nefnir Backhaus (*ibid.*:62) reglu Spolskys og Coopers (1991:84) um fyrirbæri sem kallast *symbolic value condition*. Reglan er sú að tiltekinn hópur skrifar skilti á sínu eigin máli eða máli sem hann vill tengja (e. *identify*) við. Backhaus heldur því fram að stjórnvöldin í Tókýó komi valdi sínu á framfæri með því að ráða hvaða mál megi koma fram á opinberum skiltum. Með öðrum orðum fylgja stjórnvöldin málstefnu sinni eftir með því að nota einungis fjögur mál á skiltum sem þau setja upp. Fyrirtæki í Tókýó sýni aftur á móti samstöðu með útlendingum með því að nota mun fjölbreyttari hóp tungumála. Staðan í Tókýó endurspeglast á Íslandi. Skilti sem eru sett upp af ríkis- eða borgaryfirvöldum eru oft annaðhvort eingöngu á íslensku (t.d. flest umferðarskilti) eða með íslensku í forgrunni (t.d. skilti á byggingum í eigu stjórnvalda), með öðrum orðum fylgja íslensk stjórnvöld opinberri málstefnu eftir með því að forgangsraða íslensku. Hins vegar eru skilti sem sett eru upp af fyrirtækjum á stöðum þar sem mikið er um ferðamenn (t.d. á Keflavíkurflugvelli eða í miðborg Reykjavíkur) oftast ekki með íslensku í forgrunni. Að því leyti sýna fyrirtæki samstöðu með ferðamönnum.

Þess má geta að meirihluti ferðamanna sem sækja Ísland heim hefur ekki ensku að móðurmáli. Samkvæmt talningu Ferðamálastofu (2016) skipuðu Bandaríkjamenn og Bretar aðeins 38,3% þeirra ferðamanna sem komu til landsins um Keflavíkurflugvöll árið 2015. 73% ferðamanna voru af tíu þjóðernum en Bandaríkjamenn og Bretar voru einu enskumælandi þjóðirnar af þeim tíu. Þó er enska eins og fram hefur komið alþjóðlegt samskiptamál og því er líklegt að einhver hluti þeirra sem eru ekki frá enskumælandi landi hafi einhverja færni í ensku. Samt sem áður mætti þjóna meirihluta ferðamanna betur með því að leggja áherslu á önnur tungumál svo sem þýsku (3. stærsti hópurinn), frönsku (4. stærsti hópurinn) og Norðurlandamálin (Norðmenn og Danir eru í 5. og 6. sæti). Kínverjar eru í þriðja sæti á lista yfir þá hópa ferðamanna sem fjölgaði mest árið 2015 (Ferðamálastofa 2016) og líklegt að þeim muni fjölga enn meira eftir því sem landið verður ríkara. Sögulega hefur ekki verið mikil áhersla lögð á að kenna kínversku á Íslandi en í ljósi þess að enskufærni Kínverja er slakari en hjá íbúum margra

Evrópulanda er vert að endurskoða þessa stefnu.¹⁰ Enda meirihluti ferðamanna á Íslandi er frá löndum þar sem enska er ekki móðurmál þýðir lítið að einblína eingöngu á henni.

Það að svo stórt hlutfall ferðamanna sem koma til Íslands hefur ekki ensku að móðurmál kann að hafa áhrif á það hvernig Íslendingar meta enskufærni sína því þeir bera sig oft saman við málhafa sem ekki hafa ensku að móðurmáli. Því kann að vera að enskukunnátta Íslendinga sé töluvert betri en enskukunnátta þeirra þjóða sem ferðast til Íslands en hugsanlegt er að Íslendingar einblíni á þætti eins og hreim og hversdagleg orðasambönd frekar en málfræði, skilning og notkun orðaforða þegar þeir bera sig saman við aðrar þjóðir (samanber rannsókn Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafdísar Ingvarsdóttur 2010 sem kynnt er í kafla 1.5.1).

Áhrif ferðapjónustu á íslensku hafa enn ekki verið rannsökuð, væntanlega vegna þess hversu hratt þessi atvinnugrein hefur vaxið undanfarið, en brýn þörf er á slíkri rannsókn í ljósi þeirrar þróunar sem hefur orðið þar sem enska er oftast höfð í forgrunni en áður fyrr.

1.4 Að meta stöðu íslensku í dag

Hefðbundni mælikvarðinn á lífvænleika tungumála var þróaður af Menningarmála- stofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Mælikvarðinn tekur tillit til níu þátta (UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages 2003:7–12):

- (1)
 - a. að tungumálið flyst óhindrað á milli kynslóða,
 - b. algildur fjöldi málhafa,
 - c. hlutfall málhafa innan stærri mannfjölda,
 - d. notkun málsins á mismunandi sviðum (e. *domains*),
 - e. notkun málsins á nýjum sviðum og í nýjum fjölmiðlum,
 - f. aðgengi að námsefni á viðkomandi máli,
 - g. viðhorf stjórnvalda til málsins og opinber staða málsins,
 - h. viðhorf málhafa til eigin máls,
 - i. umfang og gæði skráningar (e. *documentation*).

Fyrir hvern þátt er gefin einkunn og út frá því er hægt að reikna út í hversu mikilli hættu

¹⁰ Samkvæmt enskufærnivísitölu Education First er Kína í 39. sæti á lista yfir lönd með bestu enskufærni og er með einkunnina 50,94. Meðaltalseinkunn fyrir Evrópulönd er hins vegar 53,94. Jafnframt má nefna að mörg Evrópulönd eru með einkunn sem er miklu hærri en evrópska meðaltalið, t.a.m. hafa 11 Evrópulönd einkunn yfir 60 (frá hæstu einkunn niður í lægstu: Holland, Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland, Lúxemborg, Austurríki, Þýskaland, Pólland, Belgía og Sviss) (EF EPI 2016).

tiltekið mál er. Íslenska kemur tiltölulega vel út miðað við þennan mælikvarða. Út frá stöðunni í dag má halda því fram að íslenska færist óhindrað á milli kynslóða (þáttur 1a) og að íslensk börn alist langflest upp með móðurmálsfærni í íslensku.¹¹ Nýlegar rannsóknir hafa þó sýnt að lestrarfærni íslenskra skólabarna fer versnandi og er undir meðaltali OECD-landa (PISA 2017). Algildur fjöldi íslenskra málhafa (þáttur 2b) er lítil miðað við mörg önnur málsvæði. Ísland er eitt minnsta þjóðríki í heimi þar sem þjóðtungan er notuð á öllum sviðum samfélagsins, þ.e. í einkalífi, stjórnsýslu, menntakerfinu og viðskiptum. Þar sem Íslendingar eru í meirihluta á Íslandi er hlutfall íslenskra málhafa mjög hátt (þáttur 1c), enda hafa flestir þeirra sem búa á Íslandi íslensku að móðurmáli. Íslenska stendur nokkuð vel hvað varðar notkun á mismunandi sviðum (þáttur 1d) enda er hún kennslumál í leik-, grunn- og framhaldsskóla og mörgum háskólaáföngum, vinnumál stjórnvalda og flestra fyrirtækja sem starfa á Íslandi og heimilismál flestra sem búa á Íslandi. Það eru þó nokkur svið þar sem staða íslensku er veikari, einkum í tölvuheimi eins og fram hefur komið (þáttur 1e). Aðgengi að námsefni á íslensku (þáttur 1f) er nokkuð gott í skólakerfinu en staðan er gjörólík á háskólastigi þar sem flestar námsbækur eru á ensku þótt fyrirlestrar séu oftast haldnir á íslensku. Íslenska nýtur virðingar stjórnvalda og hefur sögulega haft mjög sterka opinbera stöðu á Íslandi jafnvel þegar Ísland var undir dönsku krúnunni (þáttur 1g). Íslenska er jafnframt mikilvægur þáttur í sjálfsvitund Íslendinga (þáttur 1h) og er helsti menningararfur Íslendinga. Íslenska er miklu betur skráð (þáttur 1i) en flest mál heimsins: til dæmis hafa margar bækur verið skrifaðar um íslenska málfræði, margar rannsóknir á málinu hafa verið gerðar og gott aðgengi er að málheimildum eins og orðabókum og beygingarupplýsingum, bæði á prenti og á netinu. Íslenska er auk þess ekki á lista UNESCO yfir tungumál í hættu (UNESCO 2017). Á heildina litið stendur íslenska vel á þessum kvarða miðað við mörg önnur tungumál, sérstaklega þau sem eru töluð af minnihlutahópum og frumbyggjamál í löndum þar sem nýlendustefna hefur gjörbreytt málumhverfinu.

Ýmsir fræðimenn hafa gert athugasemdir við lífvænleikakvarða UNESCO (2013) og í kjölfar þess hafa Sameinuðu þjóðirnar uppfært kvarðann og bætt við fjórum

¹¹ Hér er átt við börn sem fæddust á Íslandi eða fluttu til landsins áður en máltökuskeiði lauk.

nýjum þáttum sem tekið er tillit til (UNESCO 2011:4–13):

- (2) a. staða tungumálaátaka,
- b. hvernig dreifingu málfaha er háttað,
- c. hve mikill breytileiki er í málinu,
- d. notkun málsins utan heimalandsins.

Þegar þessir þættir eru teknir með í reikninginn breytist staða íslensku lítið. Ekki er mikið um tungumálaátök (þáttur 2a) hvað íslensku varðar (þar sem stjórnvöld hvetja til notkunar málsins með ókeypis námskeiðum eða ívilnunum af ýmsu tagi) fyrir utan það að bjóða innflytjendum á íslenskunámskeið en þar mætti gera betur með því að fella niður námsgjöld. Staða íslensku er svipuð milli kynslóða (þáttur 2b) og hópa með ólíkan efnahagslegan bakgrunn: hún er til dæmis ekki bara töluð af efri stéttum. Það mætti aftur á móti færa rök fyrir því að stéttaskipting sé að verða til hvað varðar notkun íslensku því töluvert er um innflytjendur á Íslandi sem læra ekki málið og erlendu vinnuafla hefur hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Ef þessi þróun heldur áfram óbreytt gæti myndast staða þar sem hlutfall innflytjenda sem ekki tala íslensku eykst þannig að heil stétt verði til sem talar ekki málið. Eiríkur Rögnvaldsson talaði um þessa mögulegu þróun í viðtali við *Reykjavík Grapevine* (Fontaine 2017). Þar kom meðal annars fram að ógnin við íslensku er tvíþætt: í fyrsta lagi leiti yngri kynslóðir í miklu meiri mæli til útlanda eftir atvinnutækifærum og viti að íslenska þjónar engum tilgangi þar og að í öðru lagi sé ekki nógu mikið gert til að kenna innflytjendum á Íslandi íslensku.

Margar rannsóknir hafa sýnt að innflytjendur á Íslandi hafa mikinn áhuga á að læra málið (Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir (2010:10) hafa tekið saman slíkar rannsóknir). Athyglisvert væri að sjá hvort áhugi innflytjenda á að læra málið hafi breyst með vexti ferðaþjónustugeirans á Íslandi þar sem miklu minni þörf er á að læra málið fyrir störf í þeim geira. Mjög lítill breytileiki er í íslensku eftir landshlutum (þáttur 2c) og það styrkir stöðu hennar enda engin samkeppni milli mismunandi ritstaðla og framburðar. Íslenska er þó lítið notuð utan Íslands (þáttur 2d). Þótt hún sé kennd í nokkrum háskólum í Evrópu og Norður-Ameríku er hún ekki notuð til samskipta milli þeirra sem hafa ekki tengsl við Ísland af einhverju tagi.

Ethnologue hefur einnig búið til kvarða um lífvænleika mála. Hann skiptist í þrettán stig lífvænleika en hann byggist að mestu leyti á að mæla hversu mikil hindrun

er á flutningi mála milli kynslóða (Ethnologue 2017a). Íslenska fær næstbestu einkunn þar sem hún er opinbert mál á Íslandi og þjóðtunga Íslendinga (Ethnologue 2017b).

András Kornai (2013) hefur hannað nýjan mælikvarða á lífvænleika tungumála sem tekur tillit til máltækni. Honum er ætlað að meta líkurnar á því að tiltekið tungumál lifi af í stafrænum heimi og byggist á fimm þáttum:

- (3) a. fjöldi málhafa og lýðfræðileg einkenni þeirra,
- b. hvernig málhafar líta á málið (e. *prestige*),
- c. hvaða hlutverki málið gegnir í sjálfsvitund málhafa (e. *identity function*),
- d. í hversu miklum mæli hugbúnaður styður málið (e. *functional domains*),
- e. fjölda Wikipédiugreina á málinu.

Samkvæmt þessum kvarða er íslenska mun verr stödd en mælikvarðar UNESCO (2003, 2011) og Ethnologue (2017a) gefa til kynna. Virðing fyrir íslensku í samfélaginu virðist vera að minnka eins og sést til dæmis á forgangsröðun ensku á skiltum (sjá kafla 1.3.4) og aukinni notkun ensku í samskiptum á netinu. Aukið umburðarlyndi fyrir enskuslettum í til dæmis háskólafrirlestrum og í íslenskum sjónvarpsþáttum eru einnig merki þess. Eins og fram hefur komið gegnir íslenska mikilvægu hlutverki í þjóðvitund Íslendinga og styður forrannsókn sem gerð var fyrir þessa könnun það (sjá kafla 2.1.2). Íslendingar eru þó fámenn þjóð og samskipti við aðrar þjóðir hafa stórauðist með tilkomu internetsins. Samt sem áður má greina merki um jákvæða þróun eins og fjallað var um í kafla 1.3.1.

1.5 Fyrri rannsóknir á enskufærni Íslendinga og viðhorfum til ensku

Undanfarin ár hafa nokkur rannsóknarverkefni fengist við að kanna og mæla enskufærni Íslendinga. Hér verður gerð grein fyrir þeim helstu.

1.5.1 Rannsóknir á íslenskum nemendum

Auður Torfadóttir (2003) kannaði enskan orðaforða nemenda sem voru að útskrifast úr framhaldsskóla vegna „gruns um að orðaforði væri veikur hlekkur í enskukunnáttu margra nemenda“ (*ibid.*:65). Í rannsókn sinni notaðist Auður við próf sem byggt var á orðtíðnilistum til að mæla enskan orðaforða þátttakenda. 40 orð af þeim 2000

algengustu í ensku voru valin, ásamt 20 gerviorðum (*ibid.*:70). Könnunin var framkvæmd í sjö skólum um land allt og í ljós kom að einungis einn skóli náði einkunn sem telst góð miðað við þá kennslu sem nemendurnir höfðu fengið. Einkunn var gefin á kvarða frá 1 upp í 100 stig en góð lágmarkseinkunn er 80. Einkunnir skólanna voru frá 62,1 upp í 81,4, en flestir skólar hlutu einkunn í kringum 70 stig (*ibid.*:72). Þessi rannsókn hefur gildi fyrir mína rannsókn því hún bendir til þess að enskufærni ungra Íslendinga sé ekki eins góð og búast mætti við, en hún leiðir ekkert í ljós um viðhorf þátttakenda til eigin færni. Þess má jafnframt geta að þessi rannsókn er 14 ára gömul og mikið hefur breyst síðan hún var gerð.

Birna Arnbjörnsdóttir hefur verið áberandi í rannsóknnum sem varða ensku á Íslandi undanfarin ár. Birna (2007) hefur kannað stöðu ensku á Íslandi og reynt að meta hvort hún sé í rauninni erlent mál á Íslandi eða annað mál. Í grein Birnu kemur fram að Íslendingar eigi til að ofmeta enskukunnáttu sína og að þetta ofmat styrkist af góðri óvirkri færni í ensku en virkri færni sé hins vegar ábótavant. Hún telur háa tíðni uppgjafarnema eftir eitt ár í grunnnámi í ensku við Háskóla Íslands (tæplega 50%) vera til marks um ofmat íslenskra nemenda á eigin enskufærni (*ibid.*:61). Einnig bendir hún á að það námsefni sem notað er í framhaldsskólum virðist ekki undirbúa nemendur nógu vel fyrir kröfur háskólanáms til enskufærni þeirra (*ibid.*:60). Birna segir ensku vera nær því að vera annað mál á Íslandi en erlent mál en að enn sé ekki ástæða fyrir Íslendinga að lýsa sér sem tvítyngdum (*ibid.*:74). Hún byggir þetta á eigin ályktunum og samtölum við starfsfélaga en rannsóknir sem hún gerði við Háskóla Íslands styðja þessar tilgátur.

Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (2010) gerðu könnun á viðhorfum háskólanemenda til enskunotkunar við kennslu í Háskóla Íslands. Í þeirri rannsókn er vitnað í eldri rannsókn Birnu (2009) þar sem upptalning á kennslubókum á ýmsum fræðasvæðum við Háskóla Íslands leiddi í ljós að 90% námsefnis í háskólanum er á ensku (*ibid.*:3). Þátttakendur voru spurðir um enskukunnáttu sína og svör þeirra sýndu að 87% þátttakenda höfðu fengið 7 eða hærra í ensku í menntaskóla. Birna taldi þó óljóst hversu góður mælikvarði einkunnir úr menntaskóla væru um enskufærni þátttakenda (*ibid.*:6). 65% þátttakenda í könnuninni töldu enskufærni sína góða eða mjög góða (*ibid.*:7). Þrátt fyrir þetta sögðu 44% þátttakenda námsefni á ensku auka

vinnuálagið í skólanum (*ibid.*:8) og 58% þátttakenda sögðu það stundum valda sér vandræðum í náminu (*ibid.*:9). Fleiri konur en karlar sögðu námsefni á ensku auka vinnuálagið í skólanum (*ibid.*:12).

Þessi rannsókn lýsir því ósamræmi sem er á milli viðhorfa til eigin enskufærni og raunfærni þátttakenda, en enskufærni þátttakenda var ekki prófuð sérstaklega í könnuninni. Það að tæpur helmingur þátttakenda sagði ensku auka vinnuálag í skólanum ber vitni um að enskufærni þátttakenda sé ekki sambærileg íslenskufærni þeirra, en vert er að hafa í huga að sú fræðilega enska sem notuð er á háskólastigi er mjög sérhæfð og líklegt er að málhafar sem hafa ensku að móðurmáli myndu einnig eiga í vandræðum með orðaforða. Vandí enskra málhafa er þó annars eðlis því hjá þeim er það oft spurning um að dýpka orðaforða með því að bæta fleiri merkingum við orð sem þeim eru kunnug. Vandí Íslendinga snýr hins vegar að bæði málfræði sem og breidd og dýpt orðaforðans. Breidd orðaforða á við fjölda orða sem einstaklingur þekkir en dýpt á við fjölda merkinga hvers orðs sem einstaklingurinn þekkir. Rannsóknir á bandarískum skólabörnum sem eiga annað tungumál en ensku að móðurmáli (t.d. spænsku) hafa sýnt fram á að þau skorti bæði breidd og dýpt orðaforða og að þess skortur valdi þeim talsverðum vandræðum í skólanum miðað við bekkjarfélaga þeirra sem eiga ensku að móðurmáli. Stutta samantekt á niðurstöðum nokkurra slíkra rannsóknarverkefna er að finna í August o.fl. (2005:51).

Vandí Íslendinga með málfræði og orðaforða veldur þeim erfiðleikum við bæði skilning (*e. comprehension*) og myndun (*e. production*) á ýmsum stigum menntunar og seinna í lífinu. Forvitnilegt væri að bera niðurstöður könnunar Birnu og Hafdísar saman við niðurstöður svipaðrar könnunar á viðhorfum nemenda til *íslenskufærni* sinnar en þetta hefur ekki verið rannsakað svo höfundur viti.

Meginniðurstaða könnunar Birnu og Hafdísar var sú að að minnsta kosti þriðjungur nemenda við Háskóla Íslands á í erfiðleikum með að skilja fræðitexta á ensku (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010:13). Ekki liggja fyrir tölur um hversu margir nemendur eiga erfitt með að skilja námsefni á *íslensku*, en til fróðleiks og samanburðar má nefna aftur grein Robert Bermans (2010:18). Þar vitnar hann í rannsókn American College Testing (2009:6) sem byggir á prófeinkunnum 1,5

milljón nemenda. Í rannsókn þeirra kom í ljós að aðeins 67% bandarískra framhaldsskólanemenda (e. *high school students*) voru nógu vel undirbúnir til að ná námskeiði í enskum skrifum. Þetta styður þá hugmynd að námserfiðleikar háskólanemenda eru ekki bundnir eingöngu við móðurmál þeirra heldur einnig hversu vel undirbúnir þeir eru fyrir fræðileg skrif og lestur almennt.

Þegar niðurstaða Birnu og Hafðisar um að þriðjungur nemenda við Háskóla Íslands á í erfiðleikum með að skilja fræðitexta á ensku er skoðuð ber einnig að gera ráð fyrir þeim möguleika að ákveðinn hluti þátttakenda átti sig ekki á því að þeir skilji ekki fræðitexta á sama hátt og innfæddir enskumælandi málhafar vegna grunns ensks orðaforða. Það þýðir að þeir þekkja til dæmis eingöngu eina eða tvær merkingar tiltekins orðs, eða tengja saman orðsifjafræðilega skyld orð sem hafa ekki endilega skyldar merkingar (t.d. *deter* „fæla frá“, *determine* „ákveða“, *determined* „ákveðinn“, *determination* „einbeitni“, *determinate* „afmarkaður“), en eru ekki endilega meðvitaðir um þessi takmörk. Leitast verður við að kanna dýpt orðaforða í þessari ritgerð í ljósi þessarar niðurstöðu. Einnig verður kannað hvort þátttakendur segist tala betri ensku en þeir telja sig tala í raun og veru, til að reyna að komast að því hvort ofmat einstaklinga hvað enskufærni varðar megi rekja til einhvers konar félagslegs þrýstings.

Birna Arnbjörnsdóttir (2011) kannaði einnig ensku á Íslandi í rannsókn sem snýr að því enskuáreiti sem Íslendingar verða fyrir. Þátttakendur ($n=1.200$) voru spurðir um bæði virka enskunotkun og óvirka. Virk notkun tungumáls á við þá færni sem snertir myndun, þ.e. tal og skrif. Óvirk notkun er hins vegar hlustun og lestur. 86% þátttakenda sögðust heyra ensku á hverjum degi og 65% þátttakenda sögðust heyra ensku í meira en einn klukkutíma á dag (*ibid.*:5). Tæpur helmingur þátttakenda (43%) sagðist lesa ensku á hverjum degi. Því er ljóst að Íslendingar verða fyrir miklu enskuáreiti dags daglega, en þegar litið er á virka enskunotkun kemur annars konar mynstur í ljós. Aðeins 19% þátttakenda sögðust tala ensku á hverjum degi, en stærstur hluti þeirra, eða 41%, sagðist tala ensku sjaldnar en einu sinni á mánuði. Helmingur þátttakenda sagðist skrifa á ensku sjaldnar en einu sinni á mánuði. Þessi niðurstöður sýna að flæði ensku virðist fyrst og fremst vera í eina átt: Íslendingar fá mikið enskuáreiti en virðist æfa sig mun minna sem gerir það að verkum að enskunotkun þeirra er frekar óvirk en virk. Óþarft er að

endurtaka slíka könnun í minni rannsókn, en þessar tölur sýna að Íslendingar eru slakari í að mynda (tala og skrifa) ensku en þeir eru að skilja hana. Í þessari rannsókn voru Íslendingar beðnir um að meta eigin færni í eftirfarandi þáttum ensku: hlustun, lestri, tali og skrifum. Í kafla 4 verður fjallað um að hversu miklu leyti viðhorf þátttakenda endurspeglir niðurstöður Birnu um virka og óvirka enskunotkun.

Birna Arnbjörnsdóttir (2015) tekur saman niðurstöður úr ýmsum rannsóknum sínum og notar þær til að kortleggja útbreiðslu ensku á Íslandi í tímans rás. Hún gerir greinarmun á hugtökunum „máldreifing“ (e. *language spread*) og „málfærsla“ (e. *language shift*). Máldreifing á við upptöku nýs tungumáls sem aukamáls, en málfærsla á sér stað þegar nýtt mál er tekið upp á kostnað annars máls. Sem dæmi um málfærslu má nefna írsku á Írlandi, sem hnignaði í þágu ensku (þessi þróun sýnir þó einhver merki um umsnúning meðal írskra borgarbúa)¹² og bretónsku í Frakklandi, sem hefur víða verið skipt út fyrir frönsku vegna málstefnu franska ríkisins. Birna vill meina að aðstæðum á Íslandi svipi frekar til máldreifingar en málfærslu (*ibid.*:199). Hún komst að þeirri niðurstöðu að það drægi úr notkun ensku eftir því sem þátttakendur eldast, og að öfuga þróun megi sjá meðal unglunga og barna, þ.e. að börn á 9–11 ára aldri noti ensku minna en börn sem hafa náð 15 ára aldri. Niðurstöðurnar virðast þó benda til þess að virk notkun ensku fari vaxandi meðal eldri barna og unglunga en tekur þó fram að þetta þurfi að rannsaka betur (*ibid.*:213–14). Birna dregur í efa fyrri ályktun sína um að Íslendingar séu ekki að verða að tvítyngdri þjóð (2007:74) og kallar eftir frekari rannsóknum og breytingum í menntakerfinu til að bregðast við breyttri stöðu ensku á Íslandi.

Í doktorsritgerð sinni tók enskukennarinn Anna Jeeves (2013) viðtöl við íslenska nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi ásamt fólki á vinnumarkaðnum á aldursbilinu 20–24. Jeeves spurði þá um viðhorf sín til ensku á Íslandi, þeirrar enskukennslu sem þeir fengu í skóla og þess hvernig þeir mátu sína eigin færni í ensku. Tilgangur rannsóknarinnar var að kortleggja viðhorf nemenda til hagnýts og persónubundins gildis enskukennslu í framhaldsskóla (*ibid.*:98). Rannsóknin átti að

¹² Þótt 39,8% Íra segist búa yfir kunnáttu í írsku talar aðeins 1,7% þeirra írsku utan skólatíma dags daglega (An Phríomh-Oifig Staidrimh 2016). Írsku er opinbert tungumál á Írlandi en í rauninni er enska næstum því einhliða notuð í stjórnsýslu, verslun og viðskiptum. Írskumælandi skólum hefur þó fjölgað til muna utan hefðbundinna yfiráðasvæða írsku (ír. *gaeltachtaí*): árið 1972 voru aðeins 11 slíkir skólar starfræktir en þeir eru nú orðnir 144 (Gaelscoileanna 2017).

leggja grunn að úrbótum í enskukennslu í íslenskum skólum (*ibid.*:99).

Í ljós kom að margir framhaldsskólanemendur töldu ensku vera auðvelt skólafag þar sem þeir þurftu ekki að leggja mikið af mörkum til að ná góðri einkunn (*ibid.*:153–6). Þátttakendur sögðust nota ensku mikið utan skólatíma í afþreyingarskyni, t.d. við áhorf erlendra sjónvarpsþátta og kvikmynda ásamt því að eiga í samskiptum á netinu. Anna taldi framhaldsnemendurna sem hún talaði við skorta leiðir til að meta sína eigin enskufæri og þá byggja mat sitt aðallega á skólaeinkunnum (*ibid.*:168). Nemendurnir nefndu einnig mikilvægi þess að búa yfir góðri kunnáttu í ensku þegar þeir ferðast til útlanda, og nokkrir nemendur ímynduðu sér að nota ensku í ferðalögum, jafnvel í löndum þar sem enska er ekki töluð (*ibid.*:171). Viðhorf framhaldsskólanemendanna til ensku voru að mestu leyti jákvæð en nokkrir þátttakendur lýstu yfir áhyggjum yfir því hversu ríkjandi enska væri í daglegu lífi á Íslandi og einn taldi að enska stofnaði íslensku í hættu að nokkru leyti (*ibid.*:172). Þá má einnig nefna að nokkrir þátttakendur í framhaldsskólahópnum töldu vanta betri kennslu í enskum framburði í skólum (*ibid.*:173).

Margir háskólanemendur sem Anna talaði við lýstu yfir jákvæðum viðhorfum til þeirrar enskukennslu sem þeir höfðu fengið í framhaldsskóla og sögðust njóta tækifærisins til að lesa enskar bókmenntir. Aðrir nemendur sögðu að sér fyndist enskutímar í framhaldsskóla leiðinlegir og þreytandi (*ibid.*:176–7). Flestir þeirra sögðust hafa notið góðs af enskukennslu í framhaldsskóla en þeim fannst hún flestum uppbyggjandi og auka sjálfsöryggi sitt (*ibid.*:178). Margir háskólanemendur sem Anna talaði við voru gagnrýnir í garð þeirrar enskukennslu sem þeir höfðu fengið í framhaldsskóla. Þátttakendum í háskólanemendahópnum fannst að meiri tíma mætti verja í að kenna fræðilegan eða vinnutengdan orðaforða og að kennarar ættu að gera meiri kröfur til nemenda (*ibid.*:184). Nokkrir þátttakendur í sama hópnum lýstu yfir erfiðleikum með að tjá sig á ensku þótt þeir sögðust bæði lesa og horfa á sjónvarpsefni á ensku, sem styður jafnframt þá tilgátu að virk færni Íslendinga sé slakari en óvirk færni þeirra (*ibid.*:188). Allir þátttakendur í háskólahópnum sögðust nota ensku í afþreyingarskyni, t.d. á netinu eða þegar þeir að hlusta á enska tónlist og horfa á enska þætti og kvikmyndir. Þátttakendum í vinnumarkaðshópnum fannst einnig að meiri kröfur mætti

gera til nemenda í enskutímum (*ibid.*:203). Þegar þessir þátttakendur rifjuðu upp enskunám sitt kom í ljós að nokkrir þeirra höfðu ekki góðan skilning á því sem þeir lærðu, t.d. nefndi einn þátttakandi að sér hefði þótt gaman að lesa *Dýrabæ* eftir George Orwell því hún hefði mikinn áhuga á dýrum (*ibid.*:201). Jeeves komst að þeirri niðurstöðu að óvirk færni (e. *receptive proficiency*) þátttakenda virtist fara batnandi samhliða auknu enskuáreiti en að það ætti hins vegar ekki við um virka færni þeirra. (*ibid.*:226). Einnig taldi hún yngri Íslendinga líta á ensku sem mál sem hentaði til óformlegra samskipta vegna þess að þeir fá mest áreiti í gegnum afþreyingarefni og tölvuleiki (*ibid.*:228). Loks má nefna þær niðurstöður Jeeves sem skipta mestu máli hér en þær voru að stór hluti þátttakenda taldi sig illa í stakk búinn til háskólanáms vegna ónógrar enskufærni (*ibid.*:230) sem styður niðurstöðu Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafðísar Ingvarsdóttur (2010).

Ásrún Jóhannsdóttir (2010) hefur líka rannsakað enskufærni íslenskra skólabarna í 4. bekk, áður en flestir grunnskólar hefja formlega enskukennslu. Rannsókn Ásrúnar gekk út á að mæla umfang orðaforða skólabarna í 4. bekk. Þátttakendur í rannsókninni þekktu að meðaltali 687 af þeim 1.250 talmálsorðum sem enskumælandi börn læra fyrst, en það var mikil fjölbreytni í niðurstöðunum sem sýnir að ekki búa allir þátttakendur yfir sömu færni í ensku (*ibid.*:14). Rannsóknin leiddi í ljós jákvæð tengsl milli áreitis frá ensku sjónvarpsefni, kvikmyndum og tónlist og einkunna í orðaforðaprófinu. Þessi tengsl virðast styrkja tilgátu Birnu Arnbjörnsdóttur (2007:54) um að enskuáreiti íslenskra barna sé mjög talmálslegt og háð samhengi.

1.5.2 Rannsóknir á ensku í viðskiptum

Staða ensku í íslensku viðskiptalífi hefur einnig verið rannsökuð. Hulda Jónsdóttir (2011) komst að því í rannsókn sinni að yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda notaði ensku í vinnunni, hins vegar sögðu aðeins 2,8% þátttakendur að ekki væri ætlast til þess að þeir noti ensku í vinnunni. 74,7% þátttakenda sögðust nota ensku daglega í vinnu (*ibid.*:22).

Á nokkrum vinnustöðum á Íslandi er vinnumálið enska. Enska sem vinnumál virðist vera bundin að mestu leyti við íslensk fyrirtæki sem reka skrifstofur í öðrum

löndum, svo sem CCP og Össur. Enska er jafnframt notuð í fyrirtækjum sem hafa hátt hlutfall erlendra starfsmanna sem óformlegt samskiptamál þótt enska hafi ekki endilega verið formlega skilgreind sem vinnumál (Hallfríður Þórarinsdóttir 2011:395–7).

Þó ber að nefna að sex ár eru liðin síðan þessi samantekt á notkun ensku á íslenskum vinnustöðum var gerð og síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í ljósi aukins ferðamannastraums er enska orðin mun algengari sem vinnumál, sérstaklega á vinnustöðum þar sem treyst er á erlent árstíðabundið vinnuafl. Í mörgum afgreiðslustörfum virðast ekki vera gerðar strangar kröfur um íslenskukunnáttu, einkum á svæðum þar sem ferðamenn eru meirihluti viðskiptamanna. Því þyrfti að endurtaka þessar rannsóknir til að sjá hvernig þróunin hefur verið síðastliðin sex ár.

1.5.3 Ályktanir

Þess má geta að flestar ofangreindra rannsókna eru orðnar nokkuð gamlar: elsta rannsóknin sem vísað er í að verða 15 ára gömul en sú nýjasta er frá 2013 (Birna Arnbjörnsdóttir dregur fyrri rannsóknir sínar saman í riti frá 2015 en birtir engar nýjar niðurstöður). Miklar breytingar hafa orðið á snjalltækni frá því að síðasta könnun Birnu var framkvæmd árið 2011. Spjaldtölvur eru að verða sífellt algengri á íslenskum heimilum, sérstaklega meðal fjölskyldna með ung börn vegna þeirra tækifæra sem slík tæki bjóða upp á til afþreyingar og menntunar. Ekki er gert ráð fyrir kynslóðinni sem fæddist eftir að aðgengi að spjaldtölvum og snjallsímum stórjókst í ofangreindu rannsóknunum en máltöku þeirra barna er ekki enn lokið. Þessi kynslóð verður ekki heldur könnuð í þessari rannsókn vegna þeirrar áherslu sem lögð verður á viðhorf og enda erfitt að spyrja ung börn um slíkt. Samt sem áður er vert að benda á þennan hóp til mögulegrar skoðunar í framtíðarrannsókn. Rannsóknarverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* mun vonandi leiða í ljós nýjar upplýsingar um áhrif snjalltækja á máltöku þessarar kynslóðar (Háskóli Íslands 2016).

Í þessari rannsókn verður reynt að fá almennara yfirlit yfir enskufærni Íslendinga og viðhorf þeirra til eigin enskufærni. Athyglisvert verður að skoða hvort einhver munur sé á færni milli ólíkra aldurshópa og viðhorfum til eigin færni. Með breiðara úrtaki úr öllum aldurshópum samfélagsins verður hægt að gera samanburð á þátttakendum undir

háskólaaldri sem eiga til að ofmeta færni sína og eldri hópum sem eiga að hafa raunsærri mynd af eigin enskukunnáttu. Hópur þátttakenda með fjölbreyttan menntunarbakgrunn er líka æskilegur að því leyti að hægt verður að taka tillit til notkunar ensku í vinnu og í samskiptum við útlendinga, sem menntaskóla- og háskólanemendur hafa takmarkaðri reynslu af. Slík notkun ensku krefst ekki eins breiðs orðaforða og gæti þar af leiðandi skekkt viðhorf því þeir sem nota ensku mikið í samskiptum við útlendinga, einkum ferðamenn, eru líklegri til að fá jákvæða endurgjöf um færni sína þótt hún sé takmörkuð við eitt þröngt notkunarsvið (t.d. afgreiðslu í minjagripaverslun).

1.6 Rannsóknarspurningar

Í ljósi umræðunnar í síðasta kafla um stöðu ensku og íslensku á Íslandi var ákveðið að rannsaka viðhorf Íslendinga til eigin enskukunnáttu og að hve miklu leyti þessi viðhorf samræmast raunkunnáttu Íslendinga í ensku. Nánar tiltekið gengur þessi rannsókn út á að svara þessum þremur rannsóknarspurningum:

- (4) a. Er sú kenning að Íslendingar ofmeti enskukunnáttu sína réttmæt og ef svo er að hversu miklu leyti er enskukunnáttu Íslendinga ofmetin? Er munur á milli aldurshópa og/eða kynja?
- b. Eru þeir sem telja enskukunnáttu sína vera sambærilega enskukunnáttu málfæddra sem eiga ensku að móðurmáli líklegri til að gera villur í enskunotkun sinni og hvers eðlis eru slíkar villur?
- c. Hversu mikið er um yfirfærslu úr íslensku yfir á ensku og er hún mismikil eftir aldri, kyni, menntunarstigi og sjálfsmati á enskukunnáttu?

Leitast verður við að svara þessum spurningum með könnun sem var lögð fyrir Íslendinga með ólíkan bakgrunn.

Ef kenningin í (4a) er rétt má búast við því að flestir Íslendingar meti enskukunnáttu sína sem 9 eða 10 á kvarða þar sem 10 er kunnáttu á borð við kunnáttu innfæddra enskumælandi málfædda. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að karlmenn eru líklegri til að ofmeta kunnáttu sína í mörgum námsgreinum og búist er við að sú verði einnig raunin í þessari könnun. Því hefur einnig verið haldið fram að unglingar á grunn- og framhaldsskólastigi séu líklegri til að ofmeta enskukunnáttu sína en aðrir því þeir hafa

þrengra notkunar svið hvað varðar ensku. Enskunotkun þeirra er að miklu leyti óvirk sem bendir til þess að þeir eigi flestir ekki í miklum samskiptum við fólk frá enskumælandi löndum í skólaumhverfinu, þótt þeir séu líklegir til að verða fyrir talsverðu enskuáreiti dags daglega.¹³

Samkvæmt kenningu (4b) munu þeir sem meta enskukunnáttu sína sem 9 eða 10 gera fleiri villur en þeir sem eru með lægra sjálfsmat, t.d. 6 eða 7. Ef raunin verður sú að óháskólagengnir ungir karlmenn séu líklegastir til að ofmeta sig má eiga von á að þeir hafi grynri og þrengri orðaforða en aðrir hópar.

Ef þessum hópi gengur verst í skilningsprófinu getum við átt von á að það sé meira um yfirfærslu úr íslensku yfir á ensku í þeirra máli (4c). Svo er líklega að eldra fólk sem lærði dönsku sem annað mál í skóla og ensku sem þriðja mál geri fleiri villur og sýni meiri yfirfærslu í máli sínu. Spurning er hvernig þetta fólk metur enskukunnáttu sína og hvort það ofmeti kunnáttu sína í meira eða minna mæli en ungt fólk.

Sérstök áhersla verður lögð á aldamótakynslóðina (e. *millennials*) við úrvinnslu könnunarinnar. Þessi kynslóð fæddist um aldamótin og nær yfir þá sem eru allt að 35 ára gamlir. Aldamótakynslóðin sker sig úr að nokkru leyti. Í fyrsta lagi er hún fyrsta kynslóðin sem lærði ensku sem annað mál í skóla en ekki dönsku. Þessi kynslóð fékk því meiri og ef til vill markvissari enskukennslu en kynslóðir á undan.¹⁴ Í öðru lagi varð hún fyrir miklu meira enskuáreiti eftir tilkomu internetsins. Eins og kom fram í kafla 1.3.2 er hún líklegri til að lesa miðla á ensku, og horfa á ótextað sjónvarpsefni og myndbönd, þar sem eldri kynslóðir horfa meira á textað efni í sjónvarpinu og bíói. Í þriðja lagi er hún mun vanari því að nota tækin sín, t.d. tölvur og snjallsíma, á ensku. Skortur á íslenskum þýðingum á helstu stýrikerfum og hugbúnaði hefur gert það að verkum að þessi kynslóð hefur alist upp með heilt svið (e. *domain*), þ.e. tölvur og snjalltæki, þar sem staða íslensku er mjög veik eða ekki notuð yfirhöfuð. Þetta er

¹³ Þess má geta að virk enskunotkun unglunga er mismikil eftir áhugamálum. Börn sem spila tölvuleiki þar sem hægt er að eiga samskipti við aðra notendur sama hvar þeir eru í heimi fá væntanlega fleiri tækifæri til að æfa virka færni í ensku enda fer spjallið aðallega fram á ensku.

¹⁴ Eins og fram kom í kafla 1.5.1 hafa Birna Arnbjörnsdóttir og fleiri sett fram efasemdir um að enskukennsla undirbúi nemendur nógu vel undir háskólanám. Þetta stafar meðal annars af því að það eru miklu meiri kröfur gerðar til nemenda að ná góðum tókum á ensku en áður fyrr en enskukennsla í skólum hefur ekki endilega versnað.

töluverð breyting frá fyrri kynslóðum sem ólust ekki upp með tölum.

Af þessum ástæðum má búast við að enska hjá þessari kynslóð sé betri, en einnig má búast við að fólk af þessari kynslóð sé líklegra til að ofmeta kunnáttu sína því það er í svo mikilli snertingu við ensku í daglegu lífi. Enska hjá fólki af þessari kynslóð er þó eins og sagt var áður oftast óvirk nema það hafi búið í útlöndum eða þurfi að tjá sig oft á ensku.

Búist er við að þátttakendur með hærra menntunarstig hafi raunsærri mynd af eigin enskufærni en þeir sem eru með lægra menntunarstig. Ástæðan fyrir þessu er sú að þeir sem hafa lokið háskólanámi eru líklegir til að hafa þurft að lesa fræðitexta á ensku þar sem orðaforðinn er mjög flókinn, auk þess að hafa þurft að flytja fyrirlestra og kynningar á ensku. Hins vegar er líklegt að þeir sem hafa ekki lokið háskólanámi hafi ekki þurft að nota ensku á sama hátt (þótt þeir noti hana kannski jafn mikið t.d. í samskiptum við vinnufélaga) og þar af leiðandi hefur ekki reynt á enskufærni þeirra á sama hátt og hjá menntaðri þátttakendum.

2 Könnun

Gögnum var safnað um viðhorf Íslendinga til eigin enskukunnáttu og óvirk enskufærni þeirra metin með vefkönnun. Í þessum kafla verður könnunin kynnt.

Þessi kafli skiptist í fimm undirkafla. Í fyrsta undirkaflanum verður forrannsóknir kynntar. Forkönnun var framkvæmd á netinu til að sýna fram á fýsileika prófsetninga. Þátttakendur voru allir innfæddir enskumælandi málhafar. Síðan var gögnum safnað af spjallþræði á netinu um viðhorf Íslendinga til íslensku og erlendra áhrifa á hana.

Í öðrum undirkaflanum verður fjallað um uppbyggingu aðalkönnunarinnar. Þriðji undirkaflinn snýst um rannsóknaraðferðina. Í fjórða undirkaflanum er umræða um prófsetningarnar í hverjum hluta aðalkönnunarinnar og rök færð fyrir því af hverju þessar setningar urðu fyrir valinu. Loks í fimmta undirkaflanum koma fram upplýsingar um þátttakendur í aðalkönnuninni.

2.1 Forrannsóknir

2.1.1 Forkönnun

Áður en aðalkönnunin var hönnuð var ákveðið að prófa uppbyggingu könnunarinnar og mögulegar setningar á enskum málhöfum. Forkönnun var gerð sem varð síðan að fyrirmynd aðalkönnunarinnar. Hún skiptist í þrjá hluta: skilningspróf, yfirfærslupróf og persónulegar upplýsingar. Henni var dreift í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook. Forkönnunina er hægt að skoða í heild sinni í viðauka III.

Alls tóku 92 manns þátt í forkönnuninni. 55,4% ($n=51$) þátttakenda voru karlar, 42,4% ($n=39$) konur og 2,2% ($n=2$) þátttakenda voru af öðru kyni. 81,5% ($n=75$) þátttakenda voru undir 35 ára aldri. Þátttakendur voru með fjölbreyttan mállýskubakgrunn: 67,4% ($n=62$) þátttakenda höfðu enska ensku¹⁵ að móðurmáli, 13,0% ($n=12$) bandaríska ensku og 3,3% ($n=3$) ástralska ensku.

Í skilningshlutanum voru sex prófsetningar lagðar fyrir þátttakendur og þeir beðnir um að velja þá skýringarsetningu sem þeim fannst passa best við merkingu

¹⁵ Þ.e. enska eins og hún er töluð í Englandi. Þátttakendum var gefinn kostur á að velja ástralska, bandaríska, enska, írsku eða skoska ensku, eða skrifa aðra mállýsku ensku í textareit.

prófsetningarinnar. Hverri setningu er úthlutað auðkenni þar sem *Fk* stendur fyrir forkönnun og *S* fyrir skilningshluta. Prófssetningarnar voru þessar (skáletrun táknað próforð):

(5)

- [FkS1] We go to Spain *in* three weeks. [viðmið]
[FkS2] I need to switch *carriers*, this one's not working for me.
[FkS3] Adrian is so *stressed* about the journey.
[FkS4] U.S. politicians are *chomping at the bit* to legalise medical marijuana.
[FkS5] *Industrious* students have the best chance of succeeding in life.
[FkS6] London's *burgeoning* tourist industry spells trouble for the future.

Í yfirfærsluhlutanum voru sjö setningar lagðar fyrir þátttakendur og þeir beðnir um að dæma hvort þær væru tækar eða ótækar. Þátttakendur máttu líka lýsa yfir óvissu eða að þeir skildu ekki viðkomandi setningu. Þátttakendur urðu ekki varir við það að verið væri að prófa yfirfærslu úr íslensku. Prófssetningarnar voru þessar (skáletrun táknað próforð):

(6)

- [FkY1] Claire *said up* her job contract just like that.
[FkY2] The chef only uses the very best *raw materials* in her dishes.
[FkY3] We've *done up* the house twice since we bought it.
[FkY4] *It was danced* all night long.
[FkY5] *It's all the same to me* whether we walk or cycle.
[FkY6] Iceland produces *one of the best beer* in the world.
[FkY7] Who do you think *that* owns the car?

Í kafla 2.5 er fjallað ítarlega um hverja setningu fyrir sig og af hverju hún var notuð í aðalkönnuninni eða henni hafnað eftir forkönnunina. Tafla 2 og 3 sýna niðurstöður bæði úr skilnings- og yfirfærsluhlutum forkönnunarinnar. Prósenturnar sem koma fram í öðrum dálknum tákna hlutfall þátttakenda sem völdu áætlaða rétta svarið.

Eins og sjá má á töflum 2 og 3 voru niðurstöður eins og búist var við í flestum tilfellum. Setning FkS3 fékk þó mjög óskýrar niðurstöður. Þátttakendur máttu velja hvort orðið þýddi meira *stressed* „undir áreynslu“ eða *nervous* „taugatrekktur“ eða hvort báðar merkingar pössuðu jafn vel. 59,8% ($n=55$) þátttakenda fannst báðar merkingar passa jafn vel. Þetta er ekki það sem búist var við: aðeins fyrsta merkingin, „undir áreynslu“, átti að vera möguleg. Á íslensku getur *stressaður* verið notað í báðum þessum merkingum. Kannski hefði átt að velja öðruvísi skýringarorð á ensku til að greina merkingarnar betur að. Fyrst niðurstöðurnar urðu svo óafgerandi var ákveðið að

skipta þessari setningu út fyrir aðra í aðalkönnuninni. Setning FkY2 fékk líka betri dóma en búist var við. Áætlað var að meirihluti þátttakenda myndi hafna orðinu *raw materials* í merkingunni „hráefni í mat“. Þessi niðurstaða er útskýrð betur í kafla 3.3.2.

Tafla 2: Skilningshluti

Setning	%	<i>n</i>
FkS1 – <i>in:for</i>	98,9%	91
FkS2 – <i>carrier</i>	94,6%	87
FkS3 – <i>stressed</i>	14,1%	13
FkS4 – <i>chomping at the bit</i>	84,8%	78
FkS5 – <i>industrious</i>	91,3%	84
FkS6 – <i>burgeoning</i>	85,9%	79
<i>Meðaltal</i>	78,3%	72

Tafla 3: Yfirfærsluhluti

Setning	%	<i>n</i>
FkY1 – <i>said up</i>	84,8%	78
FkY2 – <i>raw materials</i>	33,7%	31
FkY3 – <i>done up</i>	94,6%	87
FkY4 – <i>it was danced</i>	85,9%	79
FkY5 – <i>all the same to me</i>	90,2%	83
FkY6 – efsta stig í et.	90,2%	83
FkY7 – „ <i>that trace violation</i> “	83,7%	77
<i>Meðaltal</i>	80,4%	74

Forkönnunin sýndi að flestar setninganna væru nothæfar en setningum sem færri en 80% þátttakenda skildu eða samþykktu var sleppt í aðalkönnuninni. Undantekning var þó gerð fyrir setningu FkY2úr yfirfærsluhlutanum í samráði við rýnishópinn. Ástæðan fyrir því er sú að athyglisvert yrði ef mun fleiri Íslendingar samþykktu orðin *raw materials* í merkingunni „hráefni í mat“ en innfæddir enskumælandi málhafar.

Þar sem niðurstöður forkönnunarinnar voru að mestu leyti eins og búist var við var ákveðið að halda þeirri uppbyggingu sem notuð var í henni í aðalkönnuninni.

2.1.2 Spjallþráður á Reddit

Áður er forkönnuninni var dreift var ákveðið að búa til þráð á spjallsíðunni Reddit.

Tilgangur þess var að safna eigindlegum upplýsingum um afstöðu Íslendinga til íslenskrar tungu. Leitast var við að athuga hvort fólk hefði orðið vart við áhrif frá ensku og hvaða máli íslenska skipti fyrir þjóðvitund þeirra. Fimm spurningar voru lagðar fyrir notendur síðunnar:

- (7)
 - a. Hver er afstaða þín til íslenskustefnu ríkisins, ef einhver?
 - b. Finnst þér mikilvægt að búa til íslensk orð yfir ný/innflutt hugtök?
 - c. Lítur þú á íslenska tungu sem ómissandi þátt í því að vera Íslendingur?
 - d. Finnst þér íslenska hafa breyst mikið undanfarin ár? Er þessi þróun jákvæð/neikvæð?
 - e. Hefur þú tekið eftir einhverjum nýjungum í málinu og hvað finnst þér um þær?

Spurningarnar voru að hluta til byggðar á rannsókn Hönnu Óladóttur (2007) sem snerist um viðhorf Íslendinga til eigin tungumáls. Fyrstu þrjár spurningarnar ganga út á að kanna hvort svarendur séu almennt upplýstir um málstefnu ríkisins, hvort hreintungustefnan sé ennþá mikilvæg í dag og hvaða máli íslenska skipti fyrir þjóðvitund svarenda. Síðan var spurt hvort svarendur hafi tekið eftir einhverjum breytingum á íslensku og hver afstaða þeirra sé til þessara breytinga.

Tilgangurinn með spurningunum var að safna eigindlegum upplýsingum um virðingu fyrir íslensku til að setja niðurstöður úr könnuninni um viðhorf til ensku í eitthvert samhengi. Þessi forrannsókn var ekki framkvæmd á fræðilegan hátt og því má draga áreiðanleika hennar í efa. Samt sem áður á hún að gefa yfirsýn yfir þau viðhorf sem Íslendingar hafa til íslensku. Annað markmið var að sjá hvort enska skipti einhverju máli fyrir sjálfsvitund þátttakenda (e. *identity-forming role*), þ.e.a.s hvort þátttakendur tengdu sig frekar við enskumælandi menningarheim en þann íslenskumælandi.

Alls fengust 78 svör á spjallþræðinum. Skiptar skoðanir voru meðal svarenda, en greint verður frá nokkrum völdum svörum við hverri spurningu. Nokkur óvissa ríkti meðal svarenda um málstefnu ríkisins, en svör voru að mestu leyti jákvæð:

- Meira fylgjandi en á móti. Mannanafnalögin finnast mér til dæmis eiga rétt á sér.
- Ég fíla hana. Ég veit ekki hvort stefna ríkisins hafi einhver svakaleg áhrif, mesta aðhaldið finnast mér koma frá samfélaginu, fjölmiðlum, og menntasamfélaginu.
- Ég er sammála að hafa íslensku sem ríkismál, mér þykir vænt um hana auk sem hún er í raun latína norðurlandamálanna. Hún er stórmerkileg en margur landinn fátta þáð varla sjálfur.

Einum svaranda fannst að ríkið mætti gera betur:

- Stefnan er ekki nógu skýr né nær hún nógu langt. Mannanafnanefnd hefur leyft allt of mikið að erlendum nöfnum og aðfarir að nefndinni eru til skammar. Ríkið ætti að stuðla að því að hugbúnaður verði þýddur auk þess að setja ókeypis orðabók á netið, bæði íslensk-íslenska og ensk-íslenska og íslensk-enska.

Flestir viðurkenndu þó að þeir þekktu ekki stefnu ríkisins nógu vel:

- Þekki ekki stefnuna... hvar get ég fundið hana?
- Ég veit ekki alveg hver íslenskustefna ríkisins er en ég heyri að þeir vilji eyða helling af peningum til að varðveita hana og viðhalda henni núna og í framtíðinni þegar að tæknin hefur tekið yfir stóran part af málnotkun okkar.
- Hef ekki kynnt mér hvort stefnan hafi breyst með núverandi ríkisstjórn en hingað til

virðist hugmyndafræðin vera að vernda íslenskuna með því að loka hana af.

Svarendum fannst að tungumálastefna ríkisins ætti að vera aðgengilegri og skýrari, en síðasti svarandinn virtist ekki vera hrifinn af hreintungustefnu: hann talaði um að íslenska sé „lokuð af“.

Mjög margir svarendur töldu mikilvægt að búa til íslensk nýyrði yfir ný hugtök:

- ...[F]ólk ætti að sjá sóma sinn í því að nota þau orð í stað enskusletta.
- Mér finnst það mjög mikilvægt. Enkuslettur eru hræðilegar.
- Mér finnst það mikilvægt, já. Það verða alltaf til ný og ný hugtök á ensku og ef íslenskan bætir ekki við sig nýyrðum þá endar það með því að hún verði of gamaldags til þess að vera nothæf.
- Já. Mér þykir enskuskotið mál hallærislegt. Sérstaklega þykir mér hallærislegt að hlusta á menntað fólk í tækni- og vísindagreinum halda háskólafyrirlestra þar sem annað hvert orð er á ensku.
- Þegar ég var unglingur fannst mér það asnalegt og tilgangslaust en í dag átta ég mig betur á því hversu mikilvægt það er að varðveita tungumál líkt og íslensku.

Stór hluti svarenda taldi mikilvægt að reyna að búa til íslensk nýyrði, en mörgum fannst að stundum væri gengið of langt:

- Já og nei. Sumt er illa hægt að þýða, annað hefur verið illa þýtt nú þegar .
- Hef skiptar skoðanir á þessu. Það er sjálfsagt að reyna, en það á bara að troða þeim í orðabækur ef nýyrði ná flugi umfram slettuna.
- Já en ekki fara út í öfgar. Ég vil frekar „íslenzka“ orð heldur en að búa til ný skítléleg.

Enginn svarandi lýsti yfir sterkri andstöðu við að smíða íslensk nýyrði, en sumir sögðust frekar vilja nota ensk orð í ákveðnu samhengi (t.d. innan fræðigreina):

- Fyrir hluti sem allir nota, innan fræðigreina, nei.
- Veit ekki hversu mikilvægt mér finnst það, en ég myndi líklegast halda áfram að nota ensk orð þrátt fyrir að það væru til íslensk orð. Finnst íslensk orð vera svo skrytín stundum.

Hreintungustefnan virðist ekki vera alveg horfin úr hugum svarenda. Flestir svarendur töldu mikilvægt að búa til íslensk nýyrði, eða reyna að gera það í því minnsta, þó nokkrir sögðust nota stundum enskt orð þótt þeir þekktu íslenska orðið.

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda var sammála því að íslensk tunga væri ómissandi þáttur í því að vera Íslendingur:

- Gerir nokkur það ekki? Það verður enginn Íslendingur án þess að vera fullfær á

íslenska tungu.

- Já. Ég myndi aldrei kalla mig Rússa nema ég væri altalandi Rússnesku.
- Tungumálið er það sem aðskil okkur frá Bretadjöflunum.
- Sannarlega. Ég hristi höfuðið svolítið yfir þessum útlendingum sem starfa á veitingastöðum / hótelum sem kunna ekki stakt orð, mér þykir eiginlega dónalegt að búa í landi án þess að leggja sig fram við að læra málið.

Það var þó einn sem taldi íslensku ekki vera lykilatriði í þjóðvitund Íslendinga:

- Nei, getur alveg verið Íslendingur þótt þú kannt ekki Íslensku að mínu mati!

Svörin sýna þó að íslenska er enn mjög mikilvæg í þjóðvitund Íslendinga.

Þegar svarendur voru spurðir um breytingar á málinu nefndu flestir aukna tíðni enskuslettna á undanförunum árum:

- Það er augljóslega mikil aukning á tökuorðum, sérstaklega núna þegar tækni framfarir eru hraðari en tungumálið getur haldið í við.
- Fólk er farið að sletta mjög mikið. Hef tekið sérstaklega eftir þessu á netinu.
- Mér finnst ég heyra mikið meira af slettum en ég heyrði áður — það er helsta breytingin sem ég tek eftir.
- Ég heyri meira notað af slettum fyrir heilar setningar, Fólk stundum getur ekki orðað hugsunina sína nægilega vel á íslensku og grípur þá til enskra hugsana.
- Miklu fleiri slettur og sum orð ekki notuð lengur.

Tveir af ofangreindu svarendunum nefndu tækniþróun í sambandi við aukna tíðni slettna. Aðeins nokkrir svarendur nefndu aðrar breytingar. Einn nefndi hvarf þérunar. Annar svarandi sem virtist þekkja eitthvað til málfræði sagði að viðtengingarhátturinn væri „við dauðans dyr“, og nefndi þar að auki nýja þolmyndina, þágufallssýki, „ofnotkun forsetninga“ (væntanlega tilvísun í eignarfallsflótta) og ofnotkun *maður* á kostnað *ég*. Þessi svarandi skar sig úr með þekkingu sína á málvísindum. Aðrir sögðust ekki hafa tekið eftir breytingum á íslensku.

2.2 Aðferð

Aðalkönnuninni var dreift á netinu og hún send á fjölbreyttan hóp Íslendinga með ólíkan bakgrunn. Dörnyei (2007:121) hefur fjallað um kosti vefkannana, meðal annars að þær séu ódýrar í framkvæmd, auðveldi úrvinnslu og að þær tryggi nafnleynd sem eykur áreiðanleika niðurstaðna. Vefkönnunum er jafnframt hægt að dreifa til mun stærri

og fjölbreyttari hópa en hefðbundnum símakönnunum eða skriflegum könnunum. Auk þess er niðurstöðum skilað rafrænt sem auðveldar úrvinnslu og greiningu á svona stóru úrtaki. Þessi tegund kannana er þó ekki án galla, til dæmis er að erfitt að tryggja jafna þátttöku hvað varðar til dæmis kyn og aldur þátttakenda vegna þess að fólk velur sjálft hvort það taki þátt eða ekki. Annar galli er sá að ekki er hægt að tryggja að fólk svindli ekki á prófhlutum með því að nota hjálpargögn af einhverju tagi, t.d. orðabækur eða rafrænar málfræðibækur. Sömuleiðis er ekki hægt að tryggja að þátttakendur hjálpi ekki hver öðrum við að velja rétt svör.

Í þessu tilfelli var ákveðið að kostir vefkannana væru þyngri á metunum en gallarnir. Tengslanet höfundar við Íslendinga er takmarkað sem hefði dregið úr áreiðanleika niðurstaðna vegna smæðar úrtaks en með því að dreifa könnuninni í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook yrði þátttaka miklu meiri en aðrar aðferðir bjóða upp á. Vinir höfundarins og þátttakenda deildu könnuninni áfram með vinum sínum og þannig náði hún til miklu stærri hóps en ella. Þó er vert að nefna að þessi dreifingarleið getur skekkt niðurstöður í þágu tiltekins hóps, t.d. kvenna eða fólks í ákveðnu aldursbili, því fólk er líklegra til að eiga vini með svipaðan lýðfræðilegan bakgrunn og það sjálft. Til að sporna gegn þessu var tengill að könnuninni settur inn á Facebook-hópinn *Gefins, allt gefins*, sem nær yfir breiðan hóp Íslendinga með ýmsan bakgrunn.

Könnunin var hönnuð þannig að hún skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta hlutanum eru viðhorf þátttakenda til eigin enskufærni könnuð. Þá var enskufærni þátttakenda prófuð í tveimur hlutum. Fyrsti hlutinn einblíndi á skilning á enskum setningum og annar hlutinn á yfurfærslu íslensks orðaforða og setningargerðar yfir á ensku. Loks voru þátttakendur spurðir um persónuleg atriði eins og kyn, aldur og menntunarstig. Nánari umfjöllun um uppbyggingu könnunarinnar er í kafla 2.3.

Ákveðið var að prófa skilning þátttakenda á enskum setningum til að mæla breidd og dýpt ensks orðaforða þeirra. Með því að prófa sömu setningar á málhöfum með ensku að móðurmáli er hægt að gera beinan samanburð á færni hópanna tveggja. Yfurfærsla úr íslensku er líka mikilvægur mælikvarði á færni þátttakenda. Íslenska og enska eru náskyld mál og eiga margt sameiginlegt hvað varðar málfræði og

kjarnaorðaforða, til dæmis eru til agnarsagnir í báðum málunum,¹⁶ og hafa mikinn sameiginlegan hversdagslegan orðaforða.¹⁷ Yfirfærsla úr íslensku ætti að vera meiri meðal þeirra sem búa yfir slakari færni. Hún getur líka verið merki þess að viðkomandi þátttakandi ofmeti færni sína því hann tekur ekki endilega eftir því að hann er að gera villur.

Skilningur var mældur með eyðufyllingarprófi og yfirfærsla var mæld með dómprófi. Þessum prófum er lýst ítarlega í kafla 2.4. Forkönnun var framkvæmd hjá innfæddum enskumælandi málhöfum til að mæla hversu nothæfar setningar væru í aðalkönnuninni eins og kom fram í kafla 2.1.1.

2.3 Uppbygging könnunarinnar

Fyrsti hluti könnunarinnar fjallar um sjálfsmat skilnings og viðhorf. Fólk var beðið um að meta sína eigin færni í ensku með tilliti til talaðs máls, skilnings á töluðu máli, lesturs og skriflegrar færni. Línulegur kvarði frá 1 upp í 10 var notaður, þar sem 1 táknaði mjög slaka færni og 10 stóð fyrir kunnáttu eins og hjá innfæddum. Upphaflega var skalinn hafður þannig að fólk átti að velja hversu sammála það væri t.d. staðhæfingunni „mér finnst ég vera góð(ur) í að skilja ensku“, þar sem 1 var mjög ósammála og 5 var mjög sammála. Þessu var síðan breytt eftir samráð við rannsóknarhóp verkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (hér á eftir kallaður „rýnihópurinn“) þar sem þetta orðalag þótti of leiðandi.

Síðan var spurt hvaða enskumállýskur fólki fyndist auðveldast og erfiðast að skilja. Fólki var gefinn kostur á að haka við eina eða fleiri mállýsku ensku: ástralska ensku, bandaríska ensku, enska ensku, írsku ensku eða skoska ensku. Þótt mun fleiri mállýskur af ensku séu til var ákveðið að þrengja valið að þessum fimm sem Íslendingar

¹⁶ Sem dæmi má nefna sagnirnar *gefa* og *give*, sem hafa nokkrar sameiginlegar merkingar, t.d. *gefa út* „birta“ : *give out*, *gefast upp* „gefa upp á bátinn“ : *give up* (sama ögn og merking) og *gefa eftir* „láta undan“ : *give in* (sama merking, öðruvísi ögn).

¹⁷ Íslenska og enska eiga mikinn orðaforða erfðan frá germönsku (t.d. *bók* : *book*, *hönd* : *hand*, *hús* : *house*, *skip* : *ship*, *tré* : *tree*) en það eru jafnframt mörg tökuorð af fornorrænum uppruna í ensku (t.d. *cake* „kaka“, *egg* „egg“, *guest* „gestur“, *mistake* „mistök“). Þó er nánast alltaf blæbrigðamunur á milli íslensku og ensku, t.d. er e. *house* næstum eingöngu notað um heimili þar sem ísl. *hús* er notað í miklu breiðari merkingu sem svarar oft til e. *building*. Þessi munur greiðir leiðina fyrir merkingarlega yfirfærslu í báðar áttir.

eru líklegastir til að hafa komist í snertingu við. Fólki var líka gefinn kostur á að fylla út aðrar mállýskur í textareit.

Síðan var spurt hvort fólki fyndist erfitt að skilja þá sem ekki hafa ensku að móðurmáli þegar þeir tala ensku, um mikilvægi þess að kunna ensku, hvernig fólki fyndist Íslendingar standa sig í ensku miðað við aðrar þjóðir, hvort fólk segðist hafa betri tök á ensku en það hefði í raun og veru og að lokum hvort fólk upplifði félagslegan þrýsting til að tala góða ensku. Fyrir þessar spurningar var línulegur kvarði frá 1 upp í 5 notaður, þar sem 1 stendur fyrir mjög ósammála og 5 fyrir mjög sammála.

Annar hlutinn snýst um að meta raunskilning þátttakenda á ensku. Enskar setningar voru lagðar fyrir þátttakendur og þeir beðnir um að velja á milli tveggja íslenskra setninga sem ná yfir merkinguna. Þátttakendum var líka gefinn kostur á að segja að þeir skildu ekki ensku setninguna. Setningarnar prófa bæði málfræði og orðaforða. Sóst var eftir því að setningarnar væru ekki allar á sama flækjustigi. Fyrsta setningin (AkS1) var til dæmis mjög einfalt forsetningarpróf:

- (8) „We go to Spain in three weeks“ *
- Við förum til Spáner í þrjár vikur
 - Við förum til Spáner eftir þrjár vikur
 - Ég ekil ekki þessa setningu

Sumar setningar voru með orðum sem er oft ruglað saman, t.d. *carrier* (á móti *career*) og hversdagslegum orðasamböndum eins og *chomping at the bit*.

Í þriðja hlutanum voru þátttakendur síðan beðnir um að dæma setningar sem sýndu mögulega yfirfærslu úr íslensku yfir á ensku og meta hvort þær væru tækar eða ótækar á ensku. Í fyrstu drögum að könnuninni voru tvær af sjö setningum tækar en afgangurinn ótækur. Síðar var ákveðið að fjölga tækum setningum til þess að hvetja þátttakendur til að klára prófið. Einnig var einni setningu skipt út eftir að setningarnar voru prófaðar á innfæddu enskumælandi fólki þar sem merkingin var tvíræð (nánar er fjallað um það í kafla 2.4.2).

Í fjórða hlutanum voru þátttakendur beðnir um að svara nokkrum spurningum um sjálfa sig. Þeir voru beðnir að gefa upp kyn sitt, hvaða aldurshópi þeir tilheyrðu af sjö mögulegum (sjá kafla 2.5) og segja hvaða menntunarstigi þeir höfðu náð. Að lokum

voru þátttakendur spurðir hvaða önnur tungumál þeir töluðu en íslensku¹⁸ og hvort þeir hefðu einhvern tímann búið í enskumælandi landi, og ef svo er hversu lengi (miðað var við sex mánaða dvöl eða lengri).

Hægt er að skoða könnunina í heild sinni í viðauka II.

2.4 Setningar

Setningarnar sem lagðar voru fyrir þátttakendur voru hannaðar til að prófa ólíka þætti enskrar málfræði, mismunandi setningagerðir og orðaforða. Við val á orðaforða var reynt að nota orð sem eru ekki einkennandi fyrir aðeins eina mállýsku ensku, þar sem Íslendingar fá mest áreiti í gegnum bandaríska fjölmiðla þótt þeir læri flestir breska ensku í skóla. Auðkenni allra setninga í aðalkönnuninni byrja á Ak (aðalkönnun) og eins og í forkönnunarkaflanum verða bókstafirnir S og Y notaðir til að tákna hvorn prófhluta könnunarinnar fyrir sig.

2.4.1 Skilningshluti

Lokaútgáfa skilningshluta könnunarinnar innihélt alls sjö setningar. Í þessum hluta könnunarinnar var áhersla lögð á að prófa orðaforða en ein setning var viðmiðunarsetning sem prófaði málfræði. Setningarnar voru svohljóðandi:

(9)

[AkS1]	We go to Spain <i>in</i> three weeks.	[viðmið]
[AkS2]	I need to switch <i>carriers</i> (this one's not working for me).	
[AkS3]	(Personally I think) going skiing this time of year's a <i>daft</i> idea.	
[AkS4]	Get out of the way, stop being so <i>awkward</i> !	
[AkS5]	U.S. politicians are <i>chomping at the bit</i> to legalise medical marijuana.	
[AkS6]	<i>Industrious</i> students have the best chance of succeeding in life.	
[AkS7]	Iceland's <i>burgeoning</i> tourist industry spells trouble for the future.	

Skáletruðu orðin sýna það sem verið var að prófa með hverri setningu. Í sumum setningum var auka samhengi gefið innan sviga til þess að lágmarka mögulega mistúlkun.

Yfirlýsing úr íslensku. Setning AkS1 prófar málfræðilega yfirlýsingu úr

¹⁸ Þessi spurning átti að vera valfrjáls en mistök voru gerð í uppsetningu könnunarinnar og þau komu ekki í ljós fyrr en könnuninni hafði verið dreift.

íslensku. Á ensku er forsetningin *in* með tímabili notuð til að tákna að umræddur atburður eigi sér stað að tímabilinu loknu. Á íslensku er *i* hins vegar notuð á sama hátt og e. *for*. Allir sem hafa lært ensku eiga að hafa tileinkað sér þennan mun frekar snemma, og notkun á rangri forsetningu hér teldist grundvallarmálfræðivilla. Sama setningin var prófuð á innfæddum enskum málhöfum ($n=92$) og 98,9% þeirra völdu rétta merkingu. Þar af leiðandi er þetta góð setning til að prófa á Íslendingum.

Villandi orð. Setningar AkS2 og AkS6 prófa þekkingu á villandi orðum. Í setningu AkS2 er orðið *carrier* „símafyrirtæki, beri“ (framburður á BrE: [ˈkæɹiə]) prófað sem þeir sem hafa ensku sem annað mál rugla oft saman við *career* „starfsferill“. Bókstaflega þýðir *carrier* „beri“ (framburður á BrE: [kəˈɹiə]) en orðið er örugglega flestum enskum málhöfum kunnugt í merkingunni „símafyrirtæki“, a.m.k. fyrir utan Bretlandseyjar.¹⁹ Hugsanlegt er að lesblindur innfæddur enskur málhafi gæti ruglað þessum tveimur orðum saman í ritmáli, en það er samt ólíklegt út frá samhenginu, og ef til vill ómögulegt í talmáli vegna mismunandi framburðar. Þessi setning var líka prófuð á innfæddum enskumálhöfum en 94,6% þeirra völdu rétta merkingu. Þar af leiðandi er þetta góð setning til að prófa Íslendinga á.

Í AkS6 var orðið *industrious* „duglegur“ prófað en það er mögulega villandi fyrir þá sem hafa þrengri enskan orðaforða, þar sem þeir væru líklegri til að tengja það að einhverju leyti við nafnorðið *industry* „iðnaður“. Segja má að þetta orð sé falsvinur. Orðið leggur áherslu á mikilvægan mun á ensku og íslensku. Á íslensku er auðvelt að leiða lýsingarorð af nafnorðum með því að bæta lýsingarorðsviðskeyti við. Á ensku er þetta líka hægt, en mörg orð, sérstaklega tökuorð, ganga í gegnum merkingarbreytingu þegar viðskeyti er skeytt við þau. Þetta getur líka gerst í íslensku en er mun sjaldgæfara en í ensku (sjá umræðu um merkingartilbrigði orða í ensku í kafla 1.5.1). Þrjú valkostir voru gefnir fyrir þetta orð: „duglegir nemendur“, „glöggir nemendur“ eða „nemendur sem vinna við iðnaðarstörf“. Hér er verið að prófa bæði hvort fólk átti sig á því að orðið er falsvinur, og líka hvort fólk átti sig á þeim fína merkingarmuni sem er á „duglegur“ og „glöggur“. 91,3% innfæddra enskra málhafa völdu rétta merkingu við þessa setningu

¹⁹ Orðið *carrier* er ekki mikið notað í merkingunni „símafyrirtæki“ á Bretlandseyjum, þar sem orðið (*mobile*) *network* verður oftast fyrir valinu, en *carrier* er kunnugt flestum sem nota snjallsíma vegna áhrifa bandarískrar ensku á tölvuorðasafn enskunnar.

og þar af leiðandi er áhugavert að prófa Íslendinga á henni líka.

Stærð og umfang orðaforða. Setningar AkS3, AkS4, AkS5 og AkS7 prófa bæði breidd og dýpt orðaforða (sjá kafla kafla 1.5.1 fyrir skilgreiningu á þessum hugtökum) hjá þátttakendum. Í setningu AkS5 kemur nokkuð algengt orðasamband fram, *chomping at the bit*, sem á að vera flestum enskumálhöfum kunnugt (forkönnunin staðfestir þetta, en 84,8% þátttakenda völdu rétta merkingu). Þetta er aftur á móti mjög talmálslegt orðatiltæki og því ólíklegra að Íslendingar hafi rekist á það í því takmarkaða enskuáreiti sem hafa flestir fengið. Setning AkS7 prófar sjaldgæfan orðaforða með orðinu *burgeoning* „vaxandi“, en 85,9% ($n=79$) innfæddra enskumælandi málhafa völdu rétta merkingu. Setningum AkS3 og AkS4 var bætt við eftir að enska forkönnunin var framkvæmd (fjallað er um þetta nánar í kafla 3.3.2). Í setningu AkS3 er verið að prófa talmálslegan orðaforða með orðinu *daft* „asnalegur“, sem er ekki meðal 3.000 algengustu orða ensku (Longman Dictionaries Online 2017). Því má segja að allar ofanefndar setningar prófi breidd orðaforða. Setning AkS4 prófar aftur á móti dýpt orðaforða með orðinu *awkward* sem hefur þrjár aðalmerkingar í ensku: (1) erfiður (um manneskju eða hlut), (2) vandræðalegur (í félagslegu samhengi) og (3) klaufalegur. Önnur merkingin er algengust og Íslendingar eru því líklegri til að þekkja aðeins þá merkingu. Hér skiptir yfirfærsla úr íslensku líka máli, því *vandræðalegur* getur ekki verið notað í merkingu (1) og (3). Þess vegna er þetta gott orð til að prófa, því einstaklingur með grunnan orðaforða er líklegri til að þekkja bara eina af merkingunum þremur, þar sem innfæddur enskumælandi málhafi myndi eflaust þekkja allar þrjár.

2.4.2 Yfirfærsluhluti

Í þessum hluta könnunarinnar var áherslan á að kanna umfang yfirfærslu úr íslensku yfir á ensku hjá Íslendingum. Yfirfærsla var skoðuð með tilliti til bæði málfræði, setningargerðar og orðaforða. Setningarnar voru átta:

(10)

- | | | |
|--------|---|----------|
| [AkY1] | *I eat <i>never</i> fish. | [viðmið] |
| [AkY2] | *Claire <i>said up</i> her job contract just like that. | |
| [AkY3] | ?The chef only uses the very best <i>raw materials</i> in her dishes. | |
| [AkY4] | We've <i>done up</i> the house twice since we bought it. | |

- [AkY5] *It was danced all night long.
 [AkY6] It's all the same to me whether we walk or cycle.
 [AkY7] *Iceland produces one of the best beer in the world.
 [AkY8] *Who do you think that owns the car?

Stjórnumerktar setningar eru ótækar í ensku en sú sem er merkt með spurningarmerki er umdeild (sjá þarnaestu málsgrein). Prófefni setninganna skiptist upp í eftirfarandi atriði:

Yfirlærsla orðaforða. Setningar AkY2 og AkY3 prófa yfirlærslu íslensks orðaforða yfir á ensku. Í setningu AkY2 er verið að prófa hvort fólk yfirlærri merkingu sagnasambandsins *segja upp* yfir á ensku. Þetta dæmi var notað að tillögu rýnihópsins, en einn meðlimur í honum hafði heyrt dæmi um yfirlærslu af þessu tagi hjá kunningja. Þetta er ótæk setning á ensku þótt báðir liðir sagnasambandsins séu til í ensku. Þegar setningin var lögð fyrir enska málhafa höfnuðu 84,8% þeirra ($n=78$) þessari setningu og 10,9% þeirra ($n=10$) sögðust ekki skilja setninguna. Þess vegna er þetta góð setning til að prófa Íslendinga á. Í réttri mynd væri setningin *Claire terminated her job contract just like that*.

Setning AkY3 prófar líka yfirlærslu merkingar orðsins *hráefni* úr íslensku yfir á ensku. Á ensku er orðið *ingredients* yfirleitt notað í þessu samhengi, en *raw materials* er bókstafleg þýðing. Ákveðið var að nota þessa setningu eftir höfundur sá dæmi um *raw materials* í þessari merkingu á skilti fyrir utan íslenskan veitingastað. Niðurstaða ensku könnunarinnar um þessa setningu var ekki eins afgerandi og búast mátti við, en 65,2% þátttakenda ($n=60$) sögðust telja þetta eðlilega enska setningu. Möguleg útskýring á þessu eru vaxandi vinsældir sjónvarpsþátta eins og *MasterChef*, þar sem lagt er mikið upp úr tæknilegum atriðum matreiðslunnar. Í svona samhengi er hugsanlegt að orðið *raw materials* gæti verið notað í merkingunni „hráefni í mat“, en yfirleitt á *raw materials* við óunnið efni eins og við, stein, málm og annað slíkt. Hægt hefði verið að þrengja mögulegar túlkanir þessarar setningar aðeins með breyttu orðalagi, t.d. með því að skipta *very best raw materials* út fyrir *very freshest raw materials*, sem er óeðlilegri samansetning orða á ensku. Ákveðið var að halda þessari setningu í könnuninni þrátt fyrir þessa galla til að sjá hvort einhver munur kæmi fram hjá Íslendingum samanborið við innfædda enskumælandi málhafa.

Yfirlærsla setningargerðar. Í setningum AkY1, AkY5, AkY7 og AkY8 er verið

að prófa yfirfærslu íslenskrar setningargerðar yfir á ensku. Setning AkY1 var viðmiðunarsetning, með öðrum orðum áttu allir þátttakendur að hafna henni. Á ensku kemur atviksorðið á undan sögninni: *I never eat fish*, en sögnin helst í öðru sæti á íslensku: *ég borða aldrei fisk*. Í setningu AkY5 er yfirfærsla ópersónulegrar þolmyndar prófuð. Setningar eins og *það var dansað alla nóttina* eru gjaldgengar og algengar á íslensku en þessi formgerð er ekki til í ensku. 85,9% ($n=79$) innfæddra málhafa ensku höfnuðu þessari setningu, þannig að þetta er góð setning til að prófa Íslendinga á. AkY7 prófar yfirfærslu á eintölu í efsta stigi sem kemur fram á íslensku í setningum eins og *Ísland framleiðir einn besta bjór í heimi*. Þessi formgerð er ekki leyfileg á ensku enda verður nafnliðurinn að vera í fleirtölu. Í setningu AkY8 er yfirfærsla á svokölluðu „*that trace violation*“ prófuð. Á ensku gengur ekki að hafa *that* á undan aukasetningunni. 83,7% ($n=77$) þátttakenda í ensku forkönnuninni höfnuðu þessari setningu, sem er aðeins lægra hlutfall en búist var við. Samt sem áður hafnar yfirgnæfandi meirihluti enskra málhafa þessari setningu.

Fölsk yfirfærsla. Setningar AkY4 og AkY6 eru báðar tækar enskar setningar sem ganga nánast óbreyttar á íslensku. Með setningu AkY4 er verið að prófa dýpt orðaforða í ensku með sagnasambandinu *do up* „gera upp [endurnýja]“, sem er gott og gilt á báðum málum. Mig grunaði að mörgum Íslendingum fyndist þetta orðasamband of íslenskulegt til að vera gjaldgengt á ensku, en ætlunin var að kanna hvort þátttakendur hefðu einhverja tilfinningu fyrir þessu. Orðasambandið er mjög hversdagsleg og eðlileg enska, og er notað mjög báðum megin Atlantshafsins. 94,6% ($n=87$) þátttakenda í ensku forkönnuninni samþykktu þessa setningu sem eðlilega ensku. Í setningu AkY6 er annað dæmi um falska yfirfærslu úr íslensku með orðasambandinu *it's all the same to me* „mér er alveg sama“. Þetta orðasamband er meira eða minna eins á báðum málum. 90,2% ($n=83$) þátttakenda í ensku forkönnuninni fannst setning AkY6 vera eðlileg ensk setning.

Athyglisvert er að í samtölum við rýnishópinn um prófsetningar var fólk fljótt að dæma tiltekið orð eða orðatiltæki sem „breskt“ ef það þekkti það ekki. Ekkert orð eða eða orðatiltæki sem prófað er í könnuninni er notað eingöngu á einu ensku mállýsku-svæði, en þessi viðbrögð veita innsýn í viðhorf Íslendinga til breskrar ensku, nefnilega

að hún þykir afbrigðileg eða skrýtin að einhverju leyti á meðan bandarísk enska er staðalmállýskan. Staðalenska margra suðurhvelslanda og afrískra landa er til dæmis byggð á breskri ensku (Hickey 2012:17), en Íslendingar eru að sjálfsögðu undir miklu meiri menningarlegum áhrifum frá Bandaríkjunum en öðrum enskumælandi löndum.

2.5 Þátttakendur

Alls tóku 1.543 manns þátt í könnuninni. Fyrir aðalkönnunina var sú krafa gerð að þátttakendur hefðu íslensku að móðurmáli og þar að auki ekki ensku að móðurmáli.²⁰

Tafla 4: Aldursdreifing þátttakenda í aðalkönnun

Aldurshópur	<i>n</i>	%
<13 ára	8	0,5
14–17 ára	50	3,2
18–24 ára	194	12,6
25–34 ára	264	17,1
<i>Samtals undir 35 ára</i>	<i>516</i>	<i>30,2</i>
35–44 ára	293	19,0
45–64 ára	616	39,9
>65 ára	118	7,6
Samtals	1.543	100,0

Eins og sjá má á töflu 4 var aldursdreifing þátttakenda frekar jöfn. Tæpur einn þriðji hluti þátttakenda, eða 30,4%, er undir 35 ára aldri, sem er hin svokallaða aldamóta-kynslóð (e. *millennials*). Þessi kynslóð ólst upp með miklu meira enskuáreiti en eldri kynslóðir, því hún var fyrsta kynslóðin þar sem börn höfðu aðgang að netinu á unglingsaldri.

72,1% þátttakenda voru konur, 27,3% karlar og 0,6% af öðru kyni. Æskilegt hefði verið að fá aðeins jafnari kynjadreifingu, en kyn er samt ekki ein af aðal-breytunum sem verið er að rannsaka í þessu verkefni. Samt verður skoðað hvort einhver munur sé á kynjunum hvað varðar ofmat á eigin enskufærni, en hlutföll verða notuð þannig að heildarfjöldi þátttakenda af hverju kyni skiptir ekki máli í því samhengi.

²⁰ Þessari kröfu var þó ekki hægt að framfylgja stranglega, sjá umræðu um galla vefkannana í kafla 2.2.

Menntunarstig þátttakenda var frekar hátt. Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda sem eru 25 ára eða eldri, eða 75,1% ($n=969$) hefur lokið grunnnámi í háskóla, meistaraþráðu eða doktorsþráðu.²¹ Þetta er aðeins yfir spánni sem er lögð fyrir í síðustu úttekt um menntun Íslendinga (OECD 2014), þar sem kom fram að því að 60% Íslendinga ættu von á að ljúka háskólaþráðu einhvern tímann á lífsleiðinni (miðað við brautskráningartölur frá árinu 2012). Áætlað brautskráningarhlutfallið var hærra hjá konum, en 78% íslenskra kvenna eru með háskólaþráðu á móti 48% karla samkvæmt sömu könnun. Meðal þátttakenda í könnuninni sem eru 25 ára eða hafa 76,2% kvenna ($n=717$) lokið háskólaþrófi á móti 72% ($n=247$) karla.²² Mismunurinn milli kynja er ekki nema 4,2 prósentustig og því ekki tölfræðilega marktækur ($p=0,125148$), ólíkt því sem spár OECD gera ráð fyrir. Þetta bendir til þess menntunarstig karla sé töluvert hærra en hjá Íslendingum almennt. Líklegt er að margir þeirra sem lokið hafa háskólaþrófi hafi þurft að lesa námsefni á ensku og þónokkur hluti þeirra þurft að skrifa verkefni eða halda kynningar á ensku í námi sínu en í þessari könnun var ekki spurt sérstaklega um það.

²¹ Hér er aðeins miðað við þá aldurshópa sem gætu mögulega haft lokið háskólanámi, þ.e. þátttakendur sem eru 25 ára eða eldri. Sama viðmiðun er notuð við úrvinnslu niðurstaðna um áhrif menntunarstigs á sjálfsmat þátttakenda (sjá kafla 3.4.2).

²² Af þeim sjö þátttakendum sem sögðust vera af öðru kyni höfðu fimm þeirra (71,4%) lokið háskólaþrófi.

3 Niðurstöður

3.1 Viðhorf til eigin enskukunnáttu

Tafla 5 sýnir hlutfall þátttakenda sem völdu hverja einkunn fyrir sig (frá 1 upp í 10, þar sem 1 er mjög slök færni og 10 er eins og hjá innfæddum). Sjálfsmatinu er skipt upp eftir færniþáttum í tal, hlustun, lestur og skrif. Fyrir hvern færniþátt eru gefnar niðurstöður eftir kyni og svo meðaltal fyrir alla þátttakendur. Hæstu hlutföllin í hverri röð eru feitletruð.


Tafla 5: Sjálfsmat þátttakenda í aðalkönnun á eigin færni í ensku

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Tal										
- Karlar	1,4%	0,2%	1,4%	3,6%	5,7%	8,8%	20,0%	25,7%	21,6%	11,6%
- Konur	0,9%	0,4%	2,3%	2,8%	7,8%	10,1%	22,9%	32,4%	14,0%	6,5%
- Annað kyn	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	11,1%	11,1%	11,1%	11,1%	22,2%	33,3%
<i>Meðaltal</i>	<i>1,0%</i>	<i>0,3%</i>	<i>2,1%</i>	<i>3,0%</i>	<i>7,3%</i>	<i>9,7%</i>	<i>22,0%</i>	<i>30,4%</i>	<i>16,1%</i>	<i>8,0%</i>
Hlustun										
- Karlar	0,2%	0,1%	0,4%	0,5%	2,3%	4,9%	11,0%	22,4%	31,8%	26,5%
- Konur	0,1%	0,1%	0,4%	0,5%	2,1%	4,1%	14,6%	33,4%	30,0%	14,9%
- Annað kyn	0,0%	2,9%	0,0%	0,0%	0,0%	8,8%	10,3%	23,5%	39,7%	14,7%
<i>Meðaltal</i>	<i>0,1%</i>	<i>0,1%</i>	<i>0,4%</i>	<i>0,5%</i>	<i>2,1%</i>	<i>4,4%</i>	<i>13,6%</i>	<i>30,3%</i>	<i>30,5%</i>	<i>18,1%</i>
Lestur										
- Karlar	0,0%	0,1%	0,3%	1,0%	1,4%	2,7%	8,9%	24,7%	27,3%	33,4%
- Konur	0,1%	0,1%	0,6%	0,9%	2,0%	3,3%	10,0%	31,5%	34,2%	17,3%
- Annað kyn	1,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	8,5%	0,0%	22,5%	25,4%	42,3%
<i>Meðaltal</i>	<i>0,1%</i>	<i>0,1%</i>	<i>0,5%</i>	<i>1,0%</i>	<i>1,8%</i>	<i>3,2%</i>	<i>9,6%</i>	<i>29,6%</i>	<i>32,2%</i>	<i>21,9%</i>
Skrif										
- Karlar	0,2%	0,3%	1,4%	3,2%	5,7%	8,5%	17,4%	24,4%	18,6%	20,3%
- Konur	0,2%	0,5%	1,2%	2,6%	5,0%	10,4%	27,0%	28,0%	15,7%	9,5%
- Annað kyn	0,0%	0,0%	8,8%	0,0%	0,0%	0,0%	10,3%	23,5%	13,2%	44,1%
<i>Meðaltal</i>	<i>0,2%</i>	<i>0,4%</i>	<i>1,3%</i>	<i>2,7%</i>	<i>5,2%</i>	<i>9,8%</i>	<i>24,3%</i>	<i>27,0%</i>	<i>16,5%</i>	<i>12,7%</i>


Fyrir alla færniþætti nema skrifaða ensku meta karlar sína eigin færi betri en konur.

Myndir 2 og 3 sýna vel þessar niðurstöður (punktalínan sýnir meðaltal alls hópsins fyrir alla færniþætti):

Mynd 2: Sjálfsmat karla á eigin enskufærni (skipt niður eftir færniþáttum)



Mynd 3: Sjálfsmat kvenna á eigin enskufærni (skipt niður eftir færniþáttum)



Stærsti hluti kvenna gefur ensku sinni einkunnina 8 í öllum færniþáttum nema lestri, en hlutfallið er mun lægra hjá körlunum. Fleiri karlar meta sig betri en konur, þ.e. gefa sér einkunnirnar 9 eða 10. Minna en 20% kvenna gefa sér einkunnina 10, en á milli 11,6% og 33,4% karla gefa sér sömu einkunn fyrir sömu hæfileika. Að meðaltali gefa 22,9% karla sér 10 en aðeins 12,5% kvenna. Þessar niðurstöður styðja því þá tilgátu að karlar séu líklegri til að ofmeta færni sína en konur.

3.2 Skilningur

Í þessum undirkafla verða niðurstöður úr skilningshluta aðalkönnunarinnar kynntar.

Setningarnar sem voru prófaðar í þessum hluta eru rifjaðar hér upp:

(11)

[AkS1]	We go to Spain <i>in</i> three weeks.	[viðmið]
[AkS2]	I need to switch <i>carriers</i> (this one's not working for me).	
[AkS3]	(Personally I think) going skiing this time of year's a <i>daft</i> idea.	
[AkS4]	Get out of the way, stop being so <i>awkward</i> !	
[AkS5]	U.S. politicians are <i>chomping at the bit</i> to legalise medical marijuana.	
[AkS6]	<i>Industrious</i> students have the best chance of succeeding in life.	
[AkS7]	Iceland's <i>burgeoning</i> tourist industry spells trouble for the future.	

Tafla 6 sýnir hlutfall og fjölda þeirra sem svöruðu rétt, rangt eða sögðust ekki skilja viðkomandi setningu í skilningshluta könnunarinnar. Að meðaltali svöruðu 65,2% þátttakenda ($n=1.005$) rétt og 27,5% þátttakenda ($n=425$) rangt.

Tafla 6: Niðurstöður úr skilningshluta aðalkönnunar

Setning	Rétt		Rangt		Skil ekki	
	%	n	%	n	%	n
AkS1 – <i>in:for</i> [viðmið]	95,7%	1.476	3,3%	51	1,0%	16
AkS2 – <i>carrier</i>	53,6%	827	42,5%	656	3,9%	60
AkS3 – <i>daft</i>	93,7%	1.445	2,5%	39	3,8%	59
AkS4 – <i>awkward</i>	24,2%	374	73,2%	1.130	2,5%	39
AkS5 – <i>chomping...</i>	38,8%	599	35,5%	547	25,7%	397
AkS6 – <i>industrious</i>	69,5%	1.072	27,0%	417	3,5%	54
AkS7 – <i>burgeoning</i>	80,7%	1.245	8,6%	133	10,7%	165
Meðaltal	65,2%	1.005	27,5%	425	7,3%	113

Þetta virðist lofa góðu fyrir enskukunnáttu Íslendinga því þátttakendur velja rétta merkingu í meirihluta (65,2%) tilfella. Til samanburðar völdu enskir málfarar rétta merkingu í 78,3% ($n=72$) tilfella að meðaltali í forkönnuninni, en þar verður að taka tillit til þess að prófsetning AkS1 sem lögð var fyrir enska málfara fékk mun dreifðari niðurstöður en hinar setningarnar. Ef þessari setningu er sleppt úr meðaltalinu hækkar það upp í 91,1% ($n=84$). Á milli þessa meðaltals og meðaltals Íslendinga í skilningshlutanum munar 25,9 prósentustigum. Þessi munur er tölfræðilega marktækur

($p=0,000015$)²³ og sýnir að þótt Íslendingar séu nokkuð góðir í að skilja prófsetningar hafa þeir að meðaltali ekki kunnáttu á borð við innfædda enskumælandi málhafa.

Þegar hver setning er skoðuð fyrir sig fáum við nákvæmari mynd af því hvar munurinn á enskufærni Íslendinga og innfæddra enskra málhafa liggur. Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda í könnuninni (95,7%) hefur tamið sér regluna um notkun forsetninganna *in* og *for* eins og prófað var í viðmiðunarsetningu AkS1. Svipað hlutfall þátttakenda (93,7%) völdu rétta merkingu orðsins *daft* í AkS3. Næstbesta niðurstaðan er fyrir prófsetningu AkS7, þar sem orðið *burgeoning* var prófað. 80,7% þátttakenda völdu rétta merkingu, en taka þarf tillit til samhengis: *Iceland's burgeoning tourist industry*. Hugsanlegt er að staða ferðaþjónustunnar á Íslandi (þ.e. að hún er í stöðugum vexti) hafi haft áhrif á svör þátttakenda, með öðrum orðum hafi þeir giskað á rétta merkingu út frá efnahagslegum raunveruleika á Íslandi. Erfitt er að meta að hversu miklu leyti þetta hefur haft áhrif á niðurstöðuna. Athyglisvert er að hlutfall þeirra sem segjast ekki skilja setninguna (10,7%) er næsthæst fyrir setningu AkS7.

Fyrir setningu AkS6 völdu um það bil tveir þriðju hlutar þátttakenda rétta merkingu. Af þeim tæpa þriðjungi þátttakenda sem völdu ranga merkingu fyrir orðið *industrious* völdu 10,7% þátttakenda ($n=163$) merkinguna „glöggir [nemendur]“ en 16,5% þátttakenda ($n=254$) merkinguna „[nemendur] sem vinna við iðnaðarstörf“. Hér er um greinileg áhrif frá nafnorðinu *industry* að ræða (nánari umfjöllun í kafla 4).

Rúmur helmingur þátttakenda, eða 53,6% ($n=827$) valdi rétta merkingu fyrir setningu AkS2 þar sem munurinn á *carrier* og *career* var prófaður. Athyglisvert er að fáir sögðust ekki skilja setninguna, þannig að um það bil helmingur þátttakenda völdu vitlausa merkingu en hélt að þeir hefðu rétt fyrir sér. Samhengi setningarinnar átti að útiloka röngu merkinguna.

Þátttakendum gekk hvað verst að velja rétta merkingu fyrir setningu AkS4. Þessi setning prófar dýpt orðaforða, nefnilega með orðinu *awkward* (sjá kafla 3.3.1 fyrir útskýringu á merkingu þessa orðs). Aðeins 25,2% þátttakenda ($n=374$) völdu rétta merkingu. Meirihluti þátttakenda virðast hafa þekkt orðið í að minnsta kosti einni

²³ Þeim sem svöruðu „skil ekki“ í aðalkönnuninni var sleppt í útreikningi p -gildis til að gera beinan samanburð mögulegan. Alls staðar í þessari ritgerð er miðað við tölfræðilega marktækni á $p<0,05$.

merkingu, enda aðeins 2,5% þátttakenda ($n=39$) sem sögðust ekki skilja setninguna.

3.2.1 Samanburður við innfædda enskumælandi málhafa

Eins og fram hefur komið var tilgangur forkönnunarinnar að prófa hentugleika setninganna fyrir aðalkönnunina, en hún skilaði líka gagnlegum gögnum sem nýta má til að bera saman enskuhæfni innfæddra enskumælandi málhafa og Íslendinga. Ekki voru allar setningar úr forkönnuninni notaðar í aðalkönnuninni, en hægt er að bera niðurstöður úr forkönnuninni saman við niðurstöður úr aðalkönnuninni fyrir þær setningar sem voru notaðar til að átta sig á því hvar hæfnimunur liggur og hvað hann er mikill.


Tafla 7 sýnir niðurstöður úr forkönnuninni og aðalkönnuninni hlið við hlið. *En* stendur fyrir innfædda enskumælandi málhafa og *Ísl* fyrir Íslendinga. Hlutföll þátttakenda sem svöruðu rétt, rangt eða skildu ekki setninguna eru gefin upp. Munurinn á milli hópa er líka gefinn upp fyrir þá sem svöruðu rétt.

Tafla 7: Samanburður á niðurstöðum skilningshluta úr aðalkönnun og forkönnun

Setning	Rétt			Rangt		Skil ekki	
	En	Ísl	Munur	En	Ísl	En	Ísl
FkS1/AkS1 – <i>in:for</i> [viðmið]	98,9%	95,7%	3,2%	0,0%	3,3%	1,1%	1,0%
FkS2/AkS2 – <i>carrier</i>	94,6%	53,6%	41,0%	0,0%	42,5%	5,4%	3,9%
FkS4/AkS5 – <i>chomping...</i>	84,8%	38,8%	46,0%	1,1%	35,5%	14,1%	25,7%
FkS5/AkS6 – <i>industrious</i>	91,3%	69,5%	21,8%	6,5%	27,0%	2,2%	3,5%
FkS6/AkS7 – <i>burgeoning</i>	85,9%	80,7%	5,2%	9,8%	8,6%	4,3%	10,7%
<i>Meðaltal</i>	91,1%	67,7%	23,5%	3,5%	23,4%	5,4%	9,0%

Eins og búast má við valdi yfirgnæfandi meirihluti innfæddra enskumælandi málhafa (91,1%) að meðaltali rétta merkingu fyrir hverja setningu. Meirihluti Íslendinga valdi rétta merkingu líka, en meirihlutinn er töluvert minni (67,7%, eða u.þ.b. einum þriðjungi minni). Mynd 4 sýnir niðurstöðurnar á myndrænan hátt.

Mynd 4: Tíðni réttra svara í skilningshlutanum



Niðurstöðurnar fyrir setningaparið FkS1/AkS1 þar sem forsetningin *in* var prófuð eru sambærilegar, en merkilegt er að enginn innfæddur enskumælandi málhafi valdi ranga merkingu. Stór munur er á milli niðurstaðnanna fyrir setningaparið FkS2/AkS2.

Yfirgnæfandi meirihluti enskra málhafa (94,6%) valdi rétta merkingu, nokkrir lýstu yfir óvissu (5,4%), en enginn valdi ranga merkingu. Aftur á móti valdi tæpur helmingur Íslendinga ranga merkingu, eða 42,5%. Þetta sýnir að öllum líkindum fram á hljóðfræðilegan rugling á orðunum *carrier* og *career* sem innfæddir enskumælandi málhafa eru ekki viðkvæmir fyrir. Það munar 41,0 prósentustigi á milli enskra málhafa og Íslendinga sem svöruðu rétt fyrir þessa setningu.

Svipaður munur er sjáanlegur fyrir setningaparið FkS4/AkS5, þar sem orðatiltækið *chomping at the bit* er prófað, en það munar 46,6 prósentustigum á milli hópanna tveggja. 84,8% enskra málhafa völdu rétta merkingu en aðeins 38,8% Íslendinga. Aðeins 1,1% enskra málhafa völdu ranga merkingu á móti 35,5% Íslendinganna.

Minni munur var á milli hópanna þegar þeir svöruðu setningarparinu FkS5/AkS6 sem prófar skilning á orðinu *industrious*. Meirihluti í báðum hópum valdi rétta merkingu en það munar 21,3 prósentustigi á milli hópanna. Varla nokkrir innfæddir enskumælandi málhafar völdu ranga merkingu, einungis 6,5%, en tæpur þriðjungur Íslendinga, eða 27%, valdi rangt svar.

Ekki var mikill munur á niðurstöðum fyrir setningaparið FkS6/AkS7 þar sem

skilningur á orðinu *burgeoning* er prófaður. Reyndar völdu fleiri enskir málfarar ranga merkingu en Íslendingar. Eins og fram kom í kafla 4.2.1 er mikill uppgangur í íslenskri ferðaþjónustu mögulegur áhrifaþáttur á þessa niðurstöðu.

3.3 Yfirlýsing

Í þessum undirkafla verða niðurstöður úr yfirlýsingu hluta aðalkönnunarinnar kynntar.

Setningarnar sem voru prófaðar eru rífaðar hér upp:

(12)

[AkY1]	*I eat <i>never</i> fish.	[viðmið]
[AkY2]	*Claire <i>said up</i> her job contract just like that.	
[AkY3]	?The chef only uses the very best <i>raw materials</i> in her dishes.	
[AkY4]	We've <i>done up</i> the house twice since we bought it.	
[AkY5]	* <i>It was danced</i> all night long.	
[AkY6]	It's <i>all the same to me</i> whether we walk or cycle.	
[AkY7]	*Iceland produces <i>one of the best beer</i> in the world.	
[AkY8]	*Who do you think <i>that</i> owns the car?	

Tafla 8 sýnir hlutfall og fjölda þeirra sem svöruðu rétt, svöruðu rangt eða voru ekki vissir hvort setningin væri tæk eða ekki. Stjórnumerktar setningar eru ótækar. Að meðaltali svöruðu 60,8% þátttakenda ($n=1.005$) rétt. Færri þátttakendur svöruðu því rétt í þessum hluta könnunarinnar en í skilningshlutanum, þar sem 65,2% þátttakenda ($n=1.005$) völdu rétta svarið. Mismunurinn er 4,4 prósentustig. Auk þess völdu töluvert fleiri ranga svarið í yfirlýsinguhlutanum en í skilningshlutanum: 36,9% þátttakenda ($n=425$) svöruðu rangt á móti 27,5% þátttakenda ($n=425$) í skilningshlutanum. Mismunurinn er 9,4 prósentustig. Líklegt er að fleiri hafi giskað á svarið í yfirlýsinguhlutanum því valið var á milli þriggja valkosta: tæk, ótæk eða veit ekki.

Næstum því allir þátttakendur völdu rétta svarið fyrir ótæku viðmiðunarsetninguna (6a) og höfnuðu henni, eins og búist var við. Mjög fáir vissu ekki hvort setningin var tæk eða ótæk: aðeins 14 þátttakendur. Setning (6b) var einnig ótæk og flestir þátttakendur (88,4%, $n=1.364$) höfnuðu henni líka, en ekki eins margir og höfnuðu viðmiðunarsetningunni. 9,6% þátttakenda ($n=148$) töldu hana vera tæka.

Tafla 8: Niðurstöður úr yfirfærsluhluta aðalkönnunar

Setning	Rétt		Rangt		Veit ekki	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
AkY1 – V2* [viðmið]	97,0%	1.496	2,1%	33	0,9%	14
AkY2 – <i>said up</i> *	88,4%	1.364	9,6%	148	2,0%	31
AkY3 – <i>raw materials</i> *	18,8%	290	78,0%	1.204	3,2%	49
AkY4 – <i>done up</i>	26,4%	408	70,6%	1.090	2,9%	45
AkY5 – <i>it was danced</i> *	85,5%	1.319	11,9%	184	2,6%	40
AkY6 – <i>all the same to me</i>	78,7%	1.214	18,8%	290	2,5%	39
AkY7 – efsta stig í et.*	30,9%	477	67,3%	1.039	1,8%	27
AkY8 – „ <i>that trace</i> “*	85,9%	1.326	12,8%	197	1,3%	20
<i>Meðaltal</i>	60,8%	938	36,9%	570	2,3%	35

Öðruvísi mynstur er í niðurstöðunum fyrir næstu tvær setningarnar. 78,0% ($n=1.204$) töldu AkY3 vera tæka setningu en eins og fjallað var um í kafla 2.1.1 samþykktu mun fleiri enskir málhafar þessa setningu en búist var við. Fjallað verður um muninn á þessum niðurstöðum á milli Íslendinga og enskra málhafa í kafla 4.3.1.

Niðurstöðurnar fyrir setningu AkY4 (próforð: *done up*) koma á óvart.

Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda (70,6%, $n=1.090$) hafnaði henni þótt hún sé tæk. Þessi setning átti að vera dæmi um „falska yfirfærslu“ úr íslensku, með öðrum orðum lítur sagnasambandið *done up* út fyrir að vera beinþýtt úr íslensku, nema maður viti að þetta sé líka gott og gilt sagnasamband á ensku. Meirihluti þátttakenda (78,7%, $n=1.214$) samþykkti setningu AkY6 (próforð: *all the same to me*), sem var líka dæmi um falska yfirfærslu úr íslensku, en töluverður hluti þátttakenda (18,8%, $n=290$) hafnaði henni þótt hún sé tæk.

Rúmlega tveir þriðju hlutar þátttakenda ($n=1.039$) samþykktu setningu AkY7 sem er dæmi um setningafræðilega yfirfærslu úr íslensku: *one of the best beer in the world*. Þessi niðurstaða er þó ekki eins áreiðanleg og hún á að vera því munurinn *beer* og *beers* er ekki mjög áberandi þegar orðið er lesið í fljótu bragði. Líklegt er að margir þátttakendur hafi lesið orðið *beer* sem *beers* og samþykkt hana þess vegna frekar en að þeir teldu eintölumyndina vera rétta í þessu samhengi. Fjallað verður nánar um galla við þessa niðurstöðu í kafla 4.

Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda (85,9%, $n=1.326$) hafnaði setningu AkY8

sem var með dæmi um svokallað „*that trace violation*“ eins og búist var við. Flestir þátttakendur virðast vita að þessi setningagerð er ekki leyfileg í ensku.

3.3.1 Samanburður við innfædda enskumælandi málhafa

Samanburður á niðurstöðum Íslendinga og innfæddra enskumælandi málhafa á að gefa okkur skýra mynd af umfangi yfurfærslu úr íslensku í ensku Íslendinga. Hægt er að útiloka alla yfurfærslu úr íslensku í niðurstöðum enskra málhafa því enginn þátttakandi í forkönnuninni talaði íslensku. Vert er að minna á að enskir málhafar máttu líka velja „ég skil ekki“ sem svar í yfurfærsluhlutanum en þessum svörum var sleppt hér til að gera beinan samanburð mögulegan.


Tafla 9: Samanburður á niðurstöðum yfurfærsluhluta úr aðalkönnun og forkönnun

Setning	Rétt			Rangt		Ekki viss	
	En	Ísl	Munur	En	Ísl	En	Ísl
FkY1/AkY2 – <i>said up</i> *	95,1%	88,4%	6,7%	1,2%	9,6%	3,7%	2,0%
FkY2/AkY3 – <i>raw materials</i> *	33,7%	18,8%	14,9%	65,2%	78,0%	1,1%	3,2%
FkY3/AkY4 – <i>done up</i>	95,6%	26,4%	69,2%	3,3%	70,6%	1,1%	2,9%
FkY4/AkY5 – <i>it was danced</i> *	87,8%	85,5%	2,3%	8,9%	11,9%	3,3%	2,6%
FkY5/AkY6 – <i>all the same...</i>	90,2%	78,7%	11,5%	8,7%	18,8%	1,1%	2,5%
FkY6/AkY7 – efsta stig í et.*	91,2%	30,9%	60,3%	8,8%	67,3%	0,0%	1,8%
FkY7/AkY8 – „ <i>that trace</i> “*	84,6%	85,9%	-1,3%	15,4%	12,8%	0,0%	1,3%
<i>Meðaltal</i>	80,5%	59,6%	20,9%	17,5%	37,8%	2,1%	2,6%

Tafla 9 sýnir að á heildina litið völdu Íslendingar rangt svar töluvert oft en enskir málhafar, eða í 37,8% tilfella á móti 17,5%. Mismunurinn er 20,3 prósentustig.

Íslendingar eru 2,16 sinnum líklegri til að velja ranga svarið en enskir málhafar. Þessi niðurstaða sýnir að enskufærni margra Íslendinga er ekki sambærileg færni innfæddra enskumælandi málhafa, þrátt fyrir að 15,2% þátttakenda í könnuninni teldu enskufærni sína vera „eins og hjá innfæddum“. Innfæddir enskumælandi málhafar völdu rétta svarið oft en Íslendingar fyrir öll setningarpör nema FkY7/AkY8, eins og sjá má á mynd 5.

Mynd 5: Tíðni réttra svara í yfirluðslutunum



Aðeins einn málfafi ensku samþykkti setningarpárið FkY1/AkY2 sem er undarlegt miðað við að sagnasambandið *say up* er ekki til á ensku. Allir aðrir höfnuðu setningunni eða voru ekki vissir. Líklegt er að nokkrir sem lýstu yfir óvissu sinni hafi gert það af því að þeir skildu ekki setninguna. Hærra hlutfall Íslendinga samþykkti þetta setningapar, eða 9,6% Íslendinga á móti 1,2% enskra málhafa. Lítil en marktækur hópur íslenskra þátttakenda ($n=148$) virðist því halda að sagnasambandið *say up* sé til á ensku.

Niðurstöðurnar fyrir setningapar FkY2/AkY3 sýna að fleiri málhafar ensku (33,7%) hafna orðinu *raw materials* í þessu samhengi en Íslendingar (18,8%). Þessi niðurstaða styrkir þann grun að um yfirluðslu úr íslensku sé að ræða hjá að minnsta kosti sumum Íslendingum sem samþykkja þessa setningu. Búist var við að fleiri enskir málhafar myndu hafna þessari setningu en gerðu það í raun og veru, en þrátt fyrir þetta höfnuðu fleiri málhafar ensku setningunni en Íslendingar.

Mest afgerandi niðurstaðan var fyrir setningarpárið FkY3/AkY4, þar sem sagnasambandið *do up* var prófað. Yfirgnæfandi meirihluti enskra málhafa (95,6%) samþykkti setninguna eins og búist var við. Aðeins 3 enskir málhafar höfnuðu henni. Hins vegar höfnuðu meira en tveir þriðju íslenskra þátttakenda (70,6%) þessa setningu. Íslendingar voru 21,4 sinnum líklegri til að hafna þessari setningu en málhafar ensku. Möguleg útskýring á þessari niðurstöðu verður lögð fram í kafla 4.

Ekki var mikill munur á hlutfalli Íslendinga (87,8%) og enskra málhafa (85,5%) sem höfnuðu setningarpárið FkY4/AkY5 sem prófaði yfirluðslu á leppsetningu. Fleiri

enskir málhafar samþykktu þessa setningu en búist var við, en hún á að vera ótæk á ensku enda fjöldi sagna sem nota má í leppsetningum á ensku mun takmarkaðri en á íslensku. Hlutfallslega fleiri málhafar ensku (3,3%) en Íslendingar (2,6%) voru ekki vissir hvort setningin væri tæk eða ekki. 2,2% enskra málhafa ($n=2$) sögðust ekki skilja setninguna.

Töluvert fleiri málhafar ensku samþykktu setningaparið FkY5/AkY6 en Íslendingar, sem var dæmi um falska yfirlæsi úr íslensku (*it's all the same to me*). 18,8% Íslendinga höfnuðu þessari setningu á móti 8,7% enskra málhafa. Þetta bendir til þess að einhvern hluta íslenskra þátttakenda hafi grunað að þetta hafi verið yfirlæsi úr íslensku, en það er líka möguleiki að þeir hafi ekki þekkt þetta orðatiltæki í ensku og ekki tengt það við það íslenska.

Niðurstaðan fyrir setninguna FkY6/AkY7 (efsta stig í eintölu) virðist vera frekar afgerandi. Yfirlæsi meirihluti enskra málhafa (91,2%) hafnaði setningunni en aðeins tæpur þriðjungur Íslendinga gerði það (30,9%). Sjá umræðu í kafla 4 fyrir útskýringar. Athyglisvert er að aðeins hærra hlutfall Íslendinga (85,9%) hafnaði setningaparinu FkY7/AkY8 en málhafar ensku (84,6%) en munurinn er ekki tölfræðilega marktækur ($p=1,3$).

3.4 Samband milli færnimats og raunfærni

Til þess að geta skoðað vensl milli mats þátttakenda á eigin enskufærni og raunfærni þeirra þarf að reikna út hversu mörgum spurningum þeir svöruðu rétt. Þessi gögn er hægt að keyra saman við gögnin um færnimat til að fá mynd af því hvort þátttakendur ofmeti enskufærni sína.

Tafla 10 sýnir þessi gögn hlið við hlið. Þátttakendum er skipt upp eftir því hversu mörgum spurningum þeir svöruðu rétt í hverjum prófhluta könnunarinnar og því hvort þeir mátu enskufærni sína (e) sem 8 eða hærri (mjög góð færni) eða ekki (góð, slök eða mjög slök færni).²⁴

²⁴ Ítarlegri töflu með gögnum fyrir öll matsstig (1–10) má sjá í viðauka I.

Tafla 10: Færni í ensku og fjöldi réttra svara

Fjöldi réttra svara	<i>n</i>	<i>e</i> <8 (%)	<i>e</i> ≥8 (%)
Skilningshluti			
0	8	87,5%	12,5%
1	21	85,7%	14,3%
2	89	71,9%	28,1%
3	201	52,2%	47,8%
4	401	35,2%	64,8%
5	401	25,9%	74,1%
6	327	18,1%	82,0%
7	95	13,7%	86,3%
Yfirfærsluhluti			
0	8	87,5%	12,5%
1	8	100,0%	0,0%
2	23	60,9%	39,1%
3	82	54,9%	45,1%
4	271	47,2%	52,8%
5	571	31,5%	68,5%
6	416	22,8%	77,2%
7	153	21,6%	78,4%
8	11	9,1%	90,9%

Búið var við að þeir sem mátu enskufærni sína sem 8 eða hærri myndu svara flestum spurningum rétt. Til þess að ná lágmarkseinkunn þurftu þátttakendur að svara að minnsta kosti fjórum spurningum rétt í skilningshlutanum og fimm spurningum rétt í yfirfærsluhlutanum.

Sjá má á töflu 10 að margir þátttakendur sem töldu enskufærni sína vera 8 eða hærri fengu falleinkunn í skilningshlutanum. Af þeim sem fengu aðeins þrjú svör rétt í þessum hluta könnunarinnar mat tæpur helmingur (47,8%, $n=96$) enskufærni sína 8 eða hærri. 25,7% ($n=125$) þeirra sem fengu falleinkunn í skilningshlutanum sögðust vera með enskufærni 8 eða hærri. Þetta svarar til 8,1% þátttakenda í könnuninni.

Svipaðar niðurstöður má sjá í yfirfærsluhlutanum. Af þeim sem fengu aðeins fjögur svör rétt í þessum hluta könnunarinnar mat rúmur helmingur þeirra (52,8%, $n=143$) enskufærni sína 8 eða hærri. 29,9% ($n=190$) þeirra sem fengu falleinkunn í yfirfærsluhlutanum sögðust vera með enskufærni á 8 eða hærri. Þetta svarar til 12,3%

þátttakenda í könnuninni.

Meðaltalshlutfall þátttakenda úr báðum prófhlutum könnunarinnar sem mátu enskufærni sína sem 8 eða hærri en fengu falleinkunn er 27,8% ($n=158$) sem svarar til 10,3% þátttakenda í könnuninni. Óhætt er að halda því fram að þessi hópur ofmeti enskufærni sína verulega. Þessi staðhæfing er samt frekar íhaldssöm. Ef miðað er við færni sambærilega færni innfædds málhafa þarf að gera strangari kröfur varðandi lágmarkseinkunnir, því innfæddur enskumælandi málhafi á að svara langflestum eða öllum spurningum rétt, ekki bara helmingi þeirra. Í skilningshluta forkönnunarinnar svöruðu innfæddir enskir málhafar rétt í 91,1% tilfella en í 80,5% tilfella í yfirfærsluhlutanum (meðaltal 85,8%). Því má reikna með að færni á borð við innfæddan málhafa ensku svari til lágmarkseinkunnar í kringum 85%, eða 6 rétt svör í skilningshlutanum og 7 rétt svör í yfirfærsluhlutanum.

Tafla 11 sýnir hlutfall þeirra sem gáfu sér einkunnina 8 eða hærri í ensku en féllu í báðum prófhlutum könnunarinnar. Niðurstöðurnar eru mjög svipaðar fyrir báða prófhlutana. Í hvorum hluta telur tæpur helmingur þeirra sem féllu sig vera með enskufærni upp á 8 eða hærri. Athuga skal að flestir þátttakendur féllu á prófinu ef miðað er við niðurstöður innfæddra enskumálhafa, eða 72,7% þátttakenda í skilningshlutanum og 89,3% þátttakenda í yfirfærsluhlutanum (meðaltal 81%, $n=1.249$).

Tafla 11: Niðurstöður úr prófhlutum og sjálfsmat

	<i>n</i>	<i>e</i> <8 (%)	<i>e</i> ≥8 (%)
Skilningshluti			
Fall	1.121	59,7%	40,3%
Staðið	422	15,9%	84,1%
Yfirfærsluhluti			
Fall	1.379	57,8%	42,2%
Staðið	164	15,3%	84,7%

Af þeim 81% þátttakenda sem féllu mátu 41,3% ($n=515$) enskufærni sína 8 eða hærri. Þetta svarar til 33,4% þátttakenda í könnuninni, sem bendir til þess að **enskufærni þriðjungs þátttakenda sé ofmetin** en þessi niðurstaða styður tilgátu (4a) að Íslendingar ofmeti enskufærni sína að einhverju leyti. Þessi niðurstaða og hugsanlegir gallar við hana verður rædd nánar í kafla 4. Auk þess benda þessar niðurstöður til þess að

sjálfsmat þeirra sem stóðust prófhluta könnunarinnar á eigin enskufærni sé raunhæfara en sjálfsmat þeirra sem féllu á prófinu.

3.4.1 Áhrif kyns

Tilgáta (4a) spáði kynjamun hvað varðar ofmat á eigin enskufærni, nefnilega að karlar væru líklegri til að ofmeta sig en konur (engin spá var sett fram um fólk af öðru kyni).

Tafla 12 sýnir sundurliðun á niðurstöðunum sem kynntar voru í síðasta kafla eftir kyni.

Tafla 12: Niðurstöður úr prófhlutum og sjálfsmat eftir kyni

	Karlar			Konur			Annað kyn		
	<i>n</i>	<i>e</i> <8	<i>e</i> ≥8	<i>n</i>	<i>e</i> <8	<i>e</i> ≥8	<i>n</i>	<i>e</i> <8	<i>e</i> ≥8
Skilningshluti									
Fall	275	42,0%	58,0%	839	38,0%	62,0%	7	29,0%	71,0%
Staðið	146	14,0%	86,0%	274	19,0%	81,0%	2	0,0%	100,0%
Yfirfærsluhluti									
Fall	364	35,0%	65,0%	1.006	35,0%	65,0%	9	22,0%	78,0%
Staðið	57	16,0%	84,0%	107	23,0%	77,0%	0	-%	-%

Niðurstöðurnar eru frekar óskýrar. Hlutfallslega fleiri konur (62%) sem féllu í skilningshlutanum mátu enskufærni sína sem 8 eða hærri en karlar (58%) en munurinn er ekki marktækur ($p=0,310728$). Hlutfallslega fleiri karlar sem stóðust skilningsprófið (86%) mátu sig sem 8 eða hærri í ensku en konur (81%) en þessi munur var ekki heldur marktækur ($p=0,273403$). Þegar á yfirfærsluhlutann er litið er svipaða mynd að sjá. Nákvæmlega sama hlutfall karla og kvenna (65%) sem féllu á yfirfærsluprófinu mat enskufærni sína sem 8 eða hærri. Svipað hlutfall karla sem stóðust yfirfærsluprófið (84%) og stóðust skilningsprófið mat sig 8 eða hærri í ensku, en lægra hlutfall kvenna (77%) sem stóðust yfirfærsluprófið mat enskufærni sína sem 8 eða hærri. Munurinn er þó ekki marktækur ($p=0,254485$). Þar sem enginn marktækur munur er á hlutfalli þeirra sem féllu í prófhlutum milli karla og kvenna **styðja þessar niðurstöður ekki þá tilgátu að karlar séu líklegri til að ofmeta enskufærni sína en konur**. Samt sem áður ber að taka tillit til niðurstaðnanna sem kynntar voru í kafla 3.1 þar sem fleiri karlar en konur mátu enskufærni sína sem 9 eða 10. Þetta verður rætt betur í kafla 4.

3.4.2 Áhrif aldurs

Tafla 13 sýnir hlutfall þeirra þátttakenda undir 35 ára aldri sem mat enskufærni sína 8 eða hærri í hverjum prófhluta könnunarinnar á móti þeim sem eru 35 ára eða eldri. Eins og sjá má mátu hlutfallslega fleiri þátttakendur undir 35 ára aldri sem féllu í skilningshlutanum enskufærni sína sem 8 eða hærri (73,4%) en þeir sem féllu og eru 35 ára eða eldri (54,5%). Mismunurinn er 18,9 prósentustig og tölfræðilega marktækur ($p < 0,00001$). Sama mynstur er að sjá í yfirfærsluhlutanum hjá þeim sem féllu, þar sem 76,2% þeirra sem eru undir 35 ára aldri mátu enskufærni sína sem 8 eða hærri á móti 59,9% þeirra sem eru 35 ára eða eldri. Mismunurinn er því 16,3 prósentustig og tölfræðilega marktækur ($p < 0,00001$).

Tafla 13: Niðurstöður úr prófhlutum og sjálfsmat eftir aldri

	Aldamótakynslóðin (<35 ára)			Eldri kynslóðir (≥35 ára)		
	<i>n</i>	<i>e</i> <8	<i>e</i> ≥8	<i>n</i>	<i>e</i> <8	<i>e</i> ≥8
Skilningshluti						
Fall	376	26,6%	73,4%	745	45,5%	54,5%
Staðið	140	12,1%	87,9%	282	19,5%	80,5%
Yfirfærsluhluti						
Fall	467	23,8%	76,2%	912	40,1%	59,9%
Staðið	49	12,2%	87,8%	115	24,3%	75,7%

Það er líka munur hjá þeim sem stóðust prófin en bilið milli aldurshópa er minna. Hjá þeim sem stóðust skilningsprófið mátu 87,9% þátttakenda undir 35 ára aldri enskufærni sína sem 8 eða hærri, á móti 80,5% sem eru 35 ára eða eldri. Mismunurinn er 7,4 prósentustig og ekki tölfræðilega marktækur ($p = 0,058409$). Sömuleiðis hjá þeim sem stóðust yfirfærsluprófið mátu 87,8% þeirra sem eru yngri en 35 ára enskufærni sína sem 8 eða hærri á móti 75,7% þeirra sem eru 35 ára eða eldri. Mismunurinn er 12,1% og ekki heldur tölfræðilega marktækur ($p = 0,08011$).

Niðurstöðurnar benda því til þess að **þeir sem eru yngri en 35 ára, eða aldamótakynslóðin, séu líklegri til að ofmeta enskukunnáttu sína en þeir sem eldri eru** sem styður tilgátu (4a). Þetta gildir þó aðeins fyrir þá sem féllu í prófunum. Eldri kynslóðir hafa raunsærra mat á eigin enskufærni en þrátt fyrir þetta mat samt meira en helmingur þeirra enskufærni sína sem 8 eða hærri (54,5% í skilningshlutanum og 59,9%

í yfirluðsluhlutanum) þótt þeir féllu á prófunum. Enskufærni hjá þeim sem stóðust prófin virðist vera jafngöð enda var ekki tölfræðilega marktækur munur milli aldurshópanna hvað varðar hlutfall þeirra sem mátu færni sína sem 8 eða hærrí.

3.4.2 Áhrif menntunarstigs

Á töflu 14 má sjá niðurstöður háskólagenginna og óháskólagenginna þátttakenda en aðeins þeir sem eru 25 ára eða eldri voru teknir með. Ástæðan fyrir þessu er sú að það er hægt að bera saman þátttakendur á sama aldri með mismunandi menntunarstig enda ólíklegt að margir undir 25 ára aldri hafi lokið grunnnámi í háskóla.

Tafla 14: Niðurstöður úr prófhlutum og sjálfsmat eftir menntunarstigi (≥ 25 ára)

	Háskólagengnir			Óháskólagengnir		
	<i>n</i>	<i>e</i> <8	<i>e</i> ≥8	<i>n</i>	<i>e</i> <8	<i>e</i> ≥8
Skilningshluti						
Fall	654	37,8%	62,2%	262	53,4%	46,6%
Staðið	315	16,2%	83,8%	60	33,3%	66,7%
Yfirluðsluhluti						
Fall	849	32,5%	67,5%	239	55,2%	44,8%
Staðið	120	18,3%	81,7%	83	33,7%	66,3%

Sjá má í fyrsta lagi að munur er á hlutfalli þeirra sem féllu og stóðust hvern hluta prófsins eftir menntunarstigi. 48,2% ($n=315$) háskólagenginna þátttakenda stóðust skilningsprófið á mótí 22,9% ($n=60$) óháskólagenginna þátttakenda, með öðrum orðum stóðust marktækt fleiri ($p=0,000002$) háskólagengnir þátttakendur skilningsprófið en óháskólagengnir. Hins vegar stóðust aðeins 14,1% ($n=120$) háskólagenginna þátttakenda yfirluðsluprófið á mótí 34,7% ($n=83$) óháskólagenginna, þ.e. marktækt fleiri ($p<0,00001$) óháskólagenginna þátttakenda stóðust þann prófhluta könnunarinnar.

Niðurstaðan fyrir skilningsprófið samræmist þeirri tilgátu að enskufærni sé betri eftir því sem menntunarstig er hærra, en niðurstaðan fyrir yfirluðsluprófið kemur kannski á óvart: hlutfallslega færri háskólagengnir þátttakendur stóðust það próf. Möguleg útskýring á þessu er að háskólagengið fólk sé líklegra til að ofvanda sig og hafna setningum sem líta út fyrir að bera merki yfirluðslu þó svo að þær séu fullkomlega tækar, en niðurstöðurnar sem birtar eru í töflu 15 virðast ekki styrkja þessa

tilgátu. Í töflunni er þeim sem svöruðu „veit ekki“ sleppt og meðaltal niðurstaðnanna fyrir setningar AKY4 og AKY6 reiknað út. Eins og áður voru aðeins þeir sem eru 25 ára eða eldri teknir með.

Tafla 15: Niðurstöður fyrir setningar með falskri yfirfærslu eftir menntunarstigi

	Rétt		Rangt	
	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%
Háskólagengnir	507	53,4%	442	46,6%
Óháskólagengnir	175	56,3%	136	43,7%

Ekki var tölfræðilega marktækur munur milli menntunarhópa ($p=0,38214$) í niðurstöðum fyrir setningar með falskri yfirfærslu. Þrátt fyrir þetta virðast háskólagengnir þátttakendur samt vera líklegri til að ofmeta enskufærni sína. Eins og sjá má á töflu 14, hjá þeim sem féllu í skilningshlutanum mátu 62,2% háskólagenginna enskufærni sína sem 8 eða hærrí á mótí 46,6% óháskólagenginna sem er tölfræðilega marktækur munur ($p=0,000014$). Sömuleiðis í yfirfærsluhlutanum mátu 67,5% háskólagenginna sem féllu enskufærni sína sem 8 eða hærrí á mótí 44,8% óháskólagenginna sem féllu á prófinu sem er einnig tölfræðilega marktækur munur ($p<0,00001$). **Óháskólagengnir þátttakendur virðast því búa yfir raunsærra mati á enskufærni sinni en háskólagengnir.**

3.5 Aðrar niðurstöður

Í undanförunum köflum hafa tölfræðilega niðurstöður úr prófhluta könnunarinnar verið kynntar en þátttakendur voru líka spurðir um aðra þætti eins og hvort þeir upplifi þrýsting til að segjast tala góða ensku, hvaða enskar mállýskur þeim finnast auðvelt eða erfitt að skilja, hvernig þeim gangi að skilja fólk tala ensku sem ekki hefur hana að móðurmáli og fleira. Þeir voru jafnframt spurðir um hvort þeir hefðu einhvern tímann búið í enskumælandi landi. Hér gefst því miður ekki pláss til að kynna allar þessar niðurstöður en þær skipta ekki allar máli fyrir túlkun niðurstaðna úr prófhlutum könnunarinnar. Samt verða nokkrar af þeim athyglisverðustu kynntar og fjallað um þær.

3.5.1 *Um félagslegan þrýsting*

Tæpur helmingur þátttakenda (44,5%, $n=687$) var mjög ósammála staðhæfingunni „ég segist tala betri ensku en mér finnst ég geta talað í raun og veru en rúmur fjórðungur til viðbótar (25,6%, $n=395$) var sammála þeirri staðhæfingu. Aðeins 26 þátttakendur (1,7%) voru mjög sammála þessari staðhæfingu en 108 þátttakendur (7%) voru sammála henni. Þetta þýðir að yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda (70,1%, $n=1.082$) taldi sig ekki gera of mikið úr enskufærni sinni, með öðrum orðum að þeir töldu mat sitt raunverulegt. Þessi niðurstaða samræmist tölum sem birtar eru í töflu 11 (sjá kafla 3.4) þar sem komist var að því að um þriðjungur þátttakenda ofmetur enskufærni sína.

Þegar þátttakendur voru spurðir beint um hvort þeim fyndist þeir vera undir félagslegum þrýstingi að kunna ensku vel var stærri hluti þátttakenda mjög sammála eða sammála því en fyrri staðhæfingunni. 7,8% þátttakendur ($n=120$) voru mjög sammála þessari staðhæfingu en 15% ($n=231$) þeirra voru sammála henni. Þetta þýðir að tæpur fjórðungur þátttakenda (22,7%, $n=351$) segist finna fyrir félagslegum þrýstingi að kunna góða ensku.

3.5.2 *Um skilning á mismunandi tegundum ensku*


Í aðalkönnuninni var bæði spurt um hvaða enskar mállýskur þátttakendum fyndist erfiðast og auðveldast að skilja og hvort þeim fyndist erfitt að skilja fólk tala ensku sem ekki hefur ensku að móðurmáli. Tilgangurinn með þessum spurningum var að leitast við að kortleggja hvers konar enskuáreiti þátttakendur fá helst og hvernig það er miðað við það enskuáreiti sem innfæddir enskir málhafa hljóta. Fólk sem býr í enskumælandi löndum fær í fyrsta lagi mun fjölbreyttara enskuáreiti enda enskar mállýskur mjög margar og ólíkar, einkum á Bretlandseyjum. Í breskum fjölmiðlum heyrir hreimur og mállýskur úr öllum hornum Bretlandseyja. Ekki er talið nauðsynlegt að texta fólk sem talar með svæðisbundnum hreimi þó svo að hann sé ekki mjög útbreiddur eða vel þekktur.

Í öðru lagi er fólk sem á heima í enskumælandi löndum vant því að heyra ensku talaða með erlendum hreimi og þá annars konar erlendum hreimi en Íslendingar eru vanir. Eins og fram hefur komið eru flestir ferðamenn á Íslandi frá Norður-Ameríku eða

Evrópu. Hins vegar á Bretlandi, svo dæmi séu nefnd, eru þeir sem hafa erlendan hreim líklegri til að vera frá afrískum og asískum löndum. Íslendingar fá ekki mikið áreiti frá ensku eins og hún er töluð í þessum hlutum heimsins. Hér var ekki spurt um hvaða hreim þeirra sem hafa ensku að öðru máli Íslendingum fyndist erfitt að skilja en það mætti kanna í framtíðarrannsókn.


Þátttakendur máttu haka við eins margar mállýskur og þeir vildu þegar þeir svöruðu þessum spurningum. Á mynd 6 má sjá hvaða enskar mállýskur þátttakendur sögðu að sér fyndist erfiðast að skilja.

Mynd 6: Mállýskur sem þátttakendum segist finnast erfiðast að skilja



Í ljós kemur að meirihluta þátttakenda finnst auðveldast að skilja enska og bandaríska ensku. Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart miðað að bresk enska er kennd í skólum á Íslandi og margir Íslendingar verða fyrir miklu áreiti frá bandarískri ensku. Mállýskur sem eru kenndar við eitt landafræðilegt svæði, eins og írsk enska og skosk enska, komu verr út. Mjög lítil hluti þátttakenda sagði að sér fyndist auðveldast að skilja írsku og skoska ensku en hlutfallið fyrir ástralska ensku var hærra. Á mynd 7 má sjá hvaða enskar mállýskur þátttakendur sögðu að sér fyndist erfiðast að skilja. Niðurstöðurnar endurspeglar að nokkru leyti það sem kom fram á mynd 6 en hér má sjá að skosk enska þykir torskildust hjá flestum þátttakendum.

Mynd 7: Mállýskur sem þátttakendum segist finnast erfiðast að skilja



Þetta kemur ekki á óvart miðað við að skosk enska er ekki mikil notuð í enskukennslu og lítið er um menningarlegt áreiti frá skoskri ensku á Íslandi. Á eftir skoskri ensku kemur írsk enska sem þykir einnig erfið mállýska fyrir þá sem ekki hafa ensku að móðurmáli. Niðurstöðurnar á mynd 6 og 7 styðja þá tilgátu að þátttakendum finnst auðveldast að skilja þær mállýskur sem þeir fá mest áreiti frá.

Þegar þátttakendur voru spurðir um hvort þeim fyndist erfitt að skilja fólk sem ekki hefur ensku að móðurmáli þegar það talar ensku sagðist aðeins lítill minnihluti þeirra ekki gera það, eða 12,1% ($n=187$).²⁵ Stærsti hluti þátttakenda (40,5%, $n=625$) var þó hlutlaus í garð þessarar staðhæfingar. Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að þátttakendur telji það að hafa ensku ekki að móðurmáli ekki hindra skilning sinn á ensku.

3.5.3 Búseta í enskumælandi landi

Langflestir þátttakendur (74,3%, $n=1.147$) sögðust ekki hafa búíð í enskumælandi landi (miðað var við sex mánaða eða lengri dvöl). Af þeim sem svöruðu þessari spurningu játandi hafði tæpur fjórðungur (22,1%, $n=85$) búíð í enskumælandi landi í minna en eitt ár. Áhrif búsetu voru ekki til skoðunar í þessari rannsókn þannig að ekki hafa verið unnar tölur um hvort þeim sem hafa búíð í enskumælandi landi gekk betur eða verr í

²⁵ Hér er miðað við þá sem voru sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „mér finnst erfitt að skilja fólk sem hefur ekki ensku að móðurmáli þegar það talar ensku“.

prófhlutum könnunarinnar en óhætt er að halda því fram að enskufærni þeirra hafi verið betri eftir því sem þeir bjuggu lengur í enskumælandi landi.

4 Umræða

Niðurstöðurnar úr könnuninni voru athyglisverðar og studdu að miklu leyti niðurstöður eldri rannsókna um að Íslendingar ofmeti enskufærni sína.

Í ljós kom að karlar voru líklegri til að ofmeta færni sína en konur upp að vissu marki. Hlutfallslega fleiri karlar mátu enskufærni sína sem 9 eða 10 en konur. Þetta mynstur endurspeglar ráðandi félagslega stöðu karla sem eru líklegri til að fá viðurkenningu og vera hvattir til að tjá sig. Færa má rök fyrir því að þessi staða karlanna í samfélaginu stuðli að sjálfstrausti þeirra og geri það að verkum að þeir telji sig færari í ensku þó raunveruleikinn endurspegli það ekki. Ekki var marktækur munur á niðurstöðum karla og kvenna í prófhlutum könnunarinnar sem bendir til þess að enskufærni Íslendinga sé ekki háð kyni. Þótt fleiri karlar hafi metið enskufærni sína sem 9 eða 10 var hlutfall þeirra sem mátu enskufærni sína sem 8 eða hærri svipað hjá körlum og konum. Þetta bendir til þess að karlar séu líklegri til að velja tölu á jaðrinum en ekki endilega að þeir upplifi sig sem betri í ensku en konur. Hugsanlegt er að kvarði frá 1 upp í 10 hafi aðra merkingu fyrir karla en konur.

Eins og búist var við gekk Íslendingum verr en innfæddum enskumælandi málhöfum að velja rétt svör í langflestum tilfellum en innfæddum enskumælandi málhöfum. Niðurstöður skilnings- og yfirfærsluhluta könnunarinnar sýna marktækan mun á enskufærni Íslendinga og innfæddra enskra málhafa. Því er hæpið að tala um Íslendinga sem tvítýngda þjóð því orðið „tvítýngi“ gefur yfirleitt í skyn jafna færni í tveimur málum. Niðurstöður skilningshluta könnunarinnar benda til skorts á breidd og dýpt í enskuorðaforða þátttakenda. Mörgum þátttakendum voru ekki kunnug tiltölulega algeng orðatiltæki og merkingar orða í ensku sem yfirgnæfandi meirihluti innfæddra enskumálhafa þekkti.

Niðurstöðurnar fyrir setningaparið FkS6/AkS7 (próforð: *burgeoning*, sjá kafla 4.2.1) virðast styrkja tilgátu Birnu Arnbjörnsdóttur um að enskufærni Íslendinga sé mjög háð samhengi. Aukinn straumur ferðamanna til Íslands er eitt helsta umræðuefni

Þjóðarinnar í dag og sennilegt er að þokkalega stór hluti þátttakenda hafi valið rétta svarið út af þessu frekar en að þeir skildu endilega orðið *burgeoning*. Hugsanlega hefði verið betra að velja setningu þar sem þátttakendur hefðu ekki getað giskað á merkinguna út frá samhengi setningarinnar.

Setning AkS4 (próforð: *awkward*) sýnir vel skort á dýpt í orðaforða þátttakenda. Búist var við að margir þátttakendur myndu þekkja aðeins eina merkingu þessa orðs og segja mætti að niðurstaðan staðfesti þann grun. Þó þessi setning væri ekki prófuð á innfæddum enskum málhöfum ætti niðurstaðan fyrir hana samt sem áður að vera nokkuð áreiðanleg. Takmarkað enskuáreiti Íslendinga er líklegasta skýringin á þessari niðurstöðu: Íslendingar eru ólíklegri til að hafa komist í snertingu við allar merkingar orðsins en þeir sem ólust upp í enskumælandi landi. Ekki er heldur hægt að útiloka möguleg yfirfærsluáhrif frá íslensku. Hugsanlegt er að margir þátttakendur tengi enska orðið *awkward* við íslenska orðið *vandræðalegur* og hansi merkingar sem íslenska orðið hefur ekki. Þessi tilhneiging getur verið hindrandi í tungumálakennslu ef nemendur sækjast eftir beinni merkingarlegri samsvörun milli íslenskra og enskra orða og hafna blæbrigðamuni orða og merkingum sem finnast bara í öðru málinu.

Erfitt er að mæla umfang yfirfærslu út frá niðurstöðum könnunarinnar. Það er til dæmis ekki hægt að vita hvort þátttakendur sem dæmdu *it's all the same to me* tæka setningu á ensku gerðu það því þeir þekki til enska orðatiltækisins eða þeir geri ráð fyrir að það sé til án þess að vita það fyrir víst. Margir þátttakendur virðast vera nokkuð uppteknir af yfirfærslu úr íslensku og vilja forðast hana, eins og niðurstaðan fyrir setningaparið FkY3/AkY4 (próforð: *done up*) sýnir. Það að flestir þátttakendur höfnuðu þessari setningu þótt hún sé tæk er til marks um takmarkaða þekkingu þeirra á enskum orðaforða. Athyglisvert er að enska sagnasambandið *do up* er talmálslegt, en samkvæmt rannsókn Birnu Arnbjörnsdóttur (2007) er enskufærni Íslendinga hvað best þegar kemur að óformlegu talmáli. Vert er að nefna að enska í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum er oft mjög staðalbundin og endurspeglar ekki endilega hvernig innfæddir enskumælandi málhafar tala sín á milli dags daglega. Sjaldgæfari orðatiltækum og mállýskutilbrigðum er oft hafnað í þágu skýrleika til að höfða til sem flestra áhorfenda á heimsvísu.

Nokkur stuðningur er í niðurstöðum könnunarinnar við tilgátuna að yngri

Íslendingar séu líklegri til að ofmeta enskufærni sína. Aldamótakynslóðin er töluvert líklegri til að meta enskufærni sína sem 8 eða hærrí en eldri kynslóðir. Eins og fram hefur komið býr þessi kynslóð yfir góðri óvirkri færni í ensku og er líklegri til að horfa á afþreyingarefni á ensku ótextað. Að þessi kynslóð er líklegri til að ofmeta enskufærni sína en eldri kynslóðir bendir til þess að góð óvirk enskufærni hennar skekki viðhorf til virkrar færni og auki sjálfstraust þegar grundvöllur er ekki endilega fyrir því. Anna Jeeves (2013) hefur fært rök fyrir því að framhaldsskólanemendur byggi mat á enskufærni sinni á skólaeinkunnum og að þessi tilhneiging haldi áfram þegar nemendurnir eru komnir á háskólastig þótt meiri kröfur séu gerðar til enskufærni þeirra þá en nokkurn tímann fyrr. Til að koma til móts við þetta þarf að búa þeim sem hafa lokið framhaldsskólanámi betri mælikvarða til að meta enskufærni sína á sem tekur mið af þeim kröfum sem gerðar eru til enskufærni þeirra.

Til að auka áreiðanleika þessarar rannsóknar væri nauðsynlegt að fjölga prófsetningum í hverjum hluta prófsins og prófa innfædda enskumælandi málhafa á öllum sömu setningunum og Íslendinga. Fjöldi prófsetninga í könnuninni var takmarkaður til að auðvelda úrvinnslu. Með því að hafa sama fjölda setninga í hverjum flokki (t.d. dýpt orðaforða, breidd orðaforða, villandi orð) væri hægt að bera kennsl á veiku hlekkina í enskufærni þátttakenda með afgerandi hætti.

Þar að auki var virk enskukunnátta prófuð að takmörkuðu leyti í þessari könnun. Fjölvalspróf leyfa alltaf giskanir og stundum var hægt að ráða fram úr hvaða svar var rétt út frá setningarlegu eða félagslegu samhengi, sem dregur úr áreynslu á þátttakendur en beinir athyglinni á óvirka færni. Ein lausn á þessu væri að hafa textareit þar sem þátttakendur mega skrifa það sem þeim dettur í hug, en slík aðferð myndi flækja úrvinnslu til muna vegna mikils fjölda mögulegra svara og ónýtra svara. Aðrar rannsóknaraðferðir, svo sem viðtöl, eru ef til vill hentugri til að kanna virka enskukunnáttu en niðurstöður þessarar rannsóknar eru engu að síður gagnlegar.

Vert er að rifja upp þau sérkenni íslensku sem gera það að verkum að Íslendingar kunni að eiga erfiðara með að skilja ensku og mynda rétta ensku en aðrar þjóðir. Í fyrsta lagi hefur hreintungustefna gert það að verkum að íslenska hefur mun lægra hlutfall tökuorða en flestar þjóðtungur Evrópu, þó tökuorð séu vissulega mörg. Flest Evrópumál

eiga sameiginlegan vísindalegan og fræðilegan orðaforða ættaðan úr latínu og grísku sem íslenska hefur ekki, sem þýðir að þeir sem hafa önnur Evrópumál að móðurmáli hafa ákveðið forskot þegar kemur að því að læra enskan orðaforða.²⁶

Í öðru lagi gegnir gegnsæi margra íslenskra orða hlutverki. Í íslensku er oft auðvelt að leiða merkingu orða af þeim orðstofnum sem þau samanstanda af. Því er auðvelt að mynda sagnir af nafnorðum eða öfugt og lýsingarorð af sögnum og nafnorðum. Enska býr ekki yfir sama gegnsæi: oft eru samsvarandi nafnorð og lýsingarorð ekki leidd af sama stofni. Sem dæmi má nefna enska nafnorðið *cat* „köttur“. Lýsingarorðið sem samsvarar því merkingarlega er *feline*. Orðið *catty* er einnig til í ensku en aðalmerking þess tengist köttum ekki neitt heldur merkir það „illgjarn“ (einkum um konur). Á íslensku væri *feline* oftast þýtt með viðskeytinu *kattar-/katta-*, t.d. *kattategund* „feline species“. Fleiri dæmi um slík pör nafnorða og lýsingaorða eru meðal annars *cow* „kú“ : *bovine* „naut-, nauta-“, *dog* „hundur“ : *canine* „hund-, hunda-“, *heart* „hjarta“ : *cardiac* „hjarta-“, *lung* „lunga“ : *pulmonary* „lungna-“, *tooth* „tönn“ : *dental* „tann-, tannlæknis-“.

Í þriðja lagi er orðaforði ensku gríðarlega stór og til eru mörg samheiti sem virðast ef til vill þýða það sama við fyrstu sýn en blæbrigðamunur er á orðunum og því er ekki hægt að nota þau við sömu aðstæður, svo sem í talmáli eða ritmáli eða í formlegu eða óformlegu samhengi. Í fjórða lagi greiðir skyldleiki íslensku og ensku oft leiðina fyrir yfirfærslu setningafræðilegrar formgerðar eða orðaforða úr íslensku og ensku og öfugt. Íslenska og enska eiga til dæmis mörg sagnasambönd sem eru eins eða nánast eins en merkja ekki endilega það sama.

Á móti þessum vandkvæðum kemur að enskufærni þátttakenda er almennt góð þótt hún sé ekki á borð við færni innfæddra enskumælandi málhafa. Ljóst er að margir þátttakendur átta sig ekki á því hvað færni á borð við færni innfæddra málhafa þýðir. Það er ómögulegt að Íslendingar nái eins góðu kunnáttustigi í ensku og innfæddir enskir málhafar ef þeir hafa aldrei dvalið í enskumælandi landi. Hins vegar er raunhæft að Íslendingar geti náð mjög háu kunnáttustigi í ensku sem öðru máli en til þess að það sé

²⁶ Á móti kemur að tiltölulega mikið er um falsvini milli þessara mála, en fræðilegi orðaforðinn er frekar staðlaður vegna þarfar um að halda nákvæmni í beitingu vísindalegra hugtaka.

möguleiki þurfa þeir að fá raunverulegri mynd af eigin enskufærni svo hægt sé að komast að því hvar veikleikarnir liggja.

Enskuáreiti á Íslandi er samt sem áður mikið miðað við í öðrum löndum og fer vaxandi vegna þeirra samfélagsbreytinga sem rætt var um í kafla 1.3. Þessi rannsókn hefur sýnt hvernig enskufærni Íslendinga og viðhorf þeirra til hennar eru í dag en forvitnilegt væri að endurtaka þessa rannsókn eftir nokkur ár til að sjá hvernig þróunin verður. Eftir því sem áreiti frá ensku eykst á kunnáttustig Íslendinga að hækka en athyglisvert verður að sjá hvort það bil sem er á milli raunfærni þátttakenda og sjálfsmats þeirra á slíkri færni í dag breikki eða mjókki.

Í aðalkönnuninni voru þátttakendur beðnir um að útskýra af hverju þeim fyndist mikilvægt að kunna ensku. Þátttakendur máttu skrifa hvaða svar sem er í textareit. Mjög margir þátttakendur nefndu mikilvægi þess að kunna ensku í vinnu. Þátttakendur sögðust eiga vinnufélaga sem ekki töluðu íslensku og því væri mikilvægt að kunna ensku til þess að geta átt í samskiptum við þá. Stór hluti þátttakenda fjallaði um smæð Íslands og mikilvægi þess að kunna „alþjóðlegt“ mál til þess að geta átt samskipti við aðrar þjóðir. Margir þátttakendur töluðu einnig um áform sín um að flytja til útlanda og að það yrði ekki hægt nema þeir kynnu ensku. Þessi svör sýna að margir þátttakendur telja kunnáttu í ensku praktíska og vera lykilinn að því að Íslendingar verði ekki skildir eftir í þeirri alþjóðavæðingu sem nú á sér stað.

Mjög margir þátttakendur nefndu einnig menningarlegar ástæður þegar þeir voru spurðir um af hverju þeim fyndist mikilvægt að kunna ensku. Þeim fannst hún opna dyr að spennandi menningarheimi sem þeir hefðu annars ekki aðgang að. Nefna má að á Íslandi er einungis lítill hluti þeirra sjónvarpsþátta og kvikmynda sem koma út á hverju ári textaður á íslensku og lítið sem ekkert efni á efnisveitum eins og YouTube og Netflix. Til þess að Íslendingar geti tekið þátt í þessum menningarheimi verða þeir að kunna ensku. Enginn þátttakandi sagði að enska skipti einhverju máli fyrir sjálfsvitund sína. Þátttakendur virðast því líta á ensku sem erlent mál sem hefur ekki gildi fyrir þjóðvitund sína.

Lokaorð

Niðurstöður þessara könnunar styðja þá niðurstöðu fyrri rannsókna (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010, 2014; Gerður Guðmundsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir 2014) að enskufærni Íslendinga sé að nokkru leyti ofmetin. Þetta hefur alvarlegar afleiðingar fyrir námsárangur íslenskra nemenda jafnt sem samskipti Íslendinga við aðrar þjóðir: bæði við ferðamenn hér heima og við stjórnmalamenn á alþjóðavísu.²⁷

Eins og fram hefur komið er mikilvægt að Íslendingar búi yfir raunverulegri mynd af enskufærni sinni til þess að þeir megi gera betur. Það að stór hluti Íslendinga virðist ekki hafa þessa raunverulegu mynd af enskufærni sinni stofnar einnig íslensku í hættu auk þess að koma í veg fyrir að Íslendingar nái sem hæstu kunnáttustigi í ensku. Ef Íslendingar telja sig eins færa í ensku og innfædda málhafa er grafið undan stöðu íslensku á Íslandi. Þróunin rétt fyrir hrun sýnir alvarleika þessa hugarfars. Áform voru uppi um að fella niður kennslu á íslensku í Háskólanum í Reykjavík auk þess að nokkrir í bankageiranum voru að skoða möguleikann á að skipta íslensku sem vinnumáli út fyrir ensku. Hefðu þessi áform náð fram að ganga án þess að enskukennsla yrði stórbætt væru margir illa í stakk búnir til að ná góðum námsárangri eða vinna vinnu sína eftir bestu getu.

Enskukennslu á að efla á Íslandi jafnóðum og íslenskukennsla er eflað. Góð kunnátta í móðurmálinu er lykillinn að því að ná góðum tókum á öðru máli, eins og margar rannsóknir hafa sýnt fram á (t.d. Schweers 1999 og samantekt í Burchinal o.fl. 2012:189). Einnig þarf að gera Íslendinga betur meðvitaða um hver færni þeirra í ensku raunverulega er. Þetta mætti gera með því að innleiða kunnáttukvarða Evrópu-sambandsins í háskóla og á vinnustöðum. Honum er ætlað að gefa vinnuveitendum og öðrum skýra mynd af hver kunnátta einstaklings er í tilteknu máli. Kvarðinn er oft notaður í annars máls kennslu erlendis til að mæla árangur nemenda en hann býður notendum upp á að vita nákvæmlega hvað þeir þurfa að gera betur til að komast upp á

²⁷ Í viðtali við *Morgunblaðið* hélt Hulda Jónsdóttir því fram að takmörkuð enskukunnátta fyrrum fjármálaráðherra, Árna Mathiesen, kynni að hafa valdið misskilningi í viðræðum við breskan embættisbróður hans, Alistair Darling, um Icesave (Pétur Blöndal 2009), svo dæmi sé nefnt.

næsta kunnáttustig. Þar að auki er mikilvægt að Ísland sé tekið með í alþjóðlegum könnunum á enskufærni svo hægt sé að gera samanburð við aðrar þjóðir. Ísland gæti til dæmis verið tekið með í könnun EF sem fjallað var um í kafla 1.1.1 ef enskufærni 400 Íslendinga væri prófuð. Þetta myndi staðsetja Ísland í alþjóðlegu samhengi um enskufærni og vera hvatning fyrir Íslendinga að bæta enskufærni sína.

Efling íslenskukennslu er fyrsta skrefið í átt að því að tryggja gjaldgengi íslensku á 21. öld. Ef skólanemendur búa yfir góðum grunni í íslensku verður þeim auðveldað að læra ensku og önnur erlend tungumál, eins og fram hefur komið. Bæta þarf stuðning fyrir íslensku í tölvuheimi til að gæta þess að hún verði notuð á þessu sviði þar sem enska er allsráðandi í dag. Aldrei verður hægt að þýða allt yfir á íslensku en mikilvægt sé að byggja traustan grundvöll sem sannar að hægt sé að nota íslensku í stafrænu samhengi. Þetta eykur gildi íslensku í huga þeirra sem tala hana og kemur í veg fyrir að fólk treysti eingöngu á enskufærni sína sem er ekki endilega eins góð og það vildi halda.

Heimildaskrá

- ABC Nyheter. 2014, 19. nóvember. Nordmenn er dårligst i engelsk i Norden. Sótt 18. mars 2017. (<https://www.abcnyheter.no/nyheter/2014/11/19/212188/nordmenn-er-darligst-i-engelsk-i-norden>)
- Alexa. 2017. *Top sites in Iceland*. Sótt 24. apríl 2017. (<http://www.alexa.com/topsites/countries/IS>)
- American College Testing. 2009. ACT Profile Report – National: Graduating Class 2009. Sótt 29. maí 2017. (<https://web.archive.org/web/20100331064224/http://www.act.org/news/data/09/pdf/National2009.pdf>)
- Alþingi. 2011. *Lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls*. Sótt 27. maí 2017. (<https://www.althingi.is/altext/stjt/2011.061.html>)
- An Phríomh-Oifig Staidrimh = Central Statistics Office. 2016. *The Irish Language*. Sótt 3. maí 2017. (http://www.cso.ie/en/media/csoie/releasespublications/documents/population/2017/7._The_Irish_language.pdf)
- Andrea Dofradóttir, Ásdís A. Arnalds, Guðlaug J. Sturludóttir og Friðrik H. Jónsson. 2010. *Íslensk menningarvog: Könnun á menningarneyslu Íslendinga*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 16. maí 2017. (https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/235/islensk_menningarvog_skyrsla_lokaeintak.pdf?sequence=1)
- Auður Torfadóttir. 2003. Könnun á orðaforða í ensku. *Uppeldi og menntun*, 12: 65–78.
- August, Diane, Carlo, Maria, Dressler, Cheryl og Snow, Catherine. 2005. The Critical Role of Vocabulary Development for English Language Learners. *Learning Disabilities Research & Practice*, 20,1:50–57.
- Ásrún Jóhannsdóttir. 2010. English in the 4th grade in Iceland: Exploring exposure and measuring vocabulary size of 4th grade students. *Netla*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 29. maí 2017. (<http://netla.hi.is/menntakvika2010/007.pdf>)
- Backhaus, Peter. 2006. Multilingualism in Tokyo: A Look into the Linguistic Landscape. *International Journal of Multilingualism*, 3,1:52–66.
- Berman, Robert. 2010. Icelandic university students' English reading skills. *Málfríður*, 26,1:15–18.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2007. English in Iceland: Second Language, Foreign Language or Neither. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.): *Teaching and learning English in Iceland: in honour of Auður Torfadóttir*, bls. 51–78. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2008. Tvítyngi, annað mál, erlent mál. *Málfríður*, 24,1:17–22.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2009. Enska í háskólanámi. Rebekka Þráinsdóttir og Magnús Sigurðsson (ritstj.): *Milli mála*, 1:77–95.

- Birna Arnbjörnsdóttir. 2011. Exposure to English in Iceland: A Quantative and Qualitative Study. *Netla*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 29. maí 2017. (<http://netla.hi.is/menntakvika2011/004.pdf>)
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2015. The spread of English in Iceland. Matthew Whelpton, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Martin Regal (ritstj.): *An intimacy of words = Innileiki orðanna: essays in honour of Pétur Knútsson = rit til heiðurs Pétri Knútssyni*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 196–217.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. 2010. Coping with English at University: Students' Beliefs. *Netla*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 29. maí 2017. (<http://netla.hi.is/menntakvika2010/008.pdf>)
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. 2012. Nýtt málumhverfi, ný námskrá, nýjar áherslur í tungumálakennslu. *Milli mála*, 4:15–32.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. 2014. English at the University of Iceland: ideology and reality. Anna Kristina Hultgren, Frans Gregersen og Jacob Thøgersen (ritstj.): *English in Nordic Universities: Ideologies and practices*, bls. 179–192. Amsterdam, Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
- Burchinal, Margaret, Field, Samuel, López, Michael, Howes, Carollee og Pianta, Robert (2012). Instruction in Spanish in pre-kindergarten classrooms and child outcomes for English language learners. *Early Childhood Research Quarterly*, 27:188-197.
- Calvet, Louis-Jean. 1990. Des mots sur les murs : une comparaison entre Paris et Dakar. *Des langues et des villes: Actes du colloque international à Dakar, du 15 à 17 décembre 1990*, bls. 73–83. París: Agence de coopération culturelle et technique.
- Conseil de la langue française. 2000. *La langue de l'affichage à Montréal de 1997 à 1999*. Sótt 18. maí 2017. (http://www.cslf.gouv.qc.ca/bibliotheque-virtuelle/publication-html/?tx_iggecpplus_pi4%5Bfile%5D=publications/pubf157/f157cha.html)
- Dörnyei, Zoltán. 2007. *Research Methods in Applied Linguistics*. Oxford: Oxford University Press.
- EF EPI (English Proficiency Index). 2016. Yfirlit yfir enskufærni ólíka evrópskra landa. Sótt 15. mars 2017. (<http://www.ef.edu/eipi/regions/europe/>)
- Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Bernharðsson, Sigrún Helgadóttir, Björgvin Ívar Guðbrandsson, Jóna Pálsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir. 2012. *Íslenska í tölvuheiminum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson. 2012. Íslensk tunga á stafrænni öld. Ritstjórar Georg Rehm og Hans Uszkoreit. META-NET. (<http://www.meta-net.eu/whitepapers/e-book/icelandic.pdf>)
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2016. Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málpróunar. *Skírnir*, vor 2016, 17–31.
- Ethnologue. 2017a. *Language Status*. Sótt 29. apríl 2017. (<https://www.ethnologue.com/about/language-status>)
- Ethnologue. 2017b. *Icelandic*. Sótt 29. apríl 2017. (<https://www.ethnologue.com/language/isl>)
- Ferðamálastofa. 2016. *Ferðamenn til Íslands nærri 1,3 milljónir árið 2015*. Sótt 2. maí 2017. (<http://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdamenn-til-islands-naerri-1-3-milljon-arid-2015>)
- Félagsmálaráðuneytið. 2007. *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Sótt 29. maí 2017. (https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf)
- Gaelscoileanna. 2017. *Statistics : Gaelscoileanna – Irish Medium Education*. Sótt 3. maí 2017. (<http://www.gaelscoileanna.ie/en/about/statistics/>)
- Gerður Guðmundsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir. 2014. Undirbúningur framhaldsskólanemenda fyrir notkun ensku í háskólanámi: Námskrár og nýtt íslenskt málumhverfi. *Netla*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 29. maí 2017. (<http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/010.pdf>)
- Hagstofa Íslands. 2015. Tölvu- og netnotkun á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum 2014. *Hagtíðindi: Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni*. (https://hagstofa.is/media/43822/hag_150123.pdf)
- Hagstofa Íslands. 2017. *Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998–2015 og Grunnskólanemendur með erlent móðurmál 1998–2015*. Sótt 26. apríl 2017. (http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal/?rxid=57321152-13c1-4449-abd9-44c811b4852e)
- Hallfríður Þórarinsdóttir. 2011. The Use of English in Iceland: Convenience or a Cultural Threat? A Lingua Franca or Lingua Detrimental? Sumarliði Ísleifsson (ritstj.): *Iceland and Images of the North*, bls. 373–404. Québec: Presses de l'Université du Québec.
- Hanna Óladóttir. 2007. Ég þarf engin fornrit til að vita að ég er Íslendingur, ég vil samt tala íslensku. *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar*, 7:107–130.

- Háskóli Íslands. 2016. *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Sótt 1. júní 2017. (http://malvis.hi.is/greining_a_malfraedilegum_afleiðingum_stafræns_malsambýlis)
- Háskóli Íslands. 2017. *Málstefna Háskóla Íslands*. Sótt 22. maí 2017. (http://www.hi.is/adalvefur/malstefna_haskola_islands)
- Hickey, Raymond. 2012. Standard English and standards of English. Raymond Hickey (ritstj.): *Standards of English: Codified Varieties Around the World*, bls. 1–33. Cambridge: Cambridge University Press.
- Huebner, Thom. 2006. Bangkok's Linguistic Landscapes: Environmental Print, Codemixing and Language Change. *International Journal of Multilingualism*, 3(1): 31–51.
- Hulda Hreiðarsdóttir. 2008. *Getur tungan leyst hugvit úr læðingi? Umfjöllun um áhrif notkunar á stýrikerfi í íslenskri þýðingu á tölvulæsi og notkun tölvunýyrða*. BA-ritgerð í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.
- Hulda Jónsdóttir. 2011. To what extent do native and non-native speakers believe that their English proficiency meets their daily communication needs within the business environment? *Málfríður*, 27(2): 20–23.
- Íslenska til alls*. 2008. Menntamálaráðuneyti. Sótt 11. maí 2017. (http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/DD71C093C9345C2E002576F00058DCE9/Attachment/islenska_til_all.pdf)
- Jeeves, Anna. 2013. *Relevance and the L2 Self in the Context of Icelandic Secondary School Learners: Learner Views*. Doktorsritgerð [notuð með leyfi höfundar]. Háskóli Íslands.
- Kachru, Braj B. 1985. Standards, codification and sociolinguistic realism: the English language in the outer circle. Randolph Quirk og H.G. Widdowson (ritstj.): *English in the world – Teaching and learning the language and literature*, bls. 241–269.
- Kornai, András. 2013. Digital Language Death. *PLoS ONE*, 8(10):e77056. Sótt 29. maí 2017. (<https://doi.org/10.1371/journal.pone.0077056>)
- Linguist List. 2017. *Job Announcement: Amazon Text-to-Speech*. Sótt 16. maí 2017. (<http://linguistlist.org/jobs/get-jobs.cfm?id=36232337>)
- Longman Dictionaries Online. 2017. *The Longman Vocabulary Checker*. Sótt 30. apríl 2017. (http://global.longmandictionaries.com/vocabulary_checker)
- Morgunblaðið*. 2008, 1. desember. *Innan við fimmtungur velur íslensku*. Sótt 29. apríl 2017. (http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/12/01innan_vid_fimmtungur_velur_islensku/)

- OECD. 2014. *Education at a Glance*. Sótt 15. mars 2017. (<https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2014/Kynning-OECD-a-helstu-nidurstodum-um-Island-2014.pdf>)
- Ortega, Sergio Garcia. 2011. *Media Exposure and English Language Proficiency Levels: A Comparative Study in Iceland and Spain*. Óútgefin BA-ritgerð. Háskóli Íslands.
- Pétur Blöndal. 2009, 22. mars. Sjálfstraust meira en kunnátta? *Morgunblaðið* (<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1275153/>)
- PISA. 2017. Compare your country by OECD. Sótt 22. maí 2017. (<https://www.compareyourcountry.org/pisa/country/ISL>)
- Rannís. 2015. *Griðarstór stafrænn textagrunnur*. Sótt 16. maí 2017. (<http://rannis.rhi.hi.is/AllocatedFunds/meirasida.php?a=innv&b=1511100031>)
- Fontaine, Paul. 2017. Low Wages and Digital Death: Icelandic in Crisis. *Reykjavík Grapevine*, 23. apríl. Sótt 27. maí 2017. (<https://grapevine.is/news/2017/04/23/low-wages-and-digital-death-icelandic-in-crisis/>)
- Schweers, William. 1999. Using L1 in the L2 Classroom. *English Teaching Forum*, 37,2:6–13.
- Scollon, Ron og Scollon, Suzie Wong. 2003. *Discourses in Place: Language in the Material World*. London og New York: Routledge.
- Sigrún Helgadóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Language Resources for Icelandic*. Sótt 16. maí 2017. (https://notendur.hi.is/eirikur/nodalida2013_SHER.pdf)
- Spolsky, Bernard og Cooper, Robert L. 1991. *The Languages of Jerusalem*. Oxford: Clarendon Press.
- UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages. 2003. Language Vitality and Endangerment. UNESCO: París. (<http://unesdoc.unesco.org/images/0018/001836/183699E.pdf>)
- UNESCO. 2011. *UNESCO's Language Vitality and Endangerment Methodological Guideline: Review of Application and Feedback since 2003*. (http://www.unesco.org/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CI/CI/pdf/unesco_language_vitaly_and_endangerment_methodological_guideline.pdf)
- UNESCO. 2017. *Atlas of the World's Languages in Danger*. Sótt 25. apríl 2017. (<http://www.unesco.org/languages-atlas/>)
- Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir. 2010. Komið til móts við fjölbreytileika: Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting. *Netla*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 29. maí 2017. (<http://netla.hi.is/menntakvika2010/024.pdf>)

- Visir*. 2016, 13. febrúar. Enskan í forgrunni á nýjum skiltum á Keflavíkurflugvelli. Sótt 24. apríl 2017. (<http://www.visir.is/g/2016160219484/enskan-i-forgrunni-a-nyjum-upplýsingaskiltum-a-keflavikurflugvelli>)
- Visir*. 2017a, 27. mars. Amazon vill fá íslenskan málfræðing til starfa. Sótt 29. apríl 2017. (<http://www.visir.is/g/2017170328990/amazon-vill-fa-islenskan-malfraeding-til-starfa>)
- Visir*. 2017b, 21. apríl. Netflix leitar að íslenskumælandi þýðendum. Sótt 29. apríl 2017. (<http://www.visir.is/g/2017170429847>)
- Visir*. 2017c, 28 apríl. Stafræn íslenska fær átta milljóna setninga stuðning. Sótt 29. apríl 2017. (<http://www.visir.is/g/2017170428923/stafræn-islenska-fær-atta-milljóna-setninga-studning>)
- W3Techs. 2017a. *Usage of content languages for websites*. Sótt 27. maí 2017. (https://w3techs.com/technologies/overview/content_language/all)
- W3Techs. 2017b. *How the languages are detected?* Sótt 27. maí 2017. (<https://w3techs.com/forum/topic/23318>)
- Wikimedia. 2017. *List of Wikipedias*. Sótt 27. maí 2017. (https://meta.wikimedia.org/wiki/List_of_Wikipedias)
- Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda = Deklaration om nordisk språkpolitik = Deklaration om nordisk sprogpolitik = Kunngerð um norðlenskan málpolitikk = Avannaamioqatigiit oqaatsinut politik pillugu nalunaarutaat = Pohjoismainen kielipoliittinen julistus = Deklarasjon om nordisk språkpolitikk = Davviriikkalas giellapolitihka julggastus = Declaration on a Nordic Language Policy*. 2006. bls. 47–55. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin. Sótt 29. maí 2017. (<http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:700895/FULLTEXT01.pdf>)

Viðauki I: Ítarlegri niðurstöður

Hlutföll þátttakenda fyrir hverja sjálfsmatseinkunn sem svöruðu ekki rétt (setningar)

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Skilningshluti										
5a	6,0%	3,0%	9,0%	6,0%	9,0%	9,0%	14,9%	16,4%	13,4%	7,5%
5b	0,8%	1,3%	1,7%	3,9%	7,8%	10,9%	22,6%	32,7%	14,8%	3,5%
5c	6,1%	2,0%	3,1%	6,1%	9,2%	18,4%	16,3%	21,4%	14,3%	3,1%
5d	0,5%	0,8%	0,9%	1,8%	4,9%	7,4%	16,8%	32,8%	24,1%	10,1%
5e	0,6%	1,1%	1,1%	2,0%	5,3%	9,1%	18,3%	36,0%	20,2%	6,3%
5f	1,3%	1,7%	1,5%	4,5%	9,6%	10,8%	19,8%	29,3%	16,1%	5,5%
5g	1,7%	2,0%	2,0%	5,4%	11,4%	10,4%	19,5%	29,5%	14,4%	3,7%
<i>Meðaltal</i>	<i>2,4%</i>	<i>1,7%</i>	<i>2,7%</i>	<i>4,2%</i>	<i>8,2%</i>	<i>10,9%</i>	<i>18,3%</i>	<i>28,3%</i>	<i>16,8%</i>	<i>5,7%</i>
Yfirfærsluhluti										
6a	12,8%	8,5%	2,1%	6,4%	2,1%	4,3%	10,6%	23,4%	21,3%	8,5%
6b	3,4%	2,8%	2,8%	7,3%	5,0%	17,3%	21,8%	20,1%	16,8%	2,8%
6c	0,5%	0,6%	0,9%	1,8%	4,4%	7,3%	17,3%	33,4%	23,2%	10,6%
6d	0,5%	0,7%	0,4%	1,4%	4,7%	7,9%	18,2%	34,7%	22,9%	8,6%
6e	2,2%	1,3%	3,6%	7,6%	5,8%	15,2%	20,1%	22,8%	14,7%	6,7%
6f	1,8%	2,4%	0,9%	2,1%	4,9%	10,0%	17,6%	30,7%	21,3%	8,2%
6g	0,6%	0,9%	0,8%	2,4%	5,4%	8,6%	19,3%	34,1%	21,2%	6,7%
6h	2,8%	0,9%	1,4%	8,8%	6,5%	10,6%	19,4%	25,4%	15,7%	8,8%
<i>Meðaltal</i>	<i>3,1%</i>	<i>2,3%</i>	<i>1,6%</i>	<i>4,7%</i>	<i>4,8%</i>	<i>10,2%</i>	<i>18,0%</i>	<i>28,1%</i>	<i>19,6%</i>	<i>7,6%</i>

Sjálfsmat á eigin færni í ensku og fjöldi réttra svara

Fjöldi réttra svara	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Skilningshluti										
0	62,5%	25,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	12,5%	0,0%	0,0%
1	4,8%	14,3%	9,5%	14,3%	14,3%	19,1%	9,5%	9,5%	4,8%	0,0%
2	0,0%	0,0%	3,4%	4,5%	24,7%	23,6%	15,7%	16,9%	10,1%	1,1%
3	0,0%	0,5%	1,5%	8,0%	6,5%	6,5%	29,4%	33,8%	9,0%	5,0%
4	0,0%	1,0%	1,0%	0,5%	5,2%	9,2%	18,2%	38,7%	20,5%	5,7%
5	0,0%	0,3%	0,0%	1,0%	1,5%	6,5%	16,7%	35,7%	29,2%	9,2%
6	0,0%	0,0%	0,3%	0,3%	0,6%	5,2%	11,6%	29,4%	34,9%	17,7%
7	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,1%	1,1%	11,6%	28,4%	27,4%	30,5%
Yfirfærsluhluti										
0	62,5%	12,5%	0,0%	0,0%	0,0%	12,5%	0,0%	0,0%	0,0%	12,5%
1	12,5%	0,0%	0,0%	37,5%	12,5%	25,0%	12,5%	0,0%	0,0%	0,0%
2	0,0%	4,4%	4,4%	13,0%	8,7%	17,4%	13,0%	21,7%	17,4%	0,0%
3	0,0%	3,7%	2,4%	3,7%	4,9%	17,1%	23,2%	29,3%	11,0%	4,9%
4	0,0%	1,1%	1,5%	3,7%	5,5%	10,0%	25,5%	28,0%	19,6%	5,2%
5	0,0%	0,4%	0,4%	1,6%	5,3%	6,8%	17,2%	38,0%	22,2%	8,2%
6	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	3,4%	5,5%	13,2%	34,1%	29,3%	13,7%
7	0,0%	0,7%	0,7%	1,3%	1,3%	5,9%	11,8%	26,1%	31,4%	20,9%
8	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	9,1%	27,3%	36,4%	27,3%

Viðauki II: Könnunarspurningar



Könnun um enskufærni og viðhorf til ensku

Þetta er könnun um viðhorf til enskukunnáttu Íslendinga og skilningsmat. Ekki verður hægt að rekja svörin til baka til ákveðins einstaklings og nöfn verða ekki skráð.

*Required

Sjálfsmat

Veldu þau svör sem þér finnst eiga best við um þig

Mér finnst færni mín í að tala ensku... *

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
mjög slök	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	eins og hjá innfæddum

Mér finnst færni mín í að skilja talaða ensku... *

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
mjög slök	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	eins og hjá innfæddum

Mér finnst færni mín í í að lesa ensku... *

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
mjög slök	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	eins og hjá innfæddum

Mér finnst færni mín í að skrifa ensku... *

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
mjög slök	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	eins og hjá innfæddum

Hvaða mállýsku(r) af ensku finnst þér auðveldast að skilja? *

- Áströlsk enska
- Bandarísk enska
- Ensk enska
- Írsk enska
- Skosk enska
- Other: _____

Hvaða mállýsku(r) af ensku finnst þér erfiðast að skilja? *

- Áströlsk enska
- Bandarísk enska
- Ensk enska
- Írsk enska
- Skosk enska
- Other: _____

Mér finnst erfitt að skilja fólk sem hefur ekki ensku að móðurmáli þegar það talar ensku *

	1	2	3	4	5	
Mjög ósammála	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög sammála

Mér finnst mikilvægt að kunna góða ensku *

	1	2	3	4	5	
Mjög ósammála	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög sammála

Af hverju svaraðirðu síðustu spurningunni eins og þú gerðir?

Þessi spurning er valfrjáls.

Your answer

Mér finnst Íslendingar tala góða ensku miðað við aðrar þjóðir *

*

	1	2	3	4	5	
Mjög ósammála	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög sammála

Ég segist tala betri ensku en mér finnst ég geta talað í raun og veru *

	1	2	3	4	5	
Mjög ósammála	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög sammála

Mér finnst ég verða fyrir félagslegum þrýstingi að kunna ensku vel *

	1	2	3	4	5	
Mjög ósammála	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög sammála

Mat á skilningi í ensku

Veldu íslensku setninguna sem þér finnst passa best við merkingu ensku setningarinnar (eða þann hluta hennar sem er ekki innan sviga). Vinsamlegast EKKI gúgla eða nota hjálpargögn svo sem orðabækur.

„We go to Spain in three weeks“ *

- Við förum til Spánar í þrjár vikur
- Við förum til Spánar eftir þrjár vikur
- Ég skil ekki þessa setningu

„I need to switch carriers (this one's not working for me)“ *

- Ég þarf að skipta um símafyrirtæki
- Ég þarf að skipta um starfsferil
- Ég skil ekki þessa setningu

„(Personally I think) going skiing this time of year's a daft idea“

*

- Það er snilldarhugmynd að fara á skíði á þessum tíma árs
- Það er asnaleg hugmynd að fara á skíði á þessum tíma árs
- Ég skil ekki þessa setningu

„Get out of the way, stop being so awkward!“ *

- Hættu að vera svona vandræðalegur!
- Hættu að vera svona erfiður!
- Ég skil ekki þessa setningu

„U.S. politicians are chomping at the bit to legalise medical marijuana“ *

- Bandarískir þingmenn hafa lagt mikið kapp á að lögleiða kannabisnotkun í lækningaskyni
- Bandarískir þingmenn eru algerlega á móti því að lögleiða kannabisnotkun í lækningaskyni
- Bandarískir þingmenn eru reiðir yfir hugmyndinni að lögleiða kannabisnotkun í lækningaskyni
- Ég skil ekki þessa setningu

„Industrious students have the best chance of succeeding in life“ *

- Nemendur sem vinna við iðnaðarstörf eru líklegastir til að ná langt í lífinu
- Duglegir nemendur eru líklegastir til að ná langt í lífinu
- Glöggir nemendur eru líklegastir til að ná langt í lífinu
- Ég skil ekki þessa setningu

„Iceland’s burgeoning tourist industry spells trouble for the future“ *

- Stöðugur vöxtur í ferðapjónustu á Íslandi veit ekki á gott fyrir framtíðina
- Stöðnun í ferðapjónustu á Íslandi veit ekki á gott fyrir framtíðina
- Samdráttur í ferðapjónustu á Íslandi veit ekki á gott fyrir framtíðina
- Ég skil ekki þessa setningu

Mat á ísl-ensku

Sumar þessara setninga eru góð og gild enska en aðrar ekki. Metið hverja setningu eftir því hvort ykkur finnst hún ganga í ensku.

„I eat never fish“ *

- Mér finnst þetta vera eðlileg ensk setning
- Mér finnst þetta ekki vera eðlileg ensk setning
- Ég veit ekki

„Claire said up her job contract just like that“ *

- Mér finnst þetta vera eðlileg ensk setning
- Mér finnst þetta ekki vera eðlileg ensk setning
- Ég veit ekki

„The chef only uses the very best raw materials in her dishes“

*

- Mér finnst þetta vera eðlileg ensk setning
- Mér finnst þetta ekki vera eðlileg ensk setning
- Ég veit ekki

„We’ve done up the house twice since we bought it“ *

- Mér finnst þetta vera eðlileg ensk setning
- Mér finnst þetta ekki vera eðlileg ensk setning
- Ég veit ekki

„It was danced all night long“ *

- Mér finnst þetta vera eðlileg ensk setning
- Mér finnst þetta ekki vera eðlileg ensk setning
- Ég veit ekki

„It’s all the same to me whether we walk or cycle“ *

- Mér finnst þetta vera eðlileg ensk setning
- Mér finnst þetta ekki vera eðlileg ensk setning
- Ég veit ekki

„Iceland produces one of the best beer in the world“ *

- Mér finnst þetta vera eðlileg ensk setning
- Mér finnst þetta ekki vera eðlileg ensk setning
- Ég veit ekki

„Who do you think that owns the car?“ *

- Mér finnst þetta vera eðlileg ensk setning
- Mér finnst þetta ekki vera eðlileg ensk setning
- Ég veit ekki

Um þig

Kyn *

- Karl
- Kona
- Annað

Aldurshópur *

Choose ▼

Menntunarstig *

- Grunnskóli
- Framhaldsskóli
- Grunnám í háskóla (BA, BSc, o.s.frv.)
- Meistaragráða
- Doktorsgráða

Hvaða tungumál talar þú fyrir utan ensku og íslensku (ef einhver)? *

- Danska
- Norska
- Sænska
- Pólska
- Þýska
- Franska
- Spænska
- Tælenska
- Kínverska
- Annað

Hefur þú einhvern tímann búið í enskumælandi landi (miðað við 6 mánaða eða lengri dvöl)? *

- Já
- Nei

Ef svo er, hversu lengi?

Choose ▼

Takk fyrir þátttökuna!

Viðauki III: Forkönnun fyrir innfædda enskumælandi málhafa



Survey for native English speakers

This short survey is to assess native English speakers' ability to understand grammatical constructions and vocabulary, and will be used as a control to assess non-native speakers' abilities. The survey is completely anonymous

*Required

English comprehension test

Choose the answer you think best describes the meaning of each sentence. Use of dictionaries or other learning aids is NOT permitted

“We go to Spain in three weeks” *

- In three weeks' time, we're going to Spain
- We're going to spend three weeks in Spain
- I don't understand the sentence

“I need to switch carriers, this one's not working for me” *

- I need to change phone companies, this one's not working for me
- I need a new job, this one's not working for me
- I don't understand the sentence

“Adrian is so stressed about the journey” *

- Adrian is very nervous about the journey
- Adrian is experiencing a lot of stress because of the journey
- I find both options equally valid
- I don't understand the sentence

“U.S. politicians are chomping at the bit to legalise medical marijuana” *

- U.S. politicians are very enthusiastic about legalising medical marijuana
- U.S. politicians are strongly opposed to legalising medical marijuana
- U.S. politicians are very angry about legalising medical marijuana
- I don't understand the sentence

“Industrious students have the best chance of succeeding in life” *

- Students working in industrial jobs have the best chance of succeeding in life
- Hard-working students have the best chance of succeeding in life
- Intelligent students have the best chance of succeeding in life
- I don't understand the sentence

“London’s burgeoning tourist industry spells trouble for the future” *

- London’s growing tourist industry spells trouble for the future
- London’s stagnating tourist industry spells trouble for the future
- London’s receding tourist industry spells trouble for the future
- I don’t understand the sentence

English acceptability test

Read each sentence and choose whether you think it sounds like a natural English sentence or not

“Claire said up her job contract just like that” *

- I think this a natural English sentence
- I don’t think this a natural English sentence
- I don’t understand the sentence
- I’m not sure

“The chef only uses the very best raw materials in her dishes”

*

- I think this a natural English sentence
- I don’t think this a natural English sentence
- I don’t understand the sentence
- I’m not sure

“We’ve done up the house twice since we bought it” *

- I think this a natural English sentence
- I don’t think this a natural English sentence
- I don’t understand the sentence
- I’m not sure

“It was danced all night long” *

- I think this a natural English sentence
- I don’t think this a natural English sentence
- I don’t understand the sentence
- I’m not sure

“It’s all the same to me whether we walk or cycle” *

- I think this a natural English sentence
- I don’t think this a natural English sentence
- I don’t understand the sentence
- I’m not sure

“Iceland produces one of the best beer in the world” *

- I think this a natural English sentence
- I don’t think this a natural English sentence
- I don’t understand the sentence
- I’m not sure

“Who do you think that owns the car?” *

- I think this a natural English sentence
- I don't think this a natural English sentence
- I don't understand the sentence
- I'm not sure

About you

Gender *

- Male
- Female
- Other

Age group *

Choose ▼

Education level *

- Primary school
- Secondary school/high school
- Bachelor's degree
- Master's degree
- PhD

What dialect of English do you speak natively? *

- American English
- Australian English
- English English
- Irish English
- Scottish English
- Other

If you marked "Other", what dialect of English is it that you speak natively?

Your answer

Thanks for taking part!

 Page 1 of 1

SUBMIT

Never submit passwords through Google Forms.

This content is neither created nor endorsed by Google. [Report Abuse](#) - [Terms of Service](#) - [Additional Terms](#)

Google Forms

